# FRÉTTABLAÐIÐ

293. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 12. DESEMBER 2018




Theresa May og Angela Merkel hittust í Berlín í gær. May flakkaði um meginlandið til þess að ræða við leiðtoga um Brexit-samninginn. Hún reynir nú að bjarga samningnum sem kemst ekki í gegnum þingið. Heima bíður ósátt þing og flokkur. Nánar er fjallað um Brexit á síðu 10. NORDICPHOTOS/GETTY









# Hunsaði viðvaranir sérfræðinga

**Sérfræðingar í sjávarútvegsráðuneytinu töldu liklegt að veiðistjórnunarkerfi makríls stæðist ekki skoðun dómstóla ef til málareksturs kæmi.**

**STJÓRNSÝSLA** Sérfræðingar auðlindaskrifstofu sjávarútvegsráðuneytisins vöruðu Jón Bjarnason, þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, við því að fyrirhuguð reglugerð um veiðistjórnun á makríl bryti í bága við ákvæði úthafsveiðilaganna. Þetta kemur fram í undirbúningsgögnum fyrir setningu reglugerðarinnar sem Fréttablaðið fékk aðgang að í krafti upplýsingalaga.

Fyrirkomulaginu var komið á fót árið 2010 og hefur það verið við lýði síðan þá. Hæstiréttur dæmdi fyrirkomulagið ólögmætt í síðustu viku og féllst á viðurkenningarkröfu tveggja útgerða, Ísfélags Vestmannaeyja (ÍV) annars vegar og Hugins hins vegar, til skaðabóta. Tvær útgerðir til viðbótar, Vinnslustöðin (VSV) og Eskja, eiga sams konar mál fyrir héraðsdómi. Meðferð þeirra mála var frestað meðan dóms Hæstaréttar var beðið.



Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Minnisblað

| | |
|---|---|
| Viðtakandi: | Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra |
| Sendandi: | Hrefna Gísladóttir og Steinar I. Matthíasson |
| Dagsetning: | 31.03.2010 |
| Málsnúmer: | SLR09110177 |
| Bréfalykill: | 3.2.7 |

Efni: Veiðistjórnun á makríl 2010

Auðlindaskrifstofu hefur verið falið að skrifa reglugerð um veiðistjórnun á makríl á árinu 2010 sem byggir á því að skip sem stundað hafa makrílveiðar fái tiltekið magn sem því er heimilt að veiða, sem byggist á veiðireynslu þess. Um er að ræða að sett er hámark leyfilegs makrílafla fyrir hvert skip með veiðireynslu án þess að um úthlutun aflahlutdeildar sé að ræða. Enn fremur að gert sé ráð fyrir því að nokkru magni (18.000 lestir) verði ráðstafað til þeirra sem ekki hafa stundað makrílveiðar. Gert er ráð fyrir að veiðar á línu og handfæri, í net og í gildrur séu frjálsar en veiðar annarra skipa verði bundnar við tiltekið magn.

Meðfylgjandi drög að reglugerð hafa verið unnin með þessi atriði að leiðarljósi. Að meginstefnu er byggt sérstakri heimild ráðherra sem fram kemur í 4. gr. laga nr. 151/1996 ásamt þeim meginsjónarmiðum sem fram koma í 6. mgr. 5. gr. sömu laga við skiptingu afla. Auk þess er með tilliti til almannahagsmuna, í ljósi þess að makríll hefur einungis veiðst í íslenskri lögsögu í nokkur ár, nokkru magni ráðstafað til þeirra sem ekki hafa áður stundað veiðar á makríl. Er þeim gefinn kostur á að veiða makríl með það að markmiði að þróa frekar nýjungar við veiðar og vinnslu á makríl.

Mikilvægt er að ráðherra sé ljóst að við setningu reglugerðar af þessu tagi er verið að teygja sig mjög langt við túlkun heimildar þeirrar sem ráðherra hefur skv. 4. gr. laga nr. 151/1996. Þá er rétt að taka fram að undanþáguákvæði 5. mgr. 4. gr. laganna á tæpast við nú í ljósi stöðu Íslands á vettvangi NEAFC þar sem Ísland er nú orðinn fullgildur aðili í viðræðum um framtíðarstjórn makrílveiða og eru Íslendingar sammála um aðgerðir til að stemma stigu við veiðum 3ju ríkja á úthafinu meðan viðræður meðal samningsríkja eiga sér stað.

Þær leiðir sem lög gera ráð fyrir við veiðistjórnun er annars vegar að aflahlutdeild verði úthlutað á skip, sbr. 5. gr. laga nr. 151/1996 og hins vegar að ráðherra kveði á um hámark leyfilegs heildarafla og í þeim tilvikum er sóknin frjáls.

**Verði látið á það reyna hjá umboðsmanni alþingis eða fyrir dómstólum er mjög líklegt að niðurstaðan verði sú að ráðherra hafi gengið lengra við setningu reglugerðar en lög heimila.**

„Mikilvægt er að ráðherra sé ljóst að við setningu reglugerðar af þessu tagi er verið að teygja sig mjög langt við túlkun heimildar þeirrar sem ráðherra hefur skv. 4. gr. [úthafsveiðilaga],“ segir í minnisblaði tveggja þáverandi sérfræðinga sjávarútvegsráðuneytisins frá 2010. „Verði látið á það reyna hjá umboðsmanni Alþingis eða fyrir dómstólum er mjög líklegt að niðurstaðan verði sú að ráðherra hafi gengið lengra við setningu reglugerðar en lög heimila.“



Jón Bjarnason, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra.

ÍV og Huginn fóru þess á leit við Deloitte að fyrirtækið áætlaði fjártjón þeirra vegna fyrrgreindra veiðiára. Var það allt að 2,3 milljarðar í tilfelli ÍV en 365 milljónir í tilfelli Hugins. Ekki liggur fyrir áætlað tjón Eskju og VSV. Þá er ljóst að önnur útgerðarfyrirtæki í sömu stöðu geta byggt á dómi Hæstaréttar vegna tjóns fjögur ár aftur í tímann. Hér hefur ekki verið tekið tillit til mögulegra dráttarvaxta. **– jóe /** **sjá síðu 6**

## Ágúst brást trausti með yfirlýsingu

**STJÓRNMÁL** „Ég trúði því að Ágúst Ólafur hefði sent þessa yfirlýsingu út í samráði við brotaþola, og það var það sem mér var sagt þegar ég frétti af þessu rétt áður en yfirlýsingin var send út. Auðvitað hryggir það mig mjög að svo hafi ekki verið.“ Þetta segir Inga Björk Bjarnadóttir, formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingar. Hún segir Ágúst hafa brugðist trausti sínu.



Ágúst Ólafur Ágústsson.

Bára Huld svaraði í gær rangfærslum í yfirlýsingu Ágústs en hann hefur gengist við því að hafa áreitt hana með því að hafa endurtekið, og í óþökk hennar, reynt að kyssa hana. Hann hafi niðurlægt hana með móðgandi athugasemdum um útlit hennar og vitsmuni.

**– sa /** **sjá síðu 2**

## Eftirbátar Norðmanna í netverslun

**VIÐSKIPTI** „Íslendingar eru að mínu mati tíu árum á eftir Norðmönnum og Dönum í netverslun. Ef haldið er rétt á spöðunum gætum við verið á pari við þá eftir tvö til fjögur ár,“ segir Diðrik Örn Gunnarsson, stjórnandi stafrænnar þjónustu hjá MediaCom Íslandi.



Á undanförnum tólf mánuðum hafa 55 prósent Íslendinga verslað á netinu, samkvæmt nýrri könnun Zenter rannsókna. „Til samanburðar versluðu þrír af hverjum fjórum Norðmönnum á netinu á síðasta ári, samkvæmt rannsókn Verslunarráðs Noregs. Þetta ætti að vekja verslunarmenn af værum blundi,“ segir hann.

**– hvj /** **sjá Markaðinn**







## Veður




Sunnan strekkingur og væta með köflum, en þurrt á Norður- og Austurlandi. Hiti 7 til 14 stig, hlýjast fyrir norðan. Úrkomulítið og kólnandi veður. SJÁ SÍÐU 20

# Styrktu Hjálparstarf kirkjunnar




**Grýla og sjö jólasveinar af þrettán héldu blaðamannafund á Rakarastofunni á Dalbraut í gær þar sem þeir afhentu Hjálparstarfi kirkjunnar rúmlega milljónar króna styrk fyrir hönd Jólasveinaþjónustu Skyrgáms.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir af fundi jólasveinanna og Grýlu er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**



**Bergþór Ólason, einn af fjórum Miðflokksmönnum á upptökum Báru.**

## Bára kölluð í skýrslutöku

**ALÞINGI** Bára Halldórsdóttir, sem tók upp samtal sex þingmanna á barnum Klaustri í miðborg Reykjavíkur í nóvember, var í gær boðuð í skýrslutöku í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 17. desember næstkomandi.

Dómstóllinn sendi bréfið að beiðni Reimars Péturssonar, lögmanns fjögurra þingmanna Miðflokksins sem heyrðist í á upptökum Báru.

> Hefst þá dansinn.
>
> Bára Halldórsdóttir

„Meðfylgjandi beiðni verður ekki skilin öðruvísi en svo að dómsmál kunni að verða höfðað á hendur þér í kjölfar umbeðinnar gagnaöflunar," segir í bréfinu. Undir það ritar Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari.

Bára birti mynd af bréfinu á Facebook í gærkvöld. „Hefst þá dansinn," ritaði Bára með færslunni.

Á upptökum Báru heyrast nokkrir þingmenn fara ófögrum orðum um kollega sína og aðra einstaklinga. Gunnar Bragi Sveinsson og Bergþór Ólason, þingmenn Miðflokksins, fóru í leyfi eftir að málið komst í hámæli.

Bára hefur afhent siðanefnd Alþingis upptökurnar. Klaustursupptökurnar verða fyrsta málið sem ratar á borð nefndarinnar. – **bg**

## Skotárás í Strassborg

**FRAKKLAND** Að minnsta kosti tvennt var myrt og tíu særðust í skotárás í frönsku borginni Strassborg í gærkvöldi. Lögregla sagði frá því að hún hefði borið kennsl á meintan árásarmann og að leit að honum stæði yfir. Hann hafði ekki fundist þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Innanríkisráðuneyti Frakklands sagði að um alvarlega ógn við öryggi íbúa væri að ræða. Fólk ætti því að halda sig innandyra. Samkvæmt BBC var árásin gerð á jólamarkaði á Kleber-torgi í miðborginni og var svæðinu lokað í kjölfarið. Þaðan á árásarmaðurinn að hafa gengið upp Grand'Rue, eina stærstu verslunargötu borgarinnar.

France 24 greindi frá því að hryðjuverkavarnir Frakklands væru að rannsaka árásina. Ekki liggur þó fyrir hvort um hryðjuverk hafi verið að ræða. – **þea**

# Tilkynning Ágústs ekki gerð í sátt við brotaþola

**Ágúst Ólafur Ágústsson tjáði innsta valdakjarna í Samfylkingunni að tilkynningin væri send út með vitund og samþykki brotaþola síns. Annað kom á daginn. Formaður framkvæmdastjórnar flokksins telur hann hafa brotið á trausti.**

**STJÓRNMÁL** Inga Björk Bjarnadóttir, formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar, segir Ágúst Ólaf Ágústsson, þingmann flokksins, hafa sagt sér ósatt um að tilkynning hans hefði verið skrifuð og send í fullu samráði við Báru Huld Beck. Bára svaraði í gær rangfærslum sem komu fram í tilkynningu sem Ágúst birti fyrir helgi, eftir að trúnaðarnefnd Samfylkingar áminnti hann fyrir að áreita Báru.

Inga Björk tekur afstöðu með brotaþolanum. „Ég trúði því að Ágúst Ólafur hefði sent út þessa yfirlýsingu í samráði við þolanda og það var það sem mér var sagt þegar ég frétti af þessu rétt áður en yfirlýsingin var send út. Auðvitað hryggir það mig mjög að svo hafi ekki verið," segir hún. „Auðvitað brýtur Ágúst Ólafur mitt traust sem formanns framkvæmdastjórnar, þegar mér er sagt að tilkynningin hafi verið send út í samráði við þolanda."

Margir hafa gagnrýnt þá stöðu að Samfylkingin skuli rannsaka mál sem varði hana sjálfa og hvort trúnaðarnefndin sé hlutlaus. Inga Björk bendir á að nefndin er samansett af sérfræðingum og sé hlutlaus aðili. Hins vegar verði verkferlar skoðaðir nú í kjölfar þessa máls en hún segist alltaf taka afstöðu með brotaþolum í málum sem þessum. „Við erum að koma út úr þessari Metoo-byltingu og ég held að öll félagasamtök og fyrirtæki viti ekki hvernig eigi að takast á við svona mál. Við erum að læra það sem samfélag," segir hún.

Logi Einarsson, formaður flokksins, var upplýstur um málið af Báru sjálfri. Auk þess liggja málavextir fyrir í skýrslu nefndarinnar. Ágúst gekkst við hegðan sinni fyrir nefndinni, sem fólst í því að hafa endurtekið, og í óþökk Báru reynt að kyssa hana á vinnustað hennar. Hann hafi niðurlægt hana með móðgandi athugasemdum um útlit hennar og vitsmuni.



**Inga Björk Bjarnadóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Auðvitað brýtur Ágúst Ólafur mitt traust sem formanns framkvæmdastjórnar.
>
> Inga Björk Bjarnadóttir, formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingar

„Ágúst er ágætis liðsfélagi minn og við höfum átt gott samstarf. Það er einmitt þess vegna sem það er mikilvægt að við höfum sett á laggirnar trúnaðarnefnd til að taka á málum. Þessi nefnd veitti Ágústi áminningu sem er mjög alvarlegt. Ég held við verðum að gefa honum ráðrúm til þess, svo sjáum við til," segir Logi.

Ekki náðist í Ágúst Ólaf við vinnslu fréttarinnar þrátt fyrir nokkra eftirleitan.

**sveinn@frettabladid.is**


Gjöfin sem gleður, mjúka gjöfin frá Lín Design




SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS



Það er mikilvægt fyrir þá sem hafa svona myndarlegt skegg að hugsa vel um það. Ljóst er að jólasveinarnir sem mættu á Rakarastofuna í gær eru með þetta alveg á hreinu. MYNDIR/FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Jólasveinar styrktu Hjálparstarf kirkjunnar

Grýla og sjö jólasveinar héldu blaðamannafund á Rakarastofunni á Dalbraut í gær. Jólasveinarnir léku á als oddi, snyrtu skeggin og afhentu Hjálparstarfi kirkjunnar milljónar króna styrk fyrir hönd Jólasveinaþjónustu Skyrgáms.










» Eins og sjá má skemmtu jólasveinarnir sér konunglega á Rakarastofunni.





HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
blómaval
Gildir einnig af jólaseríum og jólaskrauti
JÓLATRÉ AÐEINS Í DAG
25% afsláttur
• Normannsþinur
• Stafafura
• Rauðgreni
• Gervijólatré
• Jólaseríur
• Jólaskraut
• Jólavörur
Opið til 21:00 í kvöld
• Skútuvogur
• Grafarholt
• Akureyri
• Selfoss
Dagskrá í kvöld í eftirtöldum verslunum
Skútuvogur
Jólahlaðborð í Skútuvogi frá kl. 17-20
Aðeins: 1.990 kr.
Börn: 1.190 kr.
Heitt kakó og piparkökur
Kakó og pipakökur í jólatrjáaskóginum í Skútuvogi.
Selfoss
Jólasveinar á Selfossi
Kíkja í heimsókn kl. 19-20
Grafarholt
Lifandi tónlist í Grafarholti
Kaleb spilar notarlega jólatónlist frá kl. 18-21.
Akureyri
Jólasveinar á Akureyri
Jólasveinar koma í heimsókn kl:19:30 til 20:30
Heitt kakó og piparkökur
fyrir gesti á meðan birgðir endast.
Húsasmiðjan og Blómaval ...gaman að gera fínt
husa.is
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

# Nauðgaði konu á klósetti Hressó

**DÓMSMÁL** Hemn Rasul Hamd var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir að nauðga konu á klósetti skemmtistaðarins Hressó í febrúar 2016.

Hamd játaði við aðalmeðferð málsins að hafa átt samfarir við konuna á klósettinu en hélt því fram að það hefði verið með vilja beggja. Var honum samkvæmt ákæru gefið að sök að hafa nauðgað konunni, beitt hana ofbeldi og notfært sér að hún gat ekki spornað gegn verknaðinum. Konan bar því þó við að hafa aðeins drukkið þrjá bjóra umrætt kvöld, einn í heimahúsi og tvo á skemmtistaðnum en að hafa fundið skyndilega verulega á sér eftir þann síðari. Vitni báru því öll við að ástand konunnar hefði ekki verið í samræmi við áfengisneyslu hennar og gefið í skyn að hugsanlega hefði konunni verið byrluð ólyfjan.

> Auk tveggja og hálfs árs fangelsisvistar þarf maðurinn að greiða konunni 1,5 milljónir í miskabætur

Dómurinn mat brotaþola hafa gefið staðfastan framburð, studdan öðrum sönnunargögnum og því bæri að sakfella Hamd. Auk refsingar þarf hann að greiða konunni 1,5 milljónir í miskabætur. – smj



Hressingarskálinn er við Austurstræti 20 í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Frumvarp um veiðigjöld samþykkt

**ALÞINGI** Frumvarp um veiðigjöld var afgreitt á Alþingi í gær en með lögunum er aðferðafræði við útreikning gjaldsins breytt. Verður gjaldtakan nú byggð á upplýsingum sem eru nær í tíma en áður.

Breytingartillaga Viðreisnar, Samfylkingarinnar, Pírata og Flokks fólksins var felld en hún gerði ráð fyrir að gildandi lög yrðu framlengd um eitt ár. Þannig gæfist meiri tími til að vinna málið betur. Alls greiddu 32 þingmenn atkvæði með frumvarpinu, 16 greiddu atkvæði gegn því og tíu greiddu ekki atkvæði.

Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, sagði að samþykkt málsins fæli í sér „mjög sérkennilega og jafnvel nöturlega afstöðu til hugmynda um réttlæti“. Verið væri að létta álögum af fyrirtækjum sem hefðu greitt mikinn arð á síðustu árum.


Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður atvinnuveganefndar, sagði að verið væri að „afkomutengja veiðigjöld í rauntíma og tryggja þjóðinni sanngjarna auðlindarentu af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar“. – sar

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

# Spyr um kjark ráðherra þegar komi að upptöku veggjalda

**Þingmenn stjórnarandstöðunnar gagnrýna að koma eigi veggjöldum inn í samgönguáætlun í miklum flýti. Ekkert liggi á og nauðsynlegt sé að ræða málið betur.**

**SAMGÖNGUR** „Við þurfum að fá að vita hvað meirihlutinn er að hugsa því ef það er ætlunin að þvinga þetta í gegn þá hefur það auðvitað áhrif á það hvernig við högum okkar þingstörfum,“ segir Hanna Katrín Friðriksson, þingflokksformaður Viðreisnar og fulltrúi í umhverfis- og samgöngunefnd, um breytingartillögu meirihluta nefndarinnar um að koma á veggjöldum.

Nefndin fundaði um málið í gærmorgun og aftur í kvöldverðarhléi þingfundar. Samkvæmt starfsáætlun á þingið að ljúka störfum fyrir jólafrí á föstudag og því ljóst að naumur tími er til stefnu.

Jón Gunnarsson, settur formaður nefndarinnar, sagði síðdegis í gær að enn væri verið að vinna að útfærslu þessara hugmynda. „Við erum að vinna í þessu nefndaráliti og erum að stefna að því að fara sem lengst með það í dag.“

Hanna Katrín segir að Viðreisn hafi það á stefnuskrá sinni að skoða gjaldtöku sem leið til að flýta samgönguframkvæmdum en segir ekkert liggja á nú.

„Þetta er samfélagsbreyting og ég vil bara fá tækifæri til að ræða við okkar bakland og kjósendur. Við erum með mjög einfalda kröfu um að málið verði saltað fram yfir áramót. Það breytir engu hvort þetta verði afgreitt í febrúar nema því að við getum rætt þetta í sátt.“


Gert er ráð fyrir að veggjöld verði tekin upp á öllum stofnleiðum til og frá höfuðborginni og í öllum jarðgöngum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hún segir að minnihlutinn eigi erfitt með að setja sig inn í málið því á hverjum fundi komi uppfært skjal frá meirihlutanum. Þá liggi ekki nákvæmlega fyrir hvert fjármunirnir fari.

Björn Leví Gunnarsson, fulltrúi Pírata í nefndinni, segir að um sé að ræða svo mikla breytingu að hann telji að um nýtt þingmál sé að ræða.

„Þetta er sett fram sem hluti af nefndaráliti meirihlutans sem við getum ekki gert breytingartillögur við. Þarna eru fullmótuð tilmæli til ráðherra um hvernig eigi að haga veggjöldum. Það stendur til að setja á veggjöld á allar stofnbrautir út úr Reykjavík, öll jarðgöng og vegna einstaka framkvæmda.“ Til standi að fjármagna 76-77 milljarða framkvæmdir með veggjöldum fram til ársins 2033.

„Ráðherrann kallar eftir kjarki og þori til að klára þetta. Hvers konar kjarkur og þor er það hjá honum að láta okkur gera þetta?“

sighvatur@frettabladid.is

### FÍB: Stórfelldar skattahækkanir

„Við gerum mjög alvarlegan fyrirvara við þetta enda um stórfellda skattahækkun að ræða ef af verður. Fyrir utan að þarna eru alls konar töfralausnir boðaðar en enginn kostnaður nefndur,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB.

Hann bendir á að samkvæmt samgönguáætlun sé gert ráð fyrir að verja 29 milljörðum í nýframkvæmdir og viðhald en að ríkið innheimti um 80 milljarða af bílum og umferð árlega. „Þar af eru 40 milljarðar í notendagjöld af bifreiðum og við teljum eðlilegt að þessum fjármunum verði varið til vegaframkvæmda.“

Þá hefur hann áhyggjur af kostnaði við eftirlit og innheimtu veggjalda. „Hver króna er svo illa nýtt í svona kerfi, sérstaklega þegar þú ert með svona fáa notendur.“

Rúnar Garðarsson, formaður hópbílanefndar SAF, segir að ekkert samtal hafi átt sér stað við stjórnvöld um hugmyndir um veggjöld. „Ég lýsi yfir miklum áhyggjum af þessum hugmyndum. Öll svona gjöld þýða auðvitað aukinn kostnað.“






Eyrnakonfekt
og tóntröll
Apple Airpods og Bose Quiet Comfort fyrir eyrun eða Soundboks krafthátalarnir fyrir partýið.
Þú getur meira um jólin með Símanum
Bose Quiet Comfort 35 II
46.990kr.
Airpods
24.990kr.
Soundboks Black Edition
134.990 kr.
Birt með fyrirvara um villur og verðbreytingar. Gildir meðan birgðir endast.
siminn.is/jol

# Jöfnunarsjóði verði ekki beitt til að þvinga fram sameiningu

**SVEITARSTJÓRNIR** Alvarlegar athugasemdir eru gerðar af hálfu sveitarstjórnar Langanesbyggðar við það markmið endurskoðaðrar reglugerðar um jöfnunarsjóð sveitarfélaga að sérstaklega eigi að styrkja millistór sveitarfélög með tilliti til mannfjölda en ekki landfræðilegrar stærðar.

Sveitarstjórnin segir mótsögn í því að ætla reglugerð að auka jöfnuð á milli sveitarfélaga en um leið að ætla reglugerðinni að styrkja millistór sveitarfélög sérstaklega og

> **Sameining sveitarfélaga getur verið góð og gild en það má ekki verða hlutverk jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að þvinga hana fram.**
>
> Sveitarstjórn Langanesbyggðar

draga úr neikvæðum áhrifum sameiningar sveitarfélaga.

„Sveitarstjórn Langanesbyggðar telur að áfram skuli nýta jöfnunarsjóð til jöfnunar á milli sveitarfélaga og er ósammála þeirri nálgun höfunda reglugerðarinnar að jöfnunarsjóður verði nýttur í þeim tilgangi að þvinga sveitarfélög til sameiningar,“ segir sveitarstjórnin í bókun.

Í bókuninni kemur fram að með breytingunni myndu framlög úr jöfnunarsjóðnum til Langanesbyggðar lækka vegna fjarlægðar innan sveitarfélagsins. Það sé ekki ásættanlegt enda hafi ekkert breyst í staðháttum né landfræðilegri legu sveitarfélagsins. **– gar**



**Þórshöfn er helsti þéttbýlisstaður Langanesbyggðar.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**Frá byggingu snjóflóðavarnar á Ísafirði.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Skógrækt losnar við stígagjald

**ÍSAFJÖRÐUR** Skógræktarfélag Ísafjarðar sleppur við að borga áður álagt framkvæmdagjald vegna stígagerðar.

„Stjórn félagsins var bæði og hugsandi yfir framkvæmdareikningi að upphæð 75.823 krónur þar sem félagið er í áhugamennsku að leggja stíg fyrir bæjarbúa,“ segir í bréfi skógræktarfélagsins þar sem skorað er á bæjaryfirvöld að endurskoða framkvæmdagjaldið. „Stígurinn er um 500 metra langur og tengir gönguleið frá snjóflóðavörnum ofan Seljalandsvegar við göngustíga í Seljalandi.“

Bæjarráð ákvað að fella gjaldið niður. **– gar**

## Yngri en átján ára fá frítt í sund

**LÝÐHEILSA** Frá áramótum fá yngri en átján ára frítt í sund í Kópavogi. Þetta var samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs. Í dag kostar 150 krónur í sund fyrir þennan aldurshóp. Í tilkynningu frá bænum segir Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri að þetta falli vel að áherslum bæjarins á fjölskyldu- og lýðheilsumál.

„Frítt verður í sund fram að átján ára afmælisdegi. Undanfarin ár hefur aðgangur í sund verið án endurgjalds fyrir yngri en 10 ára. Þá er sund fyrir eldri borgara án endurgjalds.“ **– gar**

# Blikur á lofti eftir makríldóma

**Sjávarútvegsráðherra segir að unnið verði hratt og örugglega að því að nýtt veiðistjórnunarkerfi makríls verði tilbúið áður en vertíð hefst. Núverandi kerfi er í andstöðu við lög og ríkið bótaskylt vegna þess.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Fjölmörgum spurningum er ósvarað eftir niðurstöðu Hæstaréttar í málum Ísfélags Vestmannaeyja (ÍV) og Hugins gegn íslenska ríkinu. Að mati dómsins voru veiðistjórnunarreglugerðir makríls í andstöðu við lög og ríkið bótaskylt vegna tjóns sem af hlaust.

Veiðistjórnunarkerfi makríls var leitt í rétt árið 2010. Fól það í sér að stærstum hluta aflans, eða 86 prósentum, var ráðstafað til skipa sem veiddu makríl í flottroll eða nót árin 2007-2009, svokallaðra aflareynsluskipa. Rúm tvö prósent fóru til línu- og handfærabáta og afgangurinn til skipa sem í hvorugan flokkinn féllu.

Ári síðar var hlutfall aflans til aflareynsluskipa 72 prósent og hefur það síðan þá verið á bilinu 69,8-72,3 prósent. ÍV og Huginn töldu hins vegar að samfelld veiðireynsla á makríl, í skilningi laga um veiðar utan lögsögu Íslands, hefði náðst á árunum 2008-2010 og því hefði borið að úthluta kvóta á skip í samræmi við veiðireynslu þeirra ára.

Afleiðingin er sú að frá árinu 2011 hafa aflareynsluskip getað veitt mun minna en þeim var heimilt lögum samkvæmt. Í tilfelli ÍV var hlutfall útgerðarinnar í heildarafla tímabilsins 2011-2014 um tólf prósent en hefði með réttu átt að vera þremur prósentum hærra.

Mál ÍV og Hugsins tók til veiðiáranna 2011-2014 en tvö sams konar mál bíða úrlausnar í héraði. Fastlega má gera ráð fyrir að útkoma þeirra verði á sama veg og í fyrri málunum tveimur. Fyrningarfrestur krafna er fjögur ár og eftir stendur því spurningin hvort útgerðir annarra aflareynsluskipa geti gert kröfu á ríkið vegna tjóns sem af hlaust síðustu fjögur ár.

Í október 2009 var kveðinn upp dómur í Hæstarétti þar sem útgerð



**Frá makrílveiðum um borð í Hugin VE 55 en útgerð skipsins lagði ríkið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

> **Ég fundaði með ríkislögmanni í gær og fór yfir dóminn.**
>
> Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

fór fram á bætur vegna ólögmætrar úthlutunar aflamarks í skötusel árið 2001. Fyrirkomulagið hafði verið dæmt ólögmætt árið 2006 en hlutaðeigandi útgerð setti fyrst fram kröfu um bætur eftir að fyrri dómur Hæstaréttar féll. Var útgerðin ekki talin hafa sýnt af sér tómlæti og því var fallist á kröfur hennar.

Verði hið sama uppi á teningnum nú gæti ríkið mögulega þurft að greiða útgerðunum háar fjárhæðir í bætur. Sú upphæð er háð talsverði óvissu enda erfitt að leggja mat á tapið. Aðilar sem Fréttablaðið hefur rætt við slumpa á að líklegt sé að það verði á annan tug milljarða.

Árið 2015 lagði þáverandi sjávarútvegsráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, fram frumvarp til að taka á ólögmæti kerfisins en það var meðal annars gert eftir að umboðsmaður Alþingis skilaði áliti þar sem fram kom að lögum hefði ekki verið fylgt við setningu þess. Það frumvarp mætti mikilli andstöðu, sem birtist meðal annars í undirskriftasöfnuninni Þjóðareign, og náði ekki fram að ganga. Þá liggur ekki fyrir hvernig veiðistjórnunarkerfi makríls verður háttað til framtíðar.

„Ég fundaði með ríkislögmanni í gær og fór yfir dóminn, forsendur hans og álitamál varðandi veiðistjórnunina. Það tekur tíma að fara í gegnum þetta allt en við munum þurfa að vinna þetta hratt og örugglega svo nýtt kerfi verði tilbúið áður en vertíðin hefst,“ segir Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra. **joli@frettabladid.is**







BOSCH
**Matvinnsluvél**
MCM 4000
700 W. Tætir, raspar, rífur, þeytir og sker. Fylgihlutir: Fjölnota hnífur, þeytari og rifjárn. Örugg í notkun: Fer aðeins í gang þegar lok er í læstri stöðu.
Jólaverð:
**13.900 kr.**
Fullt verð: 19.900 kr.



**Rommelsbacher Vöfflujárn**
WA 1000/E
1000 W. Viðloðunarfrítt yfirborð. Vandað og gott vöfflujárn.
Jólaverð:
**8.900 kr.**
Fullt verð: 11.900 kr.



**Profi Cook Brauðrist**
PC-TA 1073
1500 W. Stál. Tekur fjórar brauðsneiðar. Stiglaus stilling. Þíðingaraðgerð.
Jólaverð:
**7.900 kr.**
Fullt verð: 9.900 kr.

Jólabæklingur okkar er kominn út.
**Fjöldi glæsilegra tækja á jólaverði.**

**SMITH & NORLAND**
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is


Notaleg jólastemning
í Garðheimum
20% AFSLÁTTUR AF NORDMANNSÞIN OG LJÓSASERÍUM
ÚRVAL FALLEGRA JÓLATRJÁA
NORDMANNSÞINUR, FURA, RAUÐGRENI OG NOBILIS
VERÐ FRÁ 2.790KR
20%
af jólatrésskrauti
FALLEGAR
JÓLAGJAFIR
Tilboð gilda til 14. desember
OPIÐ TIL KL 22:00
FRAM AÐ JÓLUM
GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is
HEITT KAKÓ
Í JÓLATRJÁASKÓGINUM



Landamæraveggurinn var helsta kosningaloforð Donalds Trump.

## Hótar lokun vegna veggjarins

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, fékk Nancy Pelosi og Chuck Schumer, leiðtoga Demókrata í fulltrúa- og öldungadeild þingsins, á sinn fund í gær til þess að ræða um fjármögnun fyrir byggingu veggjar á landamærunum við Mexíkó. Trump fer fram á fimm milljarða dala viðbót en Demókratar virðast ekki ætla að láta það eftir forsetanum enda lengi talað gegn veggnum.

Byggingin var helsta kosningaloforð Trumps í forsetakosningabaráttunni. Þá sagði hann reyndar að Mexíkó myndi að lokum greiða fyrir byggingu veggjarins. Hann hefur þó ekki útskýrt þá hugmynd.

> **Ég yrði stoltur af því að loka alríkisstjórninni í þágu öryggis á landamærunum.**
>
> Donald Trump, forseti Bandaríkjanna

Samkvæmt breska ríkisútvarpinu var mikil togstreita á fundinum. Demókratarnir komu því á framfæri að fimm milljarðar væri of mikið. Náist ekki að koma málinu í gegnum þingið er hins vegar ljóst að alríkisstjórninni, það er öllum þeim stofnunum sem hún rekur, kunni hreinlega að verða lokað.

„Ef við fáum ekki það sem við viljum, hvort sem herinn eða þið eða einhver annar hjálpar okkur, þá mun ég loka alríkisstjórninni. Og ég yrði stoltur af því að loka alríkisstjórninni í þágu öryggis á landamærunum. Ég skal taka það á mig. Ég skal vera sá sem lokar,“ sagði Trump á fundinum. – **þea**

# Vaxtakostnaður 700 milljónir

**Vaðlaheiðargöng verða opnuð 12. janúar en vonast er til að umferð verði hleypt um göngin fyrir jól. Áætlað er að kostnaður við verkið endi í um 17 milljörðum króna. Vaxtakostnaður mun nema hundruðum milljóna króna.**



Göngin opna 12. janúar næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN




**SAMGÖNGUR** Vaxtakostnaður vegna Vaðlaheiðarganga verður um 700 milljónir á næstu árum ef marka má orð formanns stjórnar Vaðlaheiðarganga hf. um framvindu verkefnisins. Opna á göngin formlega þann 12. janúar næstkomandi en forsvarsmenn ganganna vonast eftir að geta hleypt umferð um göngin fyrir jól.

Stjórn Vaðlaheiðarganga kynnti veggjaldafyrirkomulag ganganna á fundi í gær. Stakt gjald fyrir fólksbifreið mun verða 1.500 krónur en ódýrast verður að kaupa hundrað ferðir á 700 krónur ferðina. Gjald fyrir stórar bifreiðar, yfir 3.500 kíló, verður 6.000 krónur.

Ekki verður mönnuð gjaldstöð í göngunum heldur verður ný tækni notuð þar sem hægt er að kaupa staka ferð í gegnum snjallforrit. Einnig er hægt að skrá sig í áskrift og kaupa ferðir fyrirfram á vefsíðu fyrirtækisins, veggjald.is. Hver einstaklingur getur skráð sig fyrir þremur bifreiðum. Raftákn og Efla hafa hannað kerfi sem gerir kaup á fargjöldum auðveldari fyrir einstaklinga.

Hilmar Gunnlaugsson, formaður stjórnar Vaðlaheiðarganga, segir að endanlegur kostnaður við göngin muni liggja í kringum 17 milljarða króna og samkvæmt útreikningum fyrirtækisins ætti að vera hægt að greiða upp lánið á um 28 árum. Einnig sagði hann að vextir af langtímalánum verði ekki hærri en 4,2 prósent.

„Þegar verður komin reynsla á rekstur ganganna munum við fara í langtímafjármögnun og þá fyrst vitum við hvaða vextir bjóðast okkur. Væntingar okkar eru hins vegar að þeir verði ekki meiri en 4,2 prósent,“ segir Hilmar. „Við byggjum okkar áætlun á spá Vegagerðarinnar um umferð og svo gerum við ráð fyrir sömu aukningu og Vegagerðin árlega.“

> **Þegar komin verður reynsla á rekstur ganganna munum við fara í langtímafjármögnun og þá fyrst vitum við hvaða vextir bjóðast okkur.**
>
> 
>
> Hilmar Gunnlaugsson, formaður stjórnar Vaðlaheiðarganga

Ef vextir af 17 milljörðum verða um fjögur prósent er líklegt að vaxtakostnaðurinn hlaupi á hundruðum milljóna króna.

Mikill vatnselgur í göngunum, með bæði heitu og köldu vatni, gerði gangamönnum erfitt um vik. Vatnselgurinn kom ekki fram í tilraunaborunum á sínum tíma þrátt fyrir að bergið í Vaðlaheiðargöngum hafi verið meira rannsakað en í Hvalfjarðargöngunum á sínum tíma.

Umferð um svæðið hefur aukist um 60 prósent frá því ákveðið var að hefja framkvæmdir við göngin. Sú aukning, sem er að miklu leyti vegna aukinna umsvifa í ferðaþjónustu, kemur sér afar vel fyrir framkvæmdaraðila en án hennar væri ljóst að tekjurnar myndu aldrei standa undir kostnaðinum.

sveinn@frettabladid.is

**4,2%**

**er ósk formanns stjórnar að verði hæstu mögulegu vextir sem fyrirtækið fái á langtímaláni.**



# Meira sælkera




## Karfa 1

Tengdamömmutungur Natural, Ibérico Paté, Camembert Royal, Kú Öðlingur, Piparostur, Rjómaostur, Hagkaup papriku & chili sulta.

**3.899 kr**




## Karfa 2

Tengdamömmutungur Natural, Ibérico Paté, Camembert Royal, Kú Öðlingur, Piparostur, Rjómaostur, Bónda Brie, Ostarúlla með beikoni og paprikublöndu, Hagkaup papriku & chili sulta.

**4.699 kr**




## Karfa 3

Tengdamömmutungur Natural, Ibérico Paté, Camembert Royal, Bleu d'Auvergne, Prima Donna, Kú Öðlingur, Piparostur, Rjómaostur, Bónda Brie, Ostarúlla með beikoni og paprikublöndu, Hagkaup papriku & chili sulta, Hagkaup sultaður rauðlaukur.

**5.999 kr**




## Karfa 4

Tengdamömmutungur Natural og með Sesam, Ibérico Paté, Camembert Royal, Bleu d'Auvergne, Prima Donna, Kú Öðlingur, Piparostur, Rjómaostur, Bónda Brie, Ostarúlla með beikoni og paprikublöndu, Hagkaup papriku & chili sulta, Hagkaup sultaður rauðlaukur, Ferrero Rocher.

**7.599 kr**

## Karfa 5

Tengdamömmutungur Natural og með Sesam, Ibérico Paté, Camembert Royal, Bleu d'Auvergne, Snowdonia Black Bomber, Prima Donna, Kú Öðlingur, Höfðingi, Piparostur, Rjómaostur, Bónda Brie, Ostarúlla með beikoni og paprikublöndu, Hagkaup papriku & chili sulta, Hagkaup sultaður rauðlaukur, Ferrero Rocher.

**8.999 kr**




HAGKAUP

*Meira* svona *alla daga*

# Svefnleysi og þyngdartap í hungurverkfalli fjögurra Katalóna

**SPÁNN** Katalónsku aðskilnaðarsinnarnir Jordi Sanchez og Jordi Turull eru nú á tólfta degi hungurverkfalls og þeir Joaquim Forn og Josep Rull á sínum níunda. Saman eru þeir vistaðir í Lledoners-fangelsinu vegna meints uppreisnaráróðurs og uppreisnar gegn spænska ríkinu í tengslum við sjálfstæðisatkvæðagreiðslu og -yfirlýsingu síðasta árs. Þeir efndu til hungurverkfallsins til að mótmæla því hversu lengi spænsk stjórnvöld hafa frestað því að rétta yfir þeim og til að mótmæla ákærunum sjálfum. Auk þeirra eru fimm önnur í haldi.

Pilar Calvo, upplýsingafulltrúi fjórmenninganna, hefur greint frá því að þeir ætli að halda hungurverkfallinu til streitu og séu hvergi nærri því að gefast upp. Samanlagt hafi þeir lést um 20 kíló og stríði nú við svefnleysi. Þá blés Calvo á frásagnir af því að fjórmenningarnir væru að svindla, sagði þá bara drekka vatn með steinefnum en hafa vissulega þurft að taka lyf.

Quim Torra, forseti héraðsins, lauk í gær tveggja sólarhringa föstu sem hann efndi til, til þess að sýna föngunum samhug. Fleiri katalónskir aðskilnaðarsinnar hafa tekið svipaða ákvörðun. Fram að jólum munu til dæmis tíu fasta í einu í Dipòsit d'Aigües del Rei Martí í miðborg Barcelona. Hver hópur mun fasta í allt að sjö daga.

Greint var frá því í gær að ríkissaksóknari Spánar í Katalóníu rannsakaði nú hvort katalónska lögreglan hefði sýnt vanrækslu með því að koma ekki í veg fyrir mótmæli gegn spænskum stjórnvöldum um helgina.

Stjórnvöld í Madríd hafa varað Katalóna við því að spænska lögreglan gæti verið send á svæðið vegna málsins. – þea



**Karlfangarnir sjö, af níu föngum alls, eru vistaðir í Lledoners-fangelsinu í Katalóníu. Frá vinstri má sjá þá Jordi Sanchez, Oriol Junqueras, Jordi Turull, Joaquim Forn, Jordi Cuixart, Josep Rull og Raul Romeva.** NORDICPHOTOS/AFP

# Corbyn ekki til í vantraust strax

Leiðtogi Verkamannaflokksins leggur ekki fram vantrauststillögu fyrr en hann getur verið viss um meirihluta. Æ fleiri Íhaldsmenn snúast gegn Theresu May. Hún fór til Brussel í gær og ræddi við toppa ESB.

**BRETLAND** Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins og bresku stjórnarandstöðunnar, sagðist í gær ekki ætla að leggja fram tillögu um vantraust á Theresu May forsætisráðherra. Það er, ekki fyrr en hann hefði fullvissu um að hann næði meirihluta á bak við slíka tillögu. Ef til þess kæmi þyrfti að boða til nýrra kosninga. Þeirra þriðju á fimm árum.

Hins vegar sagði Corbyn að May hefði smánað embætti sitt með því að aflýsa atkvæðagreiðslu um Brexit-samninginn, sem hún hefur náð við ESB, er fram átti að fara í gær. „Þessi ríkisstjórn er ekki starfhæf lengur og forsætisráðherrann þarf að játa að samningurinn er dauður. Þessar misheppnuðu samningaviðræður hafa endað í tómri vitleysu. Hún hefur ekki lengur umboð til að semja af Bretlands hálfu fyrst hún hefur ekki umboð innan eigin flokks," sagði Corbyn.

Miðað við orð Iains Duncans Smith, þingmanns Íhaldsflokksins, er einmitt ekki ljóst hvort May njóti stuðnings flokksmanna. Vissulega hefur stórt brot þingflokksins lengi verið óánægt með gang mála en nú virðist óánægðum fjölga. „Á undanförnum sólarhring hef ég tekið eftir því að æ fleiri eru að átta sig á því að þetta mun ekki ganga upp. Fólk sem hefði annars ekki sent bréf um vantraust er nú að gera það opinberlega. Stemningin í flokknum er að breytast," sagði Smith í gær.

Sjálf var May á meginlandinu í gær til að ræða við leiðtoga aðildarríkja og sambandsins sjálfs um samninginn. Óánægjan sem hefur ríkt um samninginn stafar einna helst af varúðarráðstöfun um landamæri Írlands og Norður-Írlands. Ráðstöfunin felur í sér að komist aðilar ekki að samkomulagi um hvernig hátta skuli tollamálum svo hægt sé að fyrirbyggja sýnileg landamæri skuli Norður-Írland áfram lúta reglum tollabandalagsins. Það þykir mörgum óásættanlegt.

Corbyn sagði að þessi reisa May væri tilgangslaus sóun á tíma og almannafé. Samkvæmt Andreu Leadsom, þingflokksformanni Íhaldsflokksins, leitaði May við að fá það samþykkt að breska þingið þyrfti að samþykkja virkjun varúðarráðstöfunarinnar og svo árlega atkvæðagreiðslu um hana.

May fundaði til dæmis með Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, og Jean-Claude Juncker, forseta framkvæmdastjórnar ESB. Bæði sögðu þau algjörlega út úr myndinni að breyta samningnum. Þau vildu þó hjálpa henni að koma samningnum í gegnum þingið.

Forsætisráðherrann breski heldur svo til Írlands í dag þar sem hún fundar með Leo Varadkar forsætisráðherra. Sá sagði í dag að hann ætlaði að koma því á framfæri að samningnum, varúðarráðstöfuninni þar með talinni, yrði ekki breytt. thorgnyr@frettabladid.is



**May fundaði með Jean-Claude Juncker í gær. Sá vill ekki breyta samningnum en vill þó hjálpa May.** NORDICPHOTOS/AFP

### Stuðningur við Brexit-samning May

51% andvígt

22% styðja

27% hlutlaus

Úr könnun sem YouGov birti í gær.

### Frammistaða May í samningaviðræðum






**Michael Kovrig, fyrrverandi diplómati Kanada.** NORDICPHOTOS/AFP

# Kína handtekur kanadískan diplómata

**KÍNA** Kanadíski fyrrverandi diplómatinn Michael Kovrig hefur verið handtekinn í Kína. Hugveitan International Crisis Group greindi frá málinu í gær og sagðist beita sér fyrir því að Kovrig yrði leystur úr haldi. Ekki hefur verið upplýst um ástæðu handtökunnar. Kovrig hefur meðal annars unnið sem erindreki í Peking og Hong Kong. Þá hefur hann starfað frá því í febrúar í fyrra sem sérfræðingur fyrir International Crisis Group.

Reuters greindi sömuleiðis frá málinu og hafði eftir heimildum. Yfirvöld í Kína vildu ekki svara fyrirspurnum miðilsins um málið.

Setja má handtöku Kovrigs í samhengi við nýja deilu Kína og Kanada. Sú spratt upp eftir að Meng Wanzhou, fjármálastjóri Huawei og dóttir stofnanda kínverska tæknirisans, var handtekin í Kanada í síðustu viku. Henni er gefið að sök að hafa logið að bönkum um ítök Huawei á írönskum markaði og þannig sett bankana í hættu á að brjóta gegn viðskiptaþvingunum. Bandaríkin fóru fram á handtökuna og vilja að Meng sé framseld.

Yfirvöld í Kína kölluðu svo sendiherra bæði Bandaríkjanna og Kanada á teppið til að ræða um málið. Í yfirlýsingu frá stjórnvöldum sagði að von væri á frekari aðgerðum vegna handtöku Meng.

Einnig má setja málið í samhengi við það þegar kanadískt par var handtekið í Kína árið 2014. Þá höfðu Kanadamenn nýlega sakað Kínverja um að ráðast á tölvukerfi sitt. – þea

# Pútín í skjalasafni Stasi

**ÞÝSKALAND** Lögregluskírteini Vladímírs Pútín, forseta Rússlands, fannst í skjalasafni Stasi, leyniþjónustu Austur-Þýskalands. Þýska blaðið Bild greindi frá málinu í gær og birti ljósmynd af skírteininu. Með skírteininu hafði Pútín, samkvæmt Bild, fullan aðgang að skrifstofum Stasi. Ekki er ljóst hvort forsetinn hafi unnið beint fyrir Stasi en hann var útsendari sovésku leyniþjónustunnar KGB í Dresden í Austur-Þýskalandi.

Stasi stundaði á sínum tíma umfangsmikið eftirlit með almennum borgurum í því skyni að uppræta andófsraddir. Fjöldi Austur-Þjóðverja gegndi hlutverki uppljóstrara fyrir Stasi. Eftir fall Berlínarmúrsins voru allnokkrir Stasi-liðar fangelsaðir. Aðrir eru þó enn áberandi í Þýskalandi. Til að mynda Matthias Warnig, forstjóri orkufyrirtækisins Nord Stream sem sér um jarðgasleiðslu frá Rússlandi til Þýskalands. – þea



**Pútín Rússaforseti.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Vafasamar leikjatölvur Soulja Boy

**TÆKNI** Bandaríski rapparinn Soulja Boy, sem gerði garðinn frægan með laginu Crank That árið 2007, hefur auglýst til sölu bæði handhæga leikjatölvu og leikjatölvu til þess að tengja við sjónvarp undir heitinu SouljaGame. Á vefverslun rapparans segir að hægt sé að spila leiki hannaða fyrir Nintendo Switch, 3DS, Playstation Vita og fleiri tölvur á handhægu Souljagame-tölvunni. Með tölvunum fylgja svo þúsundir leikja.

Ólíklegt verður að teljast að Soulja Boy hafi leyfi fyrir þeim leikjum sem koma forhlaðnir inn á tölvurnar. Tæknimiðlar fullyrða að um sé að ræða ROM-skrár, ólögleg afrit leikja. Nintendo hefur undanfarin misseri gengið hart fram gegn ROM-skiptisíðum og gæti Soulja Boy því átt von á málsókn. Síðast komst Nintendo að samkomulagi við ROM-skiptisíðu tveggja karlmanna frá Arizona í nóvember þar sem þeim var gert að greiða japanska fyrirtækinu 12,2 milljónir dala í skaðabætur.

Vefverslunarrisinn Shopify lokaði aðgangi Soulja Boy vegna málsins. Að því er virðist af tístum rapparans að dæma er hann lítið hrifinn af ákvörðuninni. „Til andskotans með Shopify. Enginn ætti að stunda viðskipti við þau. Þau eru kynþáttahatarar."

Svo virðist sem Soulja Boy sé í þokkabót að selja leikjatölvur keyptar beint af Alibaba. com sem eru síðan merktar honum. Finna má handhæga leikjatölvu, nákvæmlega eins og SouljaGame utan merkisins, á kínversku vefverslunninni á um fimmtán prósent af því verði sem Soulja Boy setur á gripinn. – þea



**Soulja Boy.**


Jól
SAMSUNG
70.000 KR AFSLÁTTUR
65"
QLED TV 2018
QE65Q7F
SAMSUNG QLED TV
Jólaverð kr. 349.900,-
(áður 419.900,-)
Einnig til í 55" og 75"
Gerið góð kaup!
SAMSUNG
RS50
Hvítur kæliskápur
Jólaverð kr. 159.900,-
(áður 189.900,-)
SAMSUNG
R1
Multi Room hátalari
Jólaverð kr. 17.900,-
(áður 24.900,-)
SAMSUNG
SAMS23K3523AK/EE
ÖRBYLGJUOFN
Svartur/hvítur 23L 800W
kr. 19.900,-
SAMSUNG
WW70 Þvottavél
7 KG. 1400 SN.
Eco Bubble
kr. 64.900,-
ecobubble
SAMSUNG
DV70 Þurrkari
7 KG. barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.
kr. 89.900,-
SAMSUNG
NU6025
UHD
UHD 4K - PQI 1300 - Smart TV
Jólaverð 43" 89.900,-
Jólaverð 50" 99.900,-
Jólaverð 55" 109.900,-
Jólaverð 65" 169.900,-
SAMSUNG
NU7445
UHD
UHD 4K - PQI 1800 - Smart TV
Jólaverð 43" 119.900,-
Jólaverð 50" 139.900,-
Jólaverð 55" 149.900,-
Jólaverð 65" 225.000,-
SAMSUNG
NU8045
UHD Premium
Premium UHD 4K - Smart TV - PQI 2600
HDR 1000 - 10 bita skjár
Jólaverð 49" 169.900,-
Jólaverð 55" 189.900,-
Jólaverð 65" 269.900,-
Jólaverð 75" 369.900,-
Netverslun:
ORMSSON.IS
ORMSSON
SAMSUNG
SETRIÐ
LÁGMÚLA 8 - 530 2800
Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15
ormsson

# Lestrarhestar



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Það er gott að setja sér markmið en jafnvel háleitustu markmið skipta litlu máli ef ekki er staðið við þau. Þetta vita þeir fjölmörgu sem hafa í ofurbjartsýni sett sér markmið sem síðan reyndust með öllu óraunhæf. Sumir einstaklingar eru hins vegar svo einbeittir að þeir eiga ekki ekki í nokkrum vandræðum með að setja sér hin háleitustu markmið og standa auðveldlega við þau. Hin tíu ára Elísabet Ingvarsdóttir á Húsavík er ein þeirra og ætti að vera okkur öllum fyrirmynd. Markmið hennar fyrir árið 2018 var að lesa 100 bækur. Nú þegar stutt er í að árinu ljúki hefur hún staðið við það markmið og gott betur því hún hefur lesið mun meira en hún hét sjálfri sér og heldur ótrauð áfram.

Sjónvarpsfréttin sem birtist á dögunum um lestrarhestinn Elísabetu var skemmtileg tilbreyting frá þeim fréttum sem dembast yfir okkur og fjalla helst um skandala, vesen og leiðindi. Þegar þær fréttir eru settar í samhengi við fréttirnar af lestrarafrekum Elísabetar er ekki annað hægt en að íhuga hversu miklu betur margir væru staddir ef þeir hefðu vit á því að vera heima hjá sér að lesa í stað þess að hella sig fulla á börum landsins eða eyða tíma í að ausa úr skálum reiði sinnar á athugasemdakerfum netsins.

„Allir ættu að lesa, það er róandi og hjálpar manni í mörgu,“ sagði Elísabet þegar fjölmiðlar náðu tali af henni. Þetta er hárrétt athugað. Lestri fylgir ró og friður. Lesandi sem er niðursokkinn í bók leyfir ekki utanaðkomandi áreiti að komast að sér. Hann er í leiðangri í öðrum heimi þar sem hann getur ekki verið fullkomlega viss um hvað gerist næst. Hann les hverja blaðsíðuna á fætur annarri, fullur forvitni, sæll í sínum einkaheimi og nýtur þess að vera í friði.

Það er alls ekki nægilegur friður í heimi nútímamannsins. Hann er orðinn viljalaus þræll tækninnar, er fastur við síma og tæki stóran hluta sólarhringsins vegna þess að hann vill alls ekki missa af neinu. Alltof sjaldan er ró í kringum hann. Afleiðingin er sú að hann er kvíðinn, óöruggur og þunglyndur og álag er að sliga hann. Vansæll sækir hann í róandi lyf og leitar aðstoðar hjá sérfræðingum. Lífið er honum erfitt. Hollast væri honum að slaka á og til þess eru vissulega margar leiðir. Ein af þeim betri er að sökkva sér í bóklestur. Nú vill svo vel til að þetta er einmitt árstíminn til þess. Jólabækurnar eru komnar á markað, úrvalið er einstaklega gott þetta árið og allir eiga auðveldlega að finna góðar bækur við sitt hæfi.

Hin tíu ára gamla Elísabet sagði fréttamanni að hún ætti von á því að fá margar bækur í jólagjöf. Yfir þeim mun hún liggja yfir jólin, sæl og ánægð og víst mun hún margt af þeim læra. Hinir fullorðnu, sérstaklega þeir sem kvíða og áhyggjum eru haldnir, ættu að fara að dæmi Elísabetar og lesa um jólin. Í góðum bókum munu þeir finna ró og um leið mun slakna á spennu og þreytan líða úr þeim. Þeir munu komast að því eins og lestrarhesturinn Elísabet að bóklestur hjálpar manni í ansi mörgu.

**Í góðum bókum munu þeir finna ró og um leið mun slakna á spennu og þreytan líða úr þeim.**

Halldór







## Frá degi til dags

**Nauðsyn brýtur lög**

Eftirmál klausturfokks þingmannanna orðljótu hafa síst bætt stöðu þeirra í pólitíkinni og lífinu. Skömmin er svo mikil að enn eru þeir að bíta af henni höfuðið. Líklega er þó lítið eftir þar sem alþýðuhetjan Bára Halldórsdóttir upplýsti í gær að fjórir þingdólganna vildu fá hana yfirheyrða fyrir héraðsdómi. Þrumur og eldingar heyrðust á Facebook í kjölfarið og ljóst að fólk með sæmilega óskaddaða sómakennd ætlar sér að standa þétt að baki Báru, meðal annars með vísan til hins fornkveðna að nauðsyn brjóti lög og að bæði þörf og nauðsyn hafi verið á Klaustursafhjúpuninni.

**Almennir skjaldborgarar**

Reiður múgurinn ruddist fram á samfélagsmiðlum og lýsti sig ekki síst tilbúinn til þess að styrkja Báru fjárhagslega í lagaflækjunum sem mögulega bíða hennar. Mikill hasar var í opnum Facebook-hópi, Takk Bára, þar sem fólk skráir sig í halarófu. Vandséð er að almennum borgurum hafi runnið blóðið jafn heitt til skyldunnar frá hruni og Bára stendur ekki ein. Þannig eru til dæmis uppi áform um að fjölmenna með henni fyrir dóminn. „Kæra Bára! Við stöndum með þér og verjum þig. Það verður hópur af fólki með þér á mánudaginn og nú hefjum við söfnun fyrir þig!“ sagði stofnandi síðunnar, Rannveig Tenchi, í gær.

thorarinn@frettabladid.is

# Álagið hefur afleiðingar



Sonja Ýr Þorbergsdóttir
formaður BSRB

Hversu hratt eigum við að hlaupa í vinnunni? Þetta er ein algengasta spurningin sem ég fæ frá félagsmönnum aðildarfélaga BSRB. Það er áhyggjuefni hvernig álagið á starfsmenn sem sinna opinberri þjónustu hefur aukist verulega á undanförnum árum þrátt fyrri uppsveiflu í efnahagslífinu.

Við sjáum það hvert sem litið er að starfsemi hins opinbera er rekin á lágmarksmönnun. Okkar félagsmenn eru stoltir af því að sinna þeim mikilvægu verkefnum sem heyra undir almannaþjónustuna. Þeir hafa lagt mikið á sig við að veita góða þjónustu þrátt fyrir mikið álag en það er ljóst að eitthvað þarf undan að láta.

Afleiðingarnar af undirmönnun og álagi blasa við okkur. Tölur frá styrktarsjóðum aðildarfélaga BSRB sýna að heilsu félagsmanna hrakar. Tveir af hverjum þremur starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga eru konur og er það sama hlutfall kvenna sem leitar til VIRK vegna streitu og álags sem leiðir til kulnunar, geðsjúkdóma og stoðkerfisvandamála.

Rannsóknir sýna að starfsfólk í velferðarþjónustu upplifir verri líkamlega og andlega heilsu og minni starfsánægju samanborið við aðrar starfsstéttir. Ítrekað hefur verið bent á að ein besta leiðin til að fyrirbyggja þetta er að vinna gegn streituvöldum á vinnustað, bæta aðstæður stjórnenda og vinnuumhverfis í heild.

Í nýrri ársskýrslu Vinnueftirlitsins kemur fram að slysin séu flest í opinberri þjónustu og þar er lögreglan sérstaklega nefnd. Hér verður að bregðast við og tryggja að opinberir aðilar fylgi lögum og reglum um vinnuvernd.

Almannaþjónustan gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu samfélagsins. Þetta eru störfin í heilbrigðisþjónustunni, félagsþjónustunni, menntun, löggæslu og víðar. Það má ekki veita neinn afslátt af mönnun, sér í lagi þegar skortur á starfsfólki hefur svo alvarlegar afleiðingar. Tryggja verður gott starfsumhverfi og grípa til fyrirbyggjandi aðgerða vegna aukinnar slysa- og veikindafjarveru. Þetta er samfélagslegt verkefni og á því bera opinberir atvinnurekendur og stjórnvöld ábyrgð.

**Tryggja verður gott starfsumhverfi og grípa til fyrirbyggjandi aðgerða vegna aukinnar slysa- og veikindafjarveru.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Hvers vegna hvalveiðar?



**Úrsúla Jünemann**
kennari á eftirlaunum og leiðsögumaður

Tilefni þess að ég skrifa þessa grein er að ég heimsótti fyrrverandi heimalandið mitt, Þýskaland, og hitti þar góða gamla vini. Margoft var ég spurð um hvers vegna það sé ennþá verið að veiða hvali á Íslandi og hvort menn séu nú ekki loksins að hætta þessu. Mér vafðist stöðugt tunga um tönn í þeirri tilraun að finna eitthvað til að réttlæta hvalveiðar hér á landi.

Eftir ríkulega umhugsun er niðurstaða mín að hvalveiðar ættu að heyra sögunni til og ekki sé hægt að réttlæta þær lengur.

1. „Íslendingar hafa alltaf stundað hvalveiðar og þetta er partur af menningu okkar.“ Rangt! Aðrar þjóðir veiddu hvali hér við Íslandsstrendur lengi en Íslendingar sjálfir fóru ekki að veiða hvali fyrr en um miðja síðustu öld.
2. „Við verðum að nýta auðlindir okkar.“ En í hverju eru auðlindir okkar fólgnar? Það er miklu meiri ávinningur í því að skoða hvali en að drepa þá. Hvalaskoðun er vinsæl hjá ferðamönnum og jafnvel tilefni sumra til að koma hingað. En að við séum að drepa hvali setur ljótan stimpil á Ísland sem ferðamannaland og skaðar ímynd okkar út á við.
3. „Hvalveiðar skapa atvinnu.“ Að vísu unnu um 150 manns við þessa iðju en hvalaskoðun veitir fleirum vinnu. Einungis á Reykjavíkursvæðinu vinna hátt í 200 manns við hvalaskoðun. Svo leyfi ég mér að fullyrða að vinnan við að kynna land okkar og náttúru sé margfalt skemmtilegri og meira uppbyggjandi en að drepa háþróuð dýr og búta þau í sundur. Það þarf að rannsaka betur hversu skaðlegar hvalveiðar eru fyrir ferðaþjónustu. Allavega hef ég í starfi mínu sem leiðsögumaður heyrt margar neikvæðar raddir um hvalveiðar.
4. „Það er allt í lagi að skjóta dýr, þetta eru bara skepnur.“ Er það svona einfalt? Í dýraverndunarlögum er hægt að lesa að dýr skuli aflífa á skjótan og sem minnst sársaukafullan hátt. En það er vitað að hvalur sem fær skutul í sig er að þjást og kveljast lengi áður enn hann deyr. Og svo erum við ekki einu sinni að tala um að hvalir séu mjög háþróaðar lífverur. Í sumar komu fréttir um að oft séu kálfafullar langreyðarkýr veiddar. Svo var talað um að tvisvar sinnum hafa verið drepnir svonefndir blendingar (afkvæmi langreyðar og steypireyðar) og það sé allt í lagi því einungis steypireyðar eru alfriðaðar. En um er að ræða mjög sjaldgæft fyrirbæri sem ber að vernda.
5. „Hvalaafurðir eru eftirsóttar og seljast vel.“ Ó, nei! Birgðirnar af hvalkjöti hafa safnast fyrir í frystihúsum því enginn markaður er fyrir slíkt. Nema kannski í Japan. En til að koma hvalkjötinu þangað þarf að yfirstíga margar hindranir, til dæmis hafa skipin ekki fengið leyfi til að leggja að landi í flestum höfnum. Reynt er núna að sigla norðurleiðina til Japans. Rökin um að nú væri hægt að vinna fæðubótarefni úr hvalkjöti sem ynni á móti blóðleysi eru einnig frekar langsótt. Það sama er hægt að vinna úr öðrum og mun aðgengilegri hráefnum.
6. „Flestir Íslendingar eru fylgjandi hvalveiðum.“ Rangt. Næstum jafn margir eru fylgjandi og andvígir eftir síðustu könnun. Því miður er stórt hlutfall þeirra sem svara könnunum, um 40%, ekki búnir að mynda sér skoðun. En ef við skoðum þróun síðustu ára þá minnkar stöðugt hlutfall þeirra sem vilja veiða hvali. Stuðningur við hvalveiðar fer minnkandi samkvæmt könnun sem Gallup gerði fyrir IFAW, Alþjóða dýravelferðarsjóðinn, fyrir ári. Og er það gott.

**Hann getur leyft sér að halda áfram þeirri þráhyggju að Íslendingar eigi að veiða hvali og því miður með dyggum stuðningi sjávarútvegsráðherra. Það er tími til kominn að stöðva þetta, öll skynsemi mælir með því.**



Það er einn maður hér á landi sem heldur hvalveiðum uppi og enginn veit hversu miklu hann er að tapa á því. Hann er því miður moldríkur enda átti hann stóran hlut í HB Granda, útgerðarfyrirtæki sem mokar upp peningum. Hann getur leyft sér að halda áfram þeirri þráhyggju að Íslendingar eigi að veiða hvali og því miður með dyggum stuðningi sjávarútvegsráðherra. Það er tími til kominn að stöðva þetta, öll skynsemi mælir með því.



# Fyrsta heilbrigðisstefnan?



**Ingimar Einarsson**
félags- og stjórnmálafræðingur

**Athygli vekur hversu höfundar tillögunnar virðast hafa sneitt fram hjá eða lítið þekkt til þeirrar stefnumótunar og áætlanagerðar sem unnin hefur verið á liðnum áratugum.**

Síðustu misseri hefur á vegum velferðarráðuneytisins verið unnið að mótun heilbrigðisstefnu. Í þeirri vinnu hefur heilbrigðisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, ásamt starfsliði sínu haft leiðandi forystu. Hefur jafnvel mátt skilja að hér væri í mótun fyrsta heilbrigðisstefna landsins. Þegar litið er nokkra áratugi til baka má ljóst vera að stefnumótun í heilbrigðismálum hefur verið meðal helstu viðfangsefna heilbrigðisyfirvalda um langt skeið.

### Þingsályktun

Þann 19. mars 1991 samþykkti Alþingi þingsályktun um íslenska heilbrigðisáætlun. Samkvæmt henni ályktaði Alþingi að stefna í heilbrigðismálum á Íslandi fram til ársins 2000 skyldi taka mið af heilbrigðisáætlun þeirri sem sett var fram í 32 liðum og hafði það meginmarkmið að bæta heilsufar þjóðarinnar. Efnismikil drög að þingsályktun voru í undirbúningi og meðhöndlun ráðuneytis og þings á níunda áratugnum og fram í byrjun þess tíunda.

### Greining og markmið

Á árinu 1992 var lokið við tvær skýrslur á sviði stefnumótunar á heilbrigðissviði. Í fyrsta lagi var um að ræða ritið „Heilbrigð þjóð – Forvarnir og heilsustefna til aldamóta árið 2000. Greining einstakra viðfangsefna og setning markmiða.“ Og í öðru lagi landsáætlun sem var ætlað að verða framkvæmdaáætlun á landsvísu um forvarnir og heilsueflingu vegna langvinnra sjúkdóma og slysa. Hrafn V. Friðriksson læknir tók saman umræddar skýrslur.

Í ársbyrjun 1996 skipaði þáverandi heilbrigðisráðherra, Ingibjörg Pálmadóttir, nefnd til að gera tillögur um hvernig væri unnt að standa að forgangsröðun í heilbrigðismálum hér á landi. Nefndin skilaði tillögum sínum á árinu 1998 og náðist víðtæk samstaða meðal nefndarmanna um alla meiriháttar stefnumörkun, áætlunargerð og setningu markmiða í heilbrigðismálum. Tillögurnar urðu síðar hluti af heilbrigðisáætlun til 2010.

### Heilbrigðisáætlanir

Á sama tíma var unnið að gerð heilbrigðisáætlunar fyrir tímabilið frá árinu 2000 til 2010. Sú heilbrigðisáætlun, sem samþykkt var á Alþingi vorið 2001, markaði að mörgu leyti tímamót því í henni var ekki aðeins varpað fram skýrri framtíðarsýn heldur voru innleidd mælanleg markmið. Á gildistíma áætlunarinnar var þannig auðveldara en áður að fylgjast með framvindu mála og meta í lokin árangurinn af framkvæmdinni.

Á þessum áratug hafa verið gerðar nokkrar tilraunir í gerð heilbrigðisáætlunar til ársins 2020 og skyldi hún leysa af hólmi fyrrnefnda áætlun til ársins 2010. Sú viðleitni hefur enn engan árangur borið. Tillaga sem borin var fram á löggjafarþinginu 2012-2013 fékkst ekki afgreidd. Haustið 2016 var svo kynnt tillaga til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2022 en hún var aldrei lögð fram á Alþingi.

Í sáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur er lögð áhersla á að ríkisstjórnin muni fullvinna heilbrigðisstefnu fyrir Ísland. Mótuð verði markmið og leiðir í samvinnu við fagstéttir og Embætti landlæknis. Heilsugæslan verði efld sem fyrsti viðkomustaður notenda, svo nefnd séu nokkur dæmi.

Nú liggja fyrir fyrstu drög að stefnu fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030 og hafa þau þegar verið send út til umsagnar. Athygli vekur hversu höfundar tillögunnar virðast hafa sneitt fram hjá eða lítið þekkt til þeirrar stefnumótunar og áætlanagerðar sem unnin hefur verið á liðnum áratugum. Orsakirnar liggja ef til vill í því að ekki hefur tekist að flytja þekkingararfinn milli kynslóðanna og stefnumótunin hefur ekki fengið það vægi í störfum viðkomandi ráðuneytis sem nauðsynlegt er.

VATN, HÚSASKJÓL OG BETRI HEILSA
MEÐ ÞINNI HJÁLP!
• Valgreiðsla í heimabanka: 2.500 krónur
• Söfnunarsími 907 2003: 2.500 krónur
• Framlag að eigin vali á framlag.is
• Söfnunarreikningur 0334-26-50886 kennitala 450670-0499
Hjálparstarf kirkjunnar
HJÁLP TIL SJÁLFSHJÁLPAR
VATN ER VON

Alþjóðlegt hjálparstarf kirkna – Action by Churches Together actalliance



# Hugleiðingar um brottfall kjararáðs



**Haukur Haraldsson**
ellilífeyrisþegi

Kjararáð hefur undanfarin ár ákvarðað laun margra þjóðfélagshópa eins og þingmanna, ráðherra, starfsmanna ráðuneyta og æðstu embættismanna þjóðarinnar. Lögin um kjararáð voru samin af sömu aðilum, það er að segja af starfsmönnum ráðuneyta undir stjórn ráðherra. Í lögum um kjararáð eru gefnar forsendur sem á að byggja á við ákvörðun á launakjörum höfunda laganna og svo voru lögin samþykkt af alþingismönnum sem höfðu sömu hagsmuna að gæta. Þetta er ekki fyrirkomulag sem vekur traust á launakerfinu.

Þann 23. janúar sl. skipaði ríkisstjórnin starfshóp um málefni kjararáðs. Starfshópurinn skilaði áliti fljótt eða 15. febrúar sl. *Meirihluti starfshópsins telur ekki fært eða efnislegar forsendur fyrir því að lækka laun þeirra sem eiga undir kjararáð til framtíðar. [...] Fulltrúi ASÍ í starfshópnum telur það færa leið að lækka með lögum laun embættismanna og kjörinna fulltrúa.* Í niðurstöðum starfshópsins er ekki allt auðskiljanlegt fyrir almenning eins og 5): *Launaþróun þeirra sem eiga undir kjararáð víkur ekki merkjanlega frá almennri þróun launa á tímabilinu 2006-2017.* Síðan í 6): *Á því tímabili sem kveðið er á um í rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisins 2013-2018, hafa laun þeirra sem eiga undir kjararáð hækkað um 35-64 % en almenn þróun launa virðist liggja á bilinu 43-48 %.*

Hér er talað um ekki merkjanlegan mun á launahækkun í prósentum en ekki krónutölu sem er fráleitt og til umhugsunar að starfshópurinn sé að réttlæta þessar launahækkanir. Samkvæmt Hagstofunni þá voru árið 2013 almenn laun verkafólks um 300.000 og stjórnenda hjá ríkinu um 1.050.000. Ef miðað er við meðaltalshækkun launa þá yrði hækkun verkafólks kr. 136.500. en ríkisstarfsmanna kr. 520.000. Þetta skapar óréttlæti og því eðlilegra að miða við krónutöluhækkun í þrepum. Tillögur starfshópsins eru athygliverðar og verður vonandi til að þetta launakerfi verði lagfært.

Á lokadegi þingsins 1. júlí 2018 voru lög um Kjararáð felld úr gildi með nýjum lögum og samkvæmt þeim *skulu allir þeir sem falla undir úrskurðarvald kjararáðs halda kjaraákvörðun þar til ný ákvörðun hefur verið tekin um laun og starfskjör þeirra.* Hér gefst þingheimi tækifæri til að endurskoða úrskurði Kjararáðs um launahækkanir sem voru langt umfram það sem eðlilegt var og framkvæma faglegt mat á launum. *Viðmið kjararáðs voru óskýr og ósamrýmanleg,* eins og segir í skýringum við frumvarp laganna. Það þarf að vinda ofan af þessari launaþróun ef sátt á að nást á vinnumarkaði og í þjóðfélaginu

Hvort sem það er gert með lögum eins og 2008 þegar laun voru lækkuð um 5-15 % eða öðrum aðgerðum.

Ákvæði í nýju lögunum valda ellilífeyrisþega heilabrotum t.d.:

*Þrátt fyrir gildistöku laga þessara skulu allir þeir sem falla undir úrskurðarvald kjararáðs halda kjaraákvörðunum þar til ákvörðun hefur verið tekin um laun og starfskjör þeirra. Hafi ný ákvörðun ekki verið tekin fyrir 1. maí 2019 skulu laun þessara aðila taka breytingum í samræmi við hlutfallslega breytingu á meðaltali reglulegra launa ríkisstarfsmanna eins og hún birtist í tölum Hagstofu Íslands næstliðið almanaksár.*

Hér virðist ekki gert ráð fyrir að breytingar verði gerðar á úrskurðum kjararáðs í tenglsum við gerð almennra kjarasamninga og ef endurskoðun verður ekki lokið fyrir 1. maí þá verða laun hækkuð samkvæmt meðaltali reglulegrar hækkunar launa ríkisstarfsmanna, sem er ekki fyrirséð hver verður og hvað af úrskurðum Kjararáðs koma inn í reiknað meðaltal. Önnur tilvitnun:

*Málum einstakra aðila sem falla undir ákvæði 39. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr 70/1996, sem eru til meðferðar hjá kjararáði fyrir gildistöku laga þessara skal lokið samkvæmt ákvæði 39. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ráðherra og hlutaðeigandi fagráðherra skulu hafa lokið launaákvörðun þessara aðila eigi síðar en sex mánuðum frá því að þessi lög taka gildi.* Sennilega fer þessari vinnu að ljúka og hefur hún eflaust verið mjög erfið og eru viðkomandi starfsmenn ríkisins í mjög sérstakri og erfiðri stöðu til að vinna þetta.

Afleiðingar ákvarðana Kjararáðs um launahækkanir eru margvíslegar, meðal annars vegna þessa hafa framlög ríkissjóðs til eftirlaunasjóðs ríkisstarfsmanna (LSR) hækkað mikið vegna ákvæðis í lögum LSR, en þar segir: *lífeyrir sjóðfélaga hækkar miðað við hækkun launa í því starfi sem hann gegndi.* Þessi hækkun á framlagi ríkisins er veruleg, ekki reyndist unnt að fá upplýsingar um þetta frá LSR, en hér virðist vera um að ræða einhverja milljarða hækkun á ársgrundvelli. Þetta fyrirkomulag skapar mikinn ójöfnuð milli lífeyrisþega í landinu þannig að þeir sem eru í LSR fá mun meiri hækkanir en þeir sem fá aðeins laun frá almannatryggingum (TR).

*Þetta er skrifað af ellilífeyrisþega sem hefur áhuga á velferð lands og þjóðar og hefur áhyggjur af launaþróun og ójöfnuði í þjóðfélaginu.*

# Félagsbústaðir stærsta íbúðafélag landsins



Sigrún Árnadóttir
framkvæmdastjóri Félagsbústaða

Félagsbústaðir voru stofnaðir árið 1997 sem hlutafélag um eignarhald og rekstur félagslegs húsnæðis í eigu Reykjavíkurborgar. Markmið rekstursins er að auka framboð á félagslegu leiguhúsnæði í borginni og koma þannig til móts við þarfir þeirra sem ekki geta staðið undir greiðslubyrði lána vegna íbúðakaupa og eiga ekki kost á leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Félagsbústaðir eru stærsta leigufélag landsins með alls 2.550 íbúðir í lok árs 2018 en það jafngildir um 4,4% allra íbúða í Reykjavík og rúmlega 75% alls félagslegs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Lætur nærri að Félagsbústaðir eigi eina íbúð í hverjum stigagangi í höfuðborginni, sem fellur vel að stefnu borgaryfirvalda um félagslega blöndun. Fyrir liggja samþykktir borgaryfirvalda um að 5% íbúðarhúsnæðis í borginni skuli vera félagslegt leiguhúsnæði og hillir nú undir að því markmiði verði náð.

### Á ekki að skila rekstrarhagnaði

Félagsbústaðir starfa í samræmi við húsnæðisstefnu og félagsleg markmið Reykjavíkurborgar og þeim er ekki heimilt að greiða út arð af rekstri til eigenda sinna, enda ekki gert ráð fyrir að félagið sé rekið í hagnaðarskyni. Frá árinu 2015 til dagsins í dag hafa Félagsbústaðir keypt 233 íbúðir og áætlað er að á tímabilinu 2019-2023 verði íbúðum fjölgað um 600. Bæði verða keyptar eldri og nýjar íbúðir auk þess sem áformað er að Félagsbústaðir byggi íbúðir sem þjóna þörfum fólks með fötlun. Það styður verulega þessa uppbyggingu að við úthlutum lóða á nýjum byggingareitum er nú gert ráð fyrir að Félagsbústaðir eigi kauprétt á 5% þeirra íbúða sem þar eru byggðar.

Með lagabreytingu 2016 var innleidd stórfelld kerfisbreyting varðandi uppbyggingu og rekstur félagslegs leiguhúsnæðis. Hún hefur m.a. leitt til þess að fleiri stórir aðilar hafa komið inn á leigumarkaðinn og er sérstakt ánægjuefni að þeirra á meðal er íbúðafélagið Bjarg sem stofnað var af ASÍ og BSRB. Það félag er rekið án hagnaðarmarkmiða og er ætlað að tryggja tekjulágum fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu.

### Rekstur Félagsbústaða í góðu horfi

Félagsbústaðir hafa frá upphafi lagt áherslu á gott viðhald og útlit íbúða, húsa, lóða og sameigna. Vissulega má gera enn betur í þeim efnum en það hefur sýnt sig að betra útliti og ástandi eigna fylgir bætt umgengni. Skil á leigugreiðslum hafa einnig batnað mjög á þeim 20 árum sem liðin eru síðan fyrirtækið tók við rekstri leiguíbúða af Reykjavíkurborg, eða frá því að vera um 75% af leigutekjum upp í um 98%. Leigugreiðslur taka mið af kostnaðargrunni eftir kerfi sem miðar að því að skila rekstrinum á núlli.



**Meiri umsvifum Félagsbústaða hlýtur að fylgja aukin krafa um að vel sé farið með þá fjármuni sem lagðir eru til málaflokksins úr opinberum sjóðum og að þjónustan sé í samræmi við þær kröfur sem til hennar eru gerðar.**

Almennt séð er rekstur Félagsbústaða í góðu horfi. Það er þó ærinn starfi fyrir þá liðlega 20 starfsmenn sem vinna hjá félaginu að takast á við það stóra verkefni sem felst í utanumhaldi og rekstri á þriðja þúsund félagslegra íbúða. Til að það geti gengið þarf starfsemin að njóta almenns trausts borgarbúa og þeirra sem eiga heima í íbúðum félagsins. Það er viðvarandi verkefni stjórnar og starfsmanna félagsins að ávinna það traust. Liður í því er að tryggja að stjórnhættir séu í góðu lagi, m.a. með því að starfrækja öfluga innri endurskoðun sem miðar að því að rekstur félagsins sé ætíð í réttu horfi og í samræmi við þær kröfur sem til hans eru gerðar. Þá er ekki síður mikilvægt að hlusta á viðskiptavini félagsins, en um þessar mundir er einmitt unnið að viðamikilli könnun á viðhorfi leigutaka til félagsins. Þegar áherslur í rekstri eru mótaðar er mikilvægt að hafa niðurstöður slíkra kannana til hliðsjónar.

### Vandaðir stjórnhættir – góð meðferð á almannafé

Eins og hér hefur verið rakið hefur stefna borgarstjórnar á undanförnum árum leitt til aukinnar uppbyggingar á vegum Félagsbústaða. Íbúðum í eignasafni félagsins hefur fjölgað verulega og mun halda áfram að fjölga. Á sama tíma hafa verið lögbundnar verulegar breytingar á félagslega leiguhúsnæðiskerfinu sem fela í sér fjölmargar áskoranir í rekstrinum. Um leið virðast þær einnig fela í sér tækifæri til grundvallarbreytinga á þessu sviði með auknu framboði íbúða og fjölgun valkosta.

Meiri umsvifum Félagsbústaða hlýtur að fylgja aukin krafa um að vel sé farið með þá fjármuni sem lagðir eru til málaflokksins úr opinberum sjóðum og að þjónustan sé í samræmi við þær kröfur sem til hennar eru gerðar. Vandaðir stjórnhættir hljóta ávallt að vera lykilatriði ef stuðla á að góðri meðferð almannafjár.





ENNEMM / SÍA / NM90857

Vetrargleðningur að verðmæti 450.000 kr.

Við bjóðum vetrargleðning að verðmæti allt að 450.000 kr. með nokkrum Hyundai Tucson fram að jólum. Nýja gerðin af Tucson er hlaðinn nýjungum á borð við skynvædda neyðarhemlun og hraðastilli með fjarlægðarskynjun.

Hyundai Tucson - 2wd, dísil, ssk. Verð frá 5.550.000 kr.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## Salah skaut Rauða hernum í 16-liða úrslit




Liverpool tryggði sér sæti í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu með 1-0 sigri á Napoli á Anfield í C-riðli í gærkvöldi. Mohamed Salah skoraði eina mark leiksins. Liverpool og Paris Saint-Germain komust upp úr riðlinum en Napoli fer í Evrópudeildina. Tottenham er einnig komið áfram eftir 1-1 jafntefli við Barcelona í B-riðli. Lucas Moura skoraði jöfnunarmarkið mikilvæga þegar fimm mínútur voru til leiksloka. NORDICPHOTOS/GETTY

## Björgvin Karl reynir að verja CrossFit-titilinn í Dúbaí

**CROSSFIT** Alls þrír Íslendingar ásamt Frederik Aegidius, unnusta Annie Mist Þórisdóttur sem keppir fyrir hönd CrossFit Reykjavíkur, eru meðal þátttakenda á Dubai CrossFit Championship sem hefst í Sameinuðu arabísku furstadæmunum í dag og lýkur á laugardaginn.

Þar mun Björgvin Karl Guðmundsson reyna að verja titil sinn í karlaflokki en Annie Mist mun ekki taka þátt og reyna að verja titilinn í kvennaflokki enda gekkst hún nýverið undir aðgerð til að rannsaka hjartsláttartruflanir sem háðu henni á heimsleikunum í ágúst.

Þetta er í sjöunda sinn sem mótið fer fram í Dúbaí og hafa íslensku aflraunakonurnar átt sérstaklega góðu gengi að fagna. Annie Mist hefur þrívegis fagnað sigri á mótinu en Sara Sigmundsdóttir vann fyrir tveimur árum.



Björgvin Karl freistar þess að verja titilinn.

Björgvin Karl og Frederik verða fulltrúar Íslands í karlaflokki á mótinu en í kvennaflokki verða það Eik Gylfadóttir og Sara sem keppa fyrir hönd Íslands.

Sigurvegarinn fær ekki aðeins myndarleg sigurverðlaun upp á fimmtíu þúsund dollara heldur einnig sæti á heimsleikunum næsta sumar. Mótið táknar að nýtt keppnistímabil er að hefjast í CrossFit og er þetta í fyrsta sinn sem sigurvegari mótsins öðlast um leið þátttökurétt á heimsleikunum. **– kpt**

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

### A-riðill

**Club Brugge - Atl. Madrid 0-0**

**Monaco - Dortmund 0-2**
0-1 Raphaël Guerreiro (15.), 0-2 Guerreiro (88.).

**Staðan:** Dortmund 13, Atl. Madrid 13, Club Brugge 6, Monaco 1.

### B-riðill

**Barcelona - Tottenham 1-1**
1-0 Ousmane Dembélé (7.), 1-1 Lucas Moura (85.).

**Inter - PSV 1-1**
0-1 Hirving Lozano (13.), 1-1 Mauro Icardi (73.).

**Staðan:** Barcelona 14, Tottenham 8, Inter 8, PSV 2.

### C-riðill

**Liverpool - Napoli 1-0**
1-0 Mohamed Salah (34.)

**Rauða stjarnan - PSG 1-4**
0-1 Edinson Cavani (10.), 0-2 Neymar (40.), 1-2 Marko Gobeljić (56.), 1-3 Marquinhos (74.), 1-4 Kylian Mbappé (90+2.).

**Staðan:** PSG 11, Liverpool 9, Napoli 9, Rauða stjarnan 4.

### D-riðill

**Galatasary - Porto 2-3**
0-1 Felipe (17.), 0-2 Moussa Marega, víti (42.), 1-2 Sofiane Feghouli, víti (45+1.), 1-3 Sérgio Oliveira (57.), 2-3 Eren Derdiyok (65.).

**Schalke - Lokomotiv 1-0**
1-0 Alessandro Schöpf (90+1.).

**Staðan:** Porto 16, Schalke 11, Galatasary 4, Lokomotiv Moskva 3.

*Atl. Madrid, Dortmund, Barcelona, Tottenham, PSG, Liverpool, Porto og Schalke eru komin áfram í 16-liða úrslit Meistaradeildarinnar. Riðlakeppninni lýkur í kvöld með átta leikjum.*


Škodaðu verðið

Besta Škodaverðið

ŠKODA

Gríptu tækifærið og fáðu þér nýjan ŠKODA á besta verðinu strax í dag. Hlökkum til að sjá þig!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

Škoda Octavia Limo Ambition / 1.6 TDI / Dísil / Sjálfskiptur
Besta Škodaverðið 3.850.000 kr.
Listaverð: 4.190.000 kr.
Afsláttur
340.000 kr.




Škoda Superb Combi Ambition / 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur
Besta Škodaverðið 4.890.000 kr.
Listaverð: 5.410.000 kr.
Afsláttur
520.000 kr.




5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

85 H HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 12. desember 2018 | 46. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









## Opnuðum Snaps á góðum tíma

Margir réðu stofnendum Snaps, sem er einn vinsælasti veitingastaður landsins, frá því að opna staðinn. Hugmyndin kviknaði í lok árs 2011 þegar efnahagslífið var enn að sleikja sárin eftir fjármálahrunið. Rekstur Snaps hefur gengið vel en rekstrarumhverfið er gríðarlega erfitt. Árið verður gott á Snaps, betra en í fyrra, en rekstur Cafe Paris hefur verið þungur, að sögn stofnendanna. » 8-9

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



»2

### Einn sjóður með um helming allra aflandskróna

Bandaríska sjóðastýringarfyrirtækið Loomis Sayles á aflandskrónur að fjárhæð um 35 milljarðar króna. Um helmingurinn er í íslenskum ríkisskuldabréfum á gjalddaga 2019 og 2022.

»4

### Tíu árum á eftir Noregi og Danmörku í netverslun

Á undanförnum tólf mánuðum hafa 55 prósent Íslendinga verslað á netinu. Þrír fjórðu Norðmanna gerðu slíkt hið sama. Flestir Íslendinga keyptu í erlendum netverslunum eða 67 prósent svarenda.

»14

### Haldið að sér höndum

„Sums staðar þykir um 2,5% hagvöxtur, 5% vextir (á næsta ári) og stöðugt stjórnarfar hið besta fjárfestingarumhverfi þó Íslendingar upplifi það ekki þannig,“ segir Kristrún Frostadóttir, aðalhagfræðingur Kviku, í aðsendri grein.




# Heimavellir ætluðu að sækja sér 12 milljarða

Heimavellir, stærsta íbúðaleigufélag landsins, stefndi að því að gefa út skuldabréf fyrir allt að tólf milljarða króna í því augnamiði að endurfjármagna langtímaskuldir félagsins á hagstæðari kjörum. Niðurstaða útboðsins, sem lauk síðastliðinn mánudag, var hins vegar að félaginu tókst að selja fjárfestum skuldabréf fyrir aðeins tæplega fjórðung þeirrar upphæðar, eða samtals 3.180 milljónir króna.

Fram kom í tilkynningu Heimavalla til Kauphallarinnar að félagið hefði annars vegar samþykkt tilboð fyrir 2.300 milljónir í skuldabréfaflokk sem er til 30 ára og ber 3,65 prósenta fasta verðtryggða vexti og hins vegar skuldabréf til 7 ára sem bera 3,2 prósenta fasta verðtryggða vexti. Stefnt er að skráningu skuldabréfanna fyrir lok apríl 2019.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hófu fulltrúar Arion banka, ráðgjafa Heimavalla, fundaröð með fjárfestum snemma í síðustu viku vegna skuldabréfaútboðsins. Fram kemur í kynningu til fjárfesta, sem Markaðurinn hefur undir höndum, að íbúðaleigufélagið hefði haft í hyggju með útboðinu að gefa út tvo nýja skuldabréfaflokka. Annar flokkurinn átti að vera allt að sjö milljarðar króna að stærð og gilda til þrjátíu ára en hinn allt að fimm milljarðar króna að stærð og til sjö ára.

Í lok þriðja ársfjórðungs námu vaxtaberandi skuldir leigufélagsins samtals um 36,6 milljörðum króna. Vaxtakjör Heimavalla eru um 4,4 prósent að meðaltali á verðtryggðum langtímalánum, sem eru um 32 milljarðar, en stjórnendur félagsins hafa sagt að um tíu punkta lækkun á meðalvaxtakostnaði feli í sér um 35 milljóna króna sparnað. Í áðurnefndri fjárfestakynningu er sérstaklega tekið fram að með útgáfu skuldabréfanna hyggist Heimavellir endurfjármagna lán frá Íbúðalánasjóði, svonefnd leiguíbúðalán, sem og bankalán en þau fyrrnefndu eru óhagstæðustu lánin í safni félagsins.


Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri Heimavalla, en íbúðaleigufélagið var skráð á hlutabréfamarkað í maí.

**36,6**
**milljörðum námu samtals vaxtaberandi skuldir Heimavalla í lok september.**

Lánin frá Íbúðalánasjóði námu um 18,6 milljörðum króna í lok síðasta árs og bera meðalvexti upp á 4,6 prósent. Þau eru meðal annars bundin því skilyrði að lántakinn sé ekki rekinn í hagnaðarskyni og hann greiði jafnframt ekki út arð til hluthafa en stefna Heimavalla til framtíðar er að greiða út arð með reglubundnum hætti. **– hae, kij**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5000**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is

BLIKKSMIÐJA
rekstur og fasteign



KONTAKT hefur verið falið að finna kaupendur að Blikkiðjunni ehf. Garðabæ.
Fyrirtækið rekur ágætlega tækjum búna blikksmiðju í eigin húsnæði (alls 635 m$^2$) að Iðnbúð 3.

Nánari upplýsingar gefur Gunnar Svavarsson:
gunnar@kontakt.is

Haukur 12.18

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200


Umfang aflandskrónueigna nemur í dag um þremur prósentum af landsframleiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Einn sjóður með nærri helming aflandskróna

**Bandaríska sjóðastýringarfyrirtækið Loomis Sayles á aflandskrónur að fjárhæð samtals um 35 milljarðar. Um helmingurinn er í íslenskum ríkisskuldabréfum á gjalddaga 2019 og 2022. Seðlabankastjóri óttast ekki aflandskrónuflótta.**

Fjárfestingarsjóðir í stýringu bandaríska fyrirtækisins Loomis Sayles eiga samanlagt nærri helming allra aflandskrónueigna, sem nema um 84 milljörðum króna, en ríkisstjórnin samþykkti í síðustu viku að lagt yrði fyrir Alþingi frumvarp sem mun heimila eigendum slíkra krónueigna að skipta þeim yfir í erlendan gjaldeyri og flytja úr landi.

Í fjárhagsupplýsingum frá sjóðastýringarfyrirtækinu má sjá að sex skuldabréfasjóðir Loomis Sayles áttu í lok október íslensk ríkisskuldabréf og innstæður í krónum að jafnvirði samtals um 35 milljarða. Þær eignir, sem eru skilgreindar sem aflandskrónur og hafa verið læstar undir höftum hér á landi frá setningu fjármagnshafta haustið 2008, eru fyrst og fremst í stýringu tveggja sjóða – Strategic Income Fund og Bond Fund – og er um helmingur þeirra bundinn í íslenskum ríkisskuldabréfum á gjalddaga í febrúar 2019 og október 2022.

Heildarumfang aflandskrónueigna, sem námu um 40 prósentum af landsframleiðslu fyrir tíu árum, hefur minnkað verulega á undanförnum árum vegna aðgerða sem stjórnvöld hafa gripið til, meðal annars með fjárfestingarleið Seðlabankans 2012 til 2015 og gjaldeyrisútboði fyrir aflandskrónueigendur í júní 2016. Þá minnkaði aflandskrónustabbinn um 100 milljarða króna í mars 2017 þegar Seðlabankinn náði samkomulagi við hóp aflandskrónueigenda um að kaupa krónueignir þeirra á genginu 137,5 gagnvart evru.

**Aflandskrónueignir (í milljörðum)**

| | |
|---|---|
| Ríkisbréf og önnur bréf með ríkisábyrgð | 39,5 |
| Innlán og innstæðubréf Seðlabankans | 36,7 |
| Önnur verðbréf og hlutdeildarskírteini | 7,9 |
| **Samtals** | **84 milljarðar** |

Loomis Sayles hafnaði tilboði Seðlabankans, rétt eins og þegar sjóðir fyrirtækisins gerðu þegar þeir tóku ekki þátt í aflandskrónuútboði bankans þar sem eigendum slíkra krónueigna bauðst að selja þær á genginu 190 krónur fyrir hverja evru. Ljóst er að sjóðirnir hafa hagnast á þeirri ákvörðun en við lokun markaða í gær var gengi krónunnar um 140 gagnvart evru. Umfang aflandskróna nemur í dag um 84 milljörðum, eða um 3 prósentum af landsframleiðslu, og eru sjóðir Loomis Sayles því eigendur að lágmarki um 42 prósenta allra slíkra krónueigna.

Fram kom í tilkynningu frá Seðlabankanum og fjármála- og efnahagsráðuneytinu að þær auknu heimildir sem frumvarp Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra fela í sér fyrir aflandskrónueigendur séu þríþættar. Í fyrsta lagi er um að ræða almenna heimild fyrir alla aflandskrónueigendur til að losa eignir til að kaupa erlendan gjaldeyri og flytja á reikning erlendis. Í öðru lagi heimild fyrir aflandskrónueigendur, sem átt hafa aflandskrónueignir samfellt frá 28. nóvember 2008, til að losa þær eignir undan takmörkunum laganna. Í þriðja lagi er heimild fyrir einstaklinga til að taka út allt að 100 milljónir króna af reikningum sem eru háðir sérstökum takmörkunum.

Ljóst er að gengi krónunnar mun gefa verulega eftir ef stór hluti aflandskrónueigenda kýs að skipta eignunum yfir í erlendan gjaldeyri. Seðlabankinn hefur hins sagt að hann sé vel í stakk búinn til að bregðast við skammtímabreytingum á gjaldeyrismarkaði en hreinn forði bankans nemur um 700 milljörðum króna.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri hefur sagt að hann óttist ekki þann möguleika að eigendur aflandskróna muni flytja eignir sínar úr landi yfir skamman tíma. Í viðtali við RÚV á föstudag benti Már á að þarna væru annars vegar aðilar sem væru með laust fé á bundnum reikningum og hins vegar sjóðir sem eru með fjárfestingar í verðbréfum þar sem töluvert væri eftir af líftíma þeirra. „Við vitum að þeir stærstu í seinni hópnum vilja ekkert fara og það geta verið tugir milljarða sem eru þannig og hitt er ekki allt í einu, þannig að þetta verður allt mjög viðráðanlegt,“ sagði Már.
**hordur@frettabladid.is**

# Sjóðir Eaton Vance bæta við sig í Arion

Sjóðir á vegum bandaríska eignastýringarfyrirtækisins Eaton Vance hafa bætt við hlut sinn í Arion banka og fara með samanlagt 3,4 prósenta eignarhlut í bankanum samkvæmt nýjum lista yfir stærstu hluthafa.

Hlutur fjárfestingarsjóðanna í Arion banka er metinn á um 4,8 milljarða króna miðað við núverandi gengi hlutabréfa í bankanum. Sjóðirnir áttu um 1,2 prósenta hlut í bankanum í kjölfar skráningar hans á hlutabréfamarkað í júní en hlutur inn var um 2,6 prósent í byrjun nóvembermánaðar.

Þá hefur Gildi – lífeyrissjóður jafnframt haldið áfram að bæta við sig í Arion banka og á nú tæplega 2,5 prósenta hlut í bankanum að virði um 3,5 milljarða króna. Til samanburðar átti sjóðurinn, sem er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins, um 1,8 prósenta hlut í bankanum um miðjan októbermánuð.


Arion banki var skráður á markað í júní. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**4,7 milljarðar króna er markaðsvirði hlutar sjóða Eaton Vance í Arion banka.**

Gildi – lífeyrissjóður keypti sem kunnugt er tæpan 0,7 prósenta hlut í útboði bankans sem var haldið í byrjun síðasta sumars. **– kij**




**Minnkum kolefnisspor og breytum heiminum**

Þegar fyrirtæki tengist Orku náttúrunnar er það í viðskiptum við leiðandi aðila á heimsvísu í nýtingu jarðvarma og minnkun kolefnisspors í orkuvinnslu. Við virkjanir ON starfar margt fremsta vísindafólk landsins og þróunarverkefni ON í loftslagsmálum hafa vakið heimsathygli. Jarðgufuvirkjanir ON eru með eitt minnsta kolefnisspor í sínum flokki og þar hefur verið þróuð aðferð til að binda koltvíoxíð sem grjót í jarðlögum. Orka náttúrunnar stefnir að sjálfbærri og sporlausri vinnslu jarðhitans. Lítið spor verður stórt stökk fyrir núlifandi og komandi kynslóðir.

**Kynntu þér umhverfisvæna orkuframleiðslu á on.is og fáðu ráðgjöf sérfræðinga ON um hagstæðustu kostina fyrir þitt fyrirtæki.**

ORKA NÁTTÚRUNNAR
Þjónustusími allan sólarhringinn: 591 2700 · www.on.is

ORKA NÁTTÚRUNNAR

# Ísland áratug á eftir Noregi í netverslun

**Sérfræðingur segir að Ísland geti náð Noregi og Danmörku á tveimur til fjórum árum. Á undanförnum tólf mánuðum hafa 55 prósent Íslendinga verslað á netinu. Þrír fjórðu Norðmanna gerðu slíkt hið sama á tímabilinu. Flestir Íslendingar keyptu í erlendum verslunum.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is





Verslun á netinu sækir á hefðbundnar verslanir. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Íslendingar eru að mínu mati tíu árum á eftir Norðmönnum og Dönum í netverslun. Ef haldið er rétt á spöðunum gætum við verið á pari við þá eftir tvö til fjögur ár. Það er nefnilega svo mikið af nýjum leiðum til að vekja athygli á vörum,“ segir Diðrik Örn Gunnarsson, stjórnandi stafrænar þjónustu hjá MediaCom Íslandi og stundakennari við Háskólann í Reykjavík.

Á undanförnum tólf mánuðum hafa 55 prósent Íslendinga verslað á netinu. Flestir keyptu í erlendum netverslunum, eða 67 prósent svarenda. Þeir sem hafa hærri tekjur og meiri menntun eru líklegri til að versla á netinu. Þetta kemur fram í nýrri könnun Zenter rannsókna með tvö þúsund manna úrtaki, segir Diðrik Örn.

„Til samanburðar versluðu þrír af hverjum fjórum Norðmönnum á netinu á síðasta ári, samkvæmt rannsókn Verslunarráðs Noregs. Þetta ætti að vekja verslunarmenn af værum blundi,“ segir Diðrik Örn.

Hann starfaði í 15 ár erlendis á þessu sviði, sjö ár í Danmörku, átta ár í Noregi og flutti aftur til Íslands árið 2016. Hann segir að netverslun fari vaxandi á Íslandi og bendir á að samkvæmt Þjóðarpúlsi Gallup hafi 43 prósent landsmanna keypt einhverjar jólagjafir á netinu fyrir síðustu jól. Það hafi verið mikil aukning frá fyrri mælingum en þá var hlutfallið einungis um 11-15 prósent.

**Hugmyndir að jólagjöfum**

„Það er athyglisvert að myndbönd eru að ryðja sér til rúms sem einn vinsælasti miðillinn þegar kemur að því að fá hugmyndir að jólagjöfum. Næstum tveir þriðju Bandaríkjamanna sóttu innblástur með þeim hætti,“ segir Diðrik Örn.

Ef íslensk fyrirtæki vilja keppa í netverslun þurfa þau að innleiða fyrr ýmis kerfi, að hans mati. „Við erum til að mynda aftar á merinni en aðrir í Evrópu í fríðindakerfum og tæknilausnum.

Það eru engu að síður margir sem horfa til netverslunar í auknum mæli. Ég hef unnið með verslunum sem stefna á að loka í verslunarmiðstöð og selja eingöngu á netinu. Þetta eru verslanir með trausta viðskiptavini. Þær hafa því gott bakland og geta dregið úr kostnaði með því að vera einvörðungu á netinu.

Það eru mikil tækifæri fólgin í netverslun vegna þess að 61 prósent manna eru reiðubúinn að kaupa af fyrirtækjum sem þeir hafa ekki verslað við áður,“ segir Diðrik Örn.

Talið berst að mismunandi aðstæðum til að kaupa á netinu erlendis. Hann segir að Danir búi að nálægð við Þýskaland og Bretland. Norðmenn séu að mörgu leyti líkir Íslendingum en landið sé strjálbýlt sem ýti undir netverslun því ýmsir bæir hafi verið einangraðir. Auk þess megi kaupa fyrir allt að fimm þúsund íslenskar krónur tollfrjálst á netinu.

**Norðmenn versla á netinu því það er ódýrara**

„Rannsókn Verslunarráðs Norðmanna leiðir í ljós að 41 prósent Norðmanna verslar á netinu því það er ódýrara, 22 prósent gera það vegna öryggis og 11 prósent telja það skilvirkara. Netverslun er nefnilega fljótleg, þægileg og hagstæð,“ segir Diðrik Örn.

Norðmenn þrefölduðu kaup sín í gegnum netverslun á árunum 2011 til 2017 í erlendri netverslun. Vöxturinn í norskri netverslun var 101 prósent. Á sama tíma nam vöxtur í hefðbundinni verslun 17 prósentum, að hans sögn.

## Kaupa þarf fyrir 19. desember

Diðrik Örn segir að neytendur og verslunarmenn þurfi að vera meðvitaðir um að kaupa þurfi jólagjafir á netinu af innlendri verslun fyrir 19. desember til að fá þær í hús í tæka tíð fyrir jólin.

„Samkvæmt rannsóknum Google eiga 70 prósent Íslendinga eftir að kaupa jólagjafir síðustu vikuna fyrir jól,“ segir hann.

Konur hugi þó fyrr að jólagjafainnkaupum en karlmenn, ef marka má leit hjá Google undanfarna viku. „58 prósent hafa leitað að jólagjafahugmyndum fyrir karlmenn en 42 prósent að jólagjafahugmyndum fyrir konur. Það verður fróðlegt að sjá hver trónir á toppnum á Þorláksmessu,“ segir hann og efast ekki um að karlmenn verði sveittir við innkaup þá.

Yfirleitt noti fólk síma til að leita að gjöfum. Oftar sé leitað að Kringlunni en Smáralind. Hann segir að einungis 18 prósent Íslendinga hafi keypt jólagjafir á Svörtum föstudegi og Stafrænum mánudegi og því eigi margir eftir að gera sín innkaup.



Diðrik Örn Gunnarsson.

## Hvers vegna kaupa Norðmenn á netinu?




Heimild: Verslunarráð Noregs

## Íslendingar sem kaupa á netinu

Síðustu tólf mánuðir




Heimild: Zenter rannsóknir

# 80 milljónir í þóknanir

Tveir löggiltir endurskoðendur sem voru dómkvaddir til þess að meta meint tjón Íslandsbanka í ágreiningsmáli við Gamla Byr fengu greiddar þóknanir upp á ríflega 81 milljón króna, án virðisaukaskatts, frá því í maí árið 2014 til maí 2018. Tímakaup matsmanna nam 24.500 krónum.

Upplýst er um þetta í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur sem hafnaði fyrr í vetur kröfu Gamla Byrs, sem lauk nauðasamningum í janúar árið 2016, um að matsmennirnir, Lúðvík Karl Tómasson og María Sólbergsdóttir, sem og Jón Guðni Ómarsson, framkvæmdastjóri fjármála hjá Íslandsbanka, yrðu kvödd fyrir dóminn.

Eins og Markaðurinn hefur greint frá hafa tilraunir Gamla Byrs, sem lauk nauðasamningum í janúar árið 2016, til þess að ná sáttum við Íslandsbanka í ágreiningsmáli um virði útlánasafns sem bankinn keypti af Byr og ríkissjóði haustið 2011 ekki borið árangur.

Bankinn telur að ofmat á verðmæti lánasafnsins hafi valdið bankanum fjártjóni og hefur krafist þess að seljendurnir greiði bankanum skaðabætur upp á 7,7 milljarða króna auk vaxta. Bankinn borgaði samtals 6,6 milljarða króna á sínum tíma fyrir allar eignir Byrs.



Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka.

Lögmaður Gamla Byrs byggði á því fyrir dómi að umræddir matsmenn hefðu á löngum tíma þegið það háar greiðslur frá Íslandsbanka að þeir hefðu tapað óhæði sínu.

Fulltrúar Íslandsbanka viðurkenndu að heildarfjárhæð þóknananna væri vissulega há miðað við það sem almennt gengur og gerist í matsmálum. Fjárhæðin ætti sér þó væntanlega þær skýringar að matsatriði málsins væru óvenju umfangsmikil og flókin. Þá hefði öflun og úrvinnsla gagna af hálfu matsmannanna gengið hægar en vonir stóðu til. – kij

EPSON® EXCEED YOUR VISION
Teikningaprentarar
Fyrir arkitekta og verkfræðinga
NÝTT
Ný kynslóð SureColor T
Hagstætt verð - frá kr. 189.000,-
Lægri rekstrarkostnaður
Hagkvæm og umhverfisvæn prentun
Hraðvirkir - A1 allt að 22 sek.
Stór snertiskjár
Prenta á rúllur og arkir
Þráðlaus prentun - margir tengimöguleikar
Með eða án stands - fyrir borð eða á gólf
Vatnsþolið pigment-blek - meiri ljósfesta
H. PÁLSSON
Söluaðili EPSON stórformatsprentara
H. Pálsson - Gylfaflöt 24 - 112 Reykjavík - www.hpalsson.is Sími: 577 7777
Teikningaprentarar - Ljósmyndaprentarar - Skiltaprentarar - Límmiðaprentarar - Skrifstofuprentarar





Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA
12V 30L
frá 1.999
Álskóflur
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur
á frábæru verði
Hjólatjakkur
2T m/tösku
3.795
Öflugar
háþrýstidælur
165Bör
1800W
19.999
Háþrýstidæla
1650W
9.999
6T Búkkar
605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
Mikið úrval af
verkfæratöskum
frá 795
34.995
Verkfæraskápur
á hjólum
79.995
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum
Steðjar í
miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi
angle
6.985
14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk
5.995
Verkfærasett
108 stk
7.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp
ryk/regn/
frostþolið
24.995
Ruslapokar
10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Frábært úrval af
dragböndum/
ströppum
Skóflur
frá 995
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm
Fjölsög
Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC
1200W
19.995
Súluborvél 350W
(m/skrúfstykki)
16.995
Metabo
KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# Aðkoma erlends banka sögð ólíkleg

**Bankasýsla ríkisins telur fátt benda til þess að tilraun til að selja íslenskan banka til erlends banka muni bera árangur. Bankar leggi litla áherslu á landvinninga eftir fjármálahrunið. Frumútboð þurfi að nema allt að 750 milljónum evra til að vekja athygli helstu fjárfesta.**



Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hélt tölu á kynningu hvítbókarinnar í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Bankasýsla ríkisins telur ólíklegt að unnt verði að selja eignarhlut ríkisins í Landsbankanum eða Íslandsbanka til erlends banka. Lítið hafi verið um yfirtökur á bönkum á milli Evrópulanda eftir fjármálahrunið. Hins vegar sé möguleiki á því að stór norrænn banki sjái hag sinn í því að gera íslenskan banka að útibúi.

Eins og kunnugt er hefur starfshópur sem var skipaður af fjármála- og efnahagsráðherra í febrúar lokið vinnu við hvítbók um framtíðarsýn fyrir íslenskt fjármálakerfi. Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu skynsamlegt væri að skrá Landsbankann á markað og selja þá eignarhluti ríkisins í bankanum sem það hyggst láta frá sér í áföngum. Einnig væri skynsamlegt að fara af fullum krafti í að bjóða viðskiptabönkum í nágrannaríkjunum að kaupa Íslandsbanka í heild.

Bankasýsla ríkisins skilaði minnisblaði til starfshópsins þar sem fram kemur að sala til erlends viðskiptabanka sé ólíkleg og sú skoðun hafi verið staðfest að mestu leyti í reglulegum samskiptum við alþjóðlega fjárfestingarbanka.

„Á undanförnum árum og í kjölfar fjármálakreppunnar hefur verið afar lítið um samruna og yfirtökur á bönkum á milli landa í Evrópu. Bitur reynsla af fyrri yfirtökum, lág arðsemi, flóknara regluverk og auknar eiginfjárkröfur hafa átt sinn þátt í því,“ segir í minnisblaðinu. „Bankar eru að draga sig út úr fjárfestingum fyrri ára og einbeita sér að kjarnarekstri á eigin heimamarkaði, en ekki að frekari landvinningum.“

Bendir Bankasýslan á að stórir bankar á Norðurlöndum eigi nú þegar í lánaviðskiptum við stærstu innlendu félögin á Íslandi og því sé lítill hagur fyrir þá að taka yfir bankastofnanir á Íslandi. Hins vegar geti stór norrænn banki, sem styðst við innramatsaðferð, haft fjárhagslegan hag af því að kaupa íslenskan banka og breyta honum í útibú.

Segir stofnunin að kanna beri til hlítar hvort staðar sé áhugi erlendra viðskiptabanka. Líklega verði hlutafé íslenska bankans þá selt í einu lagi. Þá sé enn mikilvægara, ef selja á íslenskan banka til erlends banka, að lækka sérstakar álögur á íslensk fjármálafyrirtæki enda séu útibú erlendra fjármálafyrirtækja ekki undanþegin bankaskatti.

### Útboð þurfi að vera stórt

Bankasýslan telur líklegast að fyrsta sala ríkisins á eignarhlutum ríkissjóðs í Íslandsbanka og Landsbankanum fari fram með frumútboði. Útboðið þurfi að vera af þeirri stærðargráðu að það útiloki ekki hóp fjárfesta sem annars væru líklegir til þátttöku. Nefnir stofnunin í því samhengi Arion banka og NIBC en andvirði hvors útboðs var um 320 milljónir evra.

„Í báðum tilvikum mátti greina fjarveru ákveðins hóps fjárfesta sem hugsanlega má rekja til smæðar útboðsins. Þannig var frumútboðið sjálft eða markaðsvirði hlutabréfa í viðkomandi banka eftir frumútboð, ekki nægjanlega hátt til að telja hlutabréfin nokkurs konar skyldueign þar sem það hefði ekki svarað tilkostnaði fjárfesta að kynna sér frumútboðið,“ segir í minnisblaðinu.

„Talið er að frumútboð af stærðinni 500 til 750 milljónir evra sé nægjanlegt til að vekja athygli helstu fjárfesta.“

### Verðmæti háð arðsemi

Í hvítbókinni kemur fram að áætlað markaðsvirði banka hafi gríðarleg áhrif á verðmat hlutafjár þeirra. Markaðsvirði hlutafjár banka með 6 prósenta arðsemi sé einungis 0,53x af innra virði á meðan markaðsvirði hlutafjár banka með 10 prósenta arðsemi nemi 0,98x af innra virði.

„Þannig sést að hlutir í bönkum með 6,5 prósenta áætlaða arðsemi, þ.e. sömu og Arion banki í dag, ættu að vera metnir á 0,59x. Hins vegar voru hlutir í Arion banka metnir á 0,70x í lok nóvember 2018,“ segir í hvítbókinni.

Hlutfall markaðsverðs og bókfærðs verðs hjá Arion banka hefur sveiflast á bilinu 70 til 80 prósent frá því bankinn var skráður á markað. Hlutfallið gefur vísbendingu um að verðmæti Íslandsbanka og Landsbankans sé á bilinu 290-330 milljarðar króna að mati starfshópsins.

**thorsteinn@frettabladid.is**

## Tengsl verðmætis banka og arðsemi

Markaðsvirði hlutafjár evrópskra banka sem margfeldi af undirliggjandi bókfærðu virði eigin fjár og áætluð ávöxtun eigin fjár á árinu 2019.




**Í kjölfar fjármálakreppunnar hefur verið afar lítið um samruna og yfirtökur á bönkum á milli landa í Evrópu.**

**Íslenskur fjárfestingakostur þarf að vera aðlaðandi í gæðum og verði til að höfða til erlendra fjárfesta.**

## Erlendir fjárfestar furða sig á rekstrarumhverfinu

Arion banki var fenginn til að skrifa minnisblað um lærdóminn af söluferli bankans sem lauk með skráningu á markað í júní 2018. Þar kom fram að eitt af því sem forsvarsmenn bankans lærðu í viðræðum við erlenda fagfjárfesta væri að þeir „þurfa ekki að eiga Ísland“.

Skráningar íslenskra félaga á markað væru ekki af þeirri stærðargráðu að erlendir fagfjárfestar teldu sig þurfa að taka þátt. „Íslenskur fjárfestingakostur þarf að vera aðlaðandi í gæðum og verði til að höfða til erlendra fjárfesta,“ segir í minnisblaðinu.

Erlendir fjárfestar hafa að sögn bankans mikla trú á íslensku efnahagslífi en minni sannfæringu fyrir því að stjórnvöld og regluumhverfi hérlendis sé eins og best verður á kosið. Skyndileg hækkun á kerfisáhættuauka og ákvörðun Seðlabankans um bindiskyldu á erlent fjármagn hafi einnig orkað tvímælis fyrir fjárfesta.

Lög um kaupauka komu erlendum fjárfestum á óvart og þeir furðuðu sig á því að bankinn skyldi vera í samkeppni um íbúðalán við lífeyrissjóði sem sættu ekki sömu kröfum um eigið fé, útlánatap og skattgreiðslur.




# Nýtt bankaviðskiptaapp Arion banka opið öllum

Ný útgáfa af Arion appinu mun fara í loftið á næstu dögum og verður hún öllum opin, ekki aðeins viðskiptavinum Arion banka. Framkvæmdastjóri hjá bankanum segir að um sé að ræða nýja hugsun á íslenskum bankamarkaði.

Þegar appinu hefur verið hlaðið niður er til dæmis hægt að stofna debetreikning og panta greiðslukort, stofna reglulegan sparnað eða taka svokallað Núlán þar sem kjör og lánsupphæð byggja á lánshæfismati hvers og eins. Einnig fylgir aðild að Einkaklúbbnum sem er stærsti fríðinda- og afsláttarklúbbur landsins.

„Þetta er ný hugsun á íslenskum bankamarkaði að okkar mati og ákvörðunin um að opna dyr að stafrænum lausnum bankans með þessum hætti byggir ekki síst á þeim góðu viðtökum sem rafræna greiðslumatið vegna íbúðalána fékk á sínum tíma,“ segir Iða Brá Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka, en 40 prósent þeirra sem fara í gegnum greiðslumatið á vef bankans eru viðskiptavinir annarra banka.

„Við sáum það vel þegar við kynntum stafræna greiðslumatið til leiks að snjallar lausnir sem auka þægindi, spara tíma og jafnvel peninga höfða til fleiri en okkar viðskiptavina. Greiðslumatið var þjónusta sem allir gátu nýtt sér.“

Iða Brá segir að með appinu geti fólk valið þá þjónustu sem hentar því best enda þurfi fólk ekki að vera með öll viðskipti hjá einum banka. Þá felist engin skuldbinding í því að sækja appið.

„Við erum hvergi nærri hætt og munum á nýju ári kynna fleiri spennandi lausnir fyrir viðskiptavini okkar sem auðvelda þeim lífið og gera þjónustuna okkar enn þægilegri,“ segir Iða Brá.



Iða Brá Benediktsdóttir er framkvæmdastjóri viðskiptasviðs Arion.


SR
STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:
GULLÖLD
SVEIFLUNNAR
NÝÁRSTÓNLEIKAR Í ELDBORG
6. JANÚAR KL. 20.00
Friðrik Ómar
Hansa
Jógvan
Katrín Halldóra
STJÓRNANDI & KYNNIR:
Sigurður Flosason



**Stofnendurnir Sigurgísli Bjarnason og Stefán Melsted. „Við höfðum trú á þeirri hugmynd að opna veitingastað eins og við vildum borða á," segir Stefán.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Náðu góðum tökum á rekstri Snaps

**Snaps, einn vinsælasti veitingastaður landsins, opnaði dyr sínar á góðum tíma árið 2012. Fáir voru að opna nýja veitingastaði í miðbænum og efnahagslífið var að rétta úr kútnum. Stofnendurnir tveir lögðu til þrjár milljónir í hlutafé og tóku sjö að láni. Þeir sýndu útsjónarsemi við opnun staðarins eins og að innrétta með notuðum munum og fundu fyrsta djúpsteikingarpottinn í nytjagámi á Bíldudal.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Margir réðu stofnendum Snaps, sem er einn vinsælasti veitingastaður landsins, frá því að opna staðinn. „Hugmyndin kviknaði í lok árs 2011 þegar efnahagslífið var enn að sleikja sárin eftir fjármálahrunið. Sagt var við okkur að veitingastaðurinn myndi aldrei ganga enda er hann ekki við aðalgötu," segir Sigurgísli Bjarnason viðskiptafræðingur sem stofnaði Snaps ásamt Stefáni Melsted kokki.

Stefán rifjar upp að feður þeirra, veitingamaður og lögmaður, hafi verið býsna áhyggjufullir gagnvart hugmyndinni í byrjun. Sigurgísli segir að faðir hans, sem er veitingamaður, hafi séð fyrir sér árin þegar hann rak Cafe Óperu í miðbæ Reykjavíkur, sem var einn vinsælasti veitingastaður landsins, í kringum 1990, ljóslifandi. „Þrátt fyrir miklar vinsældir var það erfiður tími og rekstrarumhverfi erfitt."

**Opnuðu á góðum tíma**

*Af hverju ákváðuð þið að kýla á þetta?*

Stefán: „Við höfðum trú á þeirri hugmynd að opna veitingastað eins og við vildum borða á og vorum harðákveðnir í að láta hann verða að veruleika. Það kom líka á daginn að við opnuðum Snaps á góðum tíma, árið 2012. Fáir voru að opna nýja veitingastaði í miðbænum og efnahagslífið var að rétta úr kútnum."

Veitingamennirnir voru um þrítugt við stofnun Snaps. „Við lögðum til þrjár milljónir í hlutafé og tókum sjö milljónir króna að láni," segir hann.

Sigurgísli segir að þeir hafi fengið hagstæðan leigusamning til 15 ára og fjölskylda, vinir, frændur og frænkur réttu þeim hjálparhönd við undirbúning opnunarinnar. „Við sættum okkur við að nota gömlu eldhúsinnréttinguna hans afa á barinn, keyptum gamla kæla og fyrsti djúpsteikingarpotturinn fannst í nytjagámi á Bíldudal.

Við keyptum antíkstóla frá Danmörku en pabbi átti mikið inni í geymslu sem við gátum nýtt, eins og marmaraborð sem voru á gamla Vörumarkaðnum í Ármúla og ljós frá Cafe Óperu. Speglar og fatahengið komu úr gamalli hárgreiðslustofu á móti Vitabar. Þessir hlutir gæða veitingastaðinn lífi," segir hann. Sigurgísli og Stefán stóðu sjálfir að því að innrétta staðinn og nutu aðstoðar Hálfdánar Petersen hönnuðar. „Birgjar sýndu okkur mikla þolinmæði í upphafi og þetta hefði ekki verið hægt án þess góða sambands sem við eigum við þá."

**Fyrsta árið var strembið**

Stefán: „Fyrsta árið var strembið. Við gátum iðulega ekki greitt okkur laun fyrstu sex til átta mánuðina. Ég spurði Sigurgísla oft eftir að við borguðum launin hvað væri mikið eftir. Sigurgísli sagði þá fimm þúsund krónur! Og við önduðum léttar því að við gátum greitt starfsfólkinu laun á réttum tíma. Þetta stóð stundum tæpt en hefur alltaf gengið upp. Eitt af því sem við, sem stjórnendur fyrirtækis, höfum áhyggjur af er að geta greitt laun. Við sögðum í upphafi að við vildum reka fyrirtækið með heiðarlegum hætti og standa okkar plikt gagnvart starfsmönnum og skattinum.

Eftir sex til átta mánuði gátum við greitt okkur einhver laun og eftir þrjú ár urðu launin eins og hefðbundin kokkalaun. Á þessum tíma borðuðum við einfaldlega starfsmannamatinn í flest mál og vorum hér öllum stundum, ég í kokkafötum og Sigurgísli með svuntuna. Við eyddum þess vegna litlu."

Stefán segir að fyrsta árið hafi Snaps tapað peningum. „Við vorum að læra á reksturinn og vorum að vinna með lágt verð. Þess vegna töpuðum við fyrsta árið. Samt var brjálað að gera hjá okkur."

Sigurgísli: „Það héldu allir að við hefðum ansi gott upp úr Snaps en staðreyndin var sú að við töpuðum tíu milljónum króna fyrsta árið."

> **Gengisþróun krónu er tvíeggjað sverð. Við njótum góðs af veikingu krónu því hún fer beint í vasa erlendra ferðamanna. En að sama skapi hækka aðföng. Þau eru mikið til innflutt og ef þau eru ekki innflutt krefjast þau í mörgum tilfellum innflutts fóðurs eða áburðar.**
>
> Sigurgísli

> **Það þýðir ekkert að sjá eftir neinu. Það mikilvægasta er að hafa gaman af því sem við erum að gera.**
>
> Stefán

**Vín hússins lítið hækkað í verði**

Stefán: „Við stilltum verðið af en gættum þess sérstaklega að hafa álagninguna á vínum hóflega. Við vildum frekar halda verðinu lágu. Hugmyndin er að selja í staðinn fleiri flöskur. Vín hússins hefur til dæmis einungis hækkað um 5 prósent á síðastliðnum sex árum."

*Hvers vegna virkar Snaps?*

Sigurgísli: „Í grunninn er þetta sambland af sanngjörnu verði, góðri upplifun og gæðum í mat og drykk og góðu starfsfólki sem margt hvert

# Fólk

MIÐVIKUDAGUR 12. DESEMBER 2018

## Jól



Ingu Lilju Jónsdóttur langaði í stórt jólaþorp líkt og er að finna á heimili föður hennar. Vegna plássleysis ákvað hún að búa til nokkur smáþorp í stórum kertastjökum í staðinn. →4



# Elskum að dekra við konur

Það er komin notaleg jólastemning hjá Bernharð Laxdal í Skipholti. Þar fást glæsilegir jólakjólar og dýrindis kápur fyrir hátíðirnar og allt sem eina konu gæti dreymt um að finna í jólapakkanum. →2

Bernharð Laxdal er fornfræg kápu- og kjólaverslun sem klæðir hverja konu svo af ber. Hér er Anna Þórisdóttir í glæstri kápu og með loðkraga. MYND/ANTON BRINK

*Skötuveisla!*
*7.-23. desember*

*Afslátttur fyrir hópa.*
*Pantanir í síma*
*517 3131 eða 696 5900*
SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Sjávarbarinn – Grandagarði 9 – sjavarbarinn.is



Glæsilegar kápur og kjólar eru aðalsmerki Bernharðs Laxdal. Hér má sjá brot af úrvalinu nú fyrir jólin og gefast freistandi tilboð á úlpum, kápum, kjólum og fylgihlutum í versluninni á aðventunni.

Við elskum að dekra við konur og finna rétta fatnaðinn fyrir hátíðirnar," segir Guðrún Axelsdóttir, eigandi Bernharðs Laxdal í Skipholti.

Sparikjólar og kápur eru sérgrein Bernharðs Laxdal og þar svigna nú fataslár og búðarborð undan dýrindis sparifatnaði innst sem yst.

„Aðventan er mikill uppáhaldstími hjá okkur í búðinni og við leggjum okkur fram um að finna réttu jólagjöfina fyrir viðskiptavini okkar. Alls kyns peysur eru sívinsælar í jólapakkann en líka ýmsir fylgihlutir eins og hanskar, silkislæður, treflar, belti, húfur og glæsilegir skinnkragar," upplýsir Guðrún í glæsilegri verslun Bernharðs Laxdal.

„Því fylgir svo engin áhætta ef flíkin hentar ekki sem best því það er ekkert mál að skipta," segir Guðrún. „Við erum með gríðarlega mikið úrval af kvenfatnaði og nýjar vörur koma í hverri viku, svo það er úr miklu og freistandi úrvali að velja."

## Fornfræg kvenfataverslun

Hjá Bernharð Laxdal fást heimsþekkt vörumerki. Þar á meðal Gerry Weber, Taifun, Samoon, Betty, Barclay, Vera Mont og fleiri og fleiri.

„Bernharð Laxdal er fornfræg kápuverslun og hefur glatt konur í áratugi með glæsilegu úrvali af kápum, úlpum og jökkum," segir Guðrún. „Hágæða ullarkápur frá Zincia Rocca eru algjör klassík, Creenstone-kápurnar samanstanda af einstakri hönnun og gæðum, og



Hjá Bernharð Laxdal er tekið vel á móti viðskiptavinum. Frá vinstri: Lilja, Brynja, Anna, Rannveig, Hjördís og Guðrún. MYND/ANTON BRINK




> **Aðventan er uppáhaldstími hjá okkur í búðinni og við leggjum okkur fram um að finna réttu jólagjöfina fyrir viðskiptavini.**

eins eigum við mikið af alls kyns dúnkápum og dúnúlpum, en hægt er að skoða hluta af úrvalinu á laxdal.is/yfirhafnir," útskýrir Guðrún.

Fyrir jólin blasa við draumfagrir sparikjólar í verslun Bernharðs Laxdal.

„Við erum nýbúnar að taka upp glæsilega síðkjóla og styttri kjóla fyrir hina ýmsu viðburði sem aðventan býður upp á og gerir hverja konu að skarti þegar kemur að útliti og klæðaburði um hátíðirnar mestu," segir Guðrún.

## Ýmis tilboð bjóðast hjá Bernharð Laxdal til jóla

„Við bjóðum ýmsar úlpur á 20 til 30 prósenta afslætti, svartar dragtir frá Gerry Weber á 10 prósenta afslætti, Samoon í stærri stærðum frá Gerry Weber á 15 prósenta afslætti og ýmsa gullfallega kjóla á 30 prósenta afslætti," segir Guðrún sem ásamt starfsfólki sínu tekur af alúð og natni á móti viðskiptavinum sínum.

Bernharð Laxdal er í Skipholti 29b. Sími 551 4422. Skoðið úrvalið á laxdal.is.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 550 5769 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,


Jólagjöfin hennar
Nero Giardini 29.980
Nero Giardini 32.980
Nero Giardini 29.980
Nero Giardini 29.980
Nero Giardini 29.980
LOFINA 46.980
HÖGL 25.980
HÖGL 28.980
hjá Hrafnhildi
Nero Giardini 30.980
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is






Litlu þorpin má finna víða í íbúð Ingu Lilju, í kertastjökum og skálum. Þorpin vekja ávallt lukku, sérstaklega hjá yngstu kynslóðinni sem bíður spennt eftir að þorpin fari upp á aðventunni.

# Krúttstjakarnir kæta

**Ingu Lilju Jónsdóttur langaði í stórt jólaþorp líkt og er að finna á heimili föður hennar. Vegna plássleysis ákvað hún að búa til nokkur smáþorp í stórum kertastjökum í staðinn.**

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is


Ég er mikið jólabarn. Einum of mikið, segir maðurinn minn,“ segir Inga Lilja glettin en bætir við að hún skreyti þó yfirleitt hóflega. Hins vegar sé hún mjög föst í hefðum og hugi snemma að undirbúningi jólanna, baki mikið og föndri. Hún á tvær stelpur, tólf og átta ára. „Sú yngri er eins og mamma sín, algert jólabarn. Við sitjum á kvöldin og föndrum saman og hún er sú sem byrjar að skipuleggja með mér jólin í nóvember.“

Um miðjan nóvember fara þær mæðgur að velta fyrir sér skipulagningu jólanna, draga fram skrautið og ákveða hvað eigi að fara upp þetta árið. Inga Lilja á mikið safn af jólaskrauti sem hún hefur bæði keypt sjálf eða áskotnast héðan og þaðan. „Fyrir þessi jól var ýmislegt sem fékk að vera áfram í geymslu. Þegar maður er með lítið pláss þarf maður að velja og hafna.“

Fyrir tveimur árum fékk Inga Lilja hugmynd að nýrri skreytingu, en það var að setja smáþorp í kertastjaka og luktir. „Ég hjálpa pabba mínum á hverju ári en hann er með stórt og mikið jólaþorp. Mig langaði að hafa einhvers konar jólaþorp heima hjá mér en plássleysi kom í veg fyrir slíkt. Þá datt mér í hug hvort ég gæti ekki sett upp lítil þorp hér og þar á heimilinu. Ég fór á netið og leitaði að hugmyndum og fann þá hugmynd að fylla alla stjaka og luktir heimilisins af húsum og fólki. Þetta kemur mjög skemmtilega út og börnin eru farin að bíða eftir því strax í nóvember að við setjum þorpin upp, en dóttir mín kallar þetta krúttstjaka.“

Stjakana keypti Inga Lilja í Costco og þá notar hún allan ársins hring undir kerti. Svo fá þeir annað hlutverk á aðventunni. Húsin og fólkið hefur hún keypt í Rúmfatalagernum en snjóinn í BYKO.

„Ég er alltaf að safna að mér fleiri húsum með það fyrir augum að geta verið með stórt jólaþorp þegar ég flyt í stærra húsnæði.“

Inga Lilja heldur mjög í hefðir og ein skemmtileg hefð er að setja upp lifandi jólatré um miðjan desember sem fjölskyldan fer sjálf að saga niður. „Við förum með vinnu mannsins míns og sögum niður jólatré í Brynjudal í Hvalfirði. Þetta er yndisleg stund þar sem við veljum tré, drekkum kakó og tölum við jólasveina.“



Ingu Lilju dreymir um stórt jólaþorp en þangað til lætur hún smáþorpin í krúttstjökunum nægja. MYNDIR/ ANTON BRINK



Flest húsanna eru úr Rúmfatalagernum en snjórinn er úr BYKO en Inga segir hann langbestan.



## HLÝJAR OG NOTALEGAR JÓLAGJAFIR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Tech hálfrennd barna 6.990 kr.
Tech Leggings barna 6.990 kr.
Tech Hálfrennd barna 6.990 kr.
Tech Leggings barna 6.990 kr.
Everyday leggings dömu/herra 9.990 kr.
Oasis Curve hálfrennd dömu 13.990 kr.
Oasis Curve leggings dömu 11.990 kr.

# icebreaker® MERINO

Icebreaker Merino ull - fyrir alla þá sem vilja ullarfatnað sem stingur ekki og dregur ekki í sig lykt.

- Stingur ekki
- Dregur ekki í sig lykt
- Saumar sem koma í veg fyrir núning
- Náttúruleg vörn gegn bakteríum
- Fljótt að þorna
- Hnökrar lítið sem ekkert
- Þarf ekki ullarþvott, má þvo á 40°

**Fjölbreytt úrval lita og mismunandi þykktir**

**100% Merino ull**
Bolir, leggings, jakkar, sokkar, vettlingar, nærföt, skyrtur og húfur.

Oasis Crewe herra 11.990 kr.

Quantum rennd hettupeysa herra 22.990 kr.
Quantum rennd hettupeysa dömu 22.990 kr.
Away rennd hettupeysa dömu 22.990 kr.
Departure skyrta herra 18.990 kr.
Lodge skyrta herra 18.990 kr.
Anatomica Boxers herra 6.290 kr.

Everyday Crewe dömu 9.990 kr.
Everyday Cami dömu 6.990 kr.
Sprite Hot Pants dömu 5.590 kr.
Everyday Boy Shorts dömu 4.990 kr.
Anatomica Zone Boxers herra 6.290 kr.

Tech Hálfrennd herra 15.990 kr.
Oasis Crewe síðerma herra 11.990 kr.
Elemental rennd hettupeysa dömu 29.990 kr.
Vertex Drift hálfrennd dömu 15.990 kr.
Vertex Drift leggings dömu 13.990 kr.
Tech Lite herra 8.990 kr.
Tech Lite dömu 8.990 kr.

# GG•sport

GG•sport · BÓNUS · BYKO

Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópavogi, sími: 571 1020 • www.ggsport.is

Jóla-opnunartími: virka daga 10.00 til 18.00, laugardag og sunnudag 11.00 til 18.00 Föstud. 21. des. 10.00 til 19.00 mánud. 24. des 10.00 til 12.00

„Finndu okkur á Facebook"

# Batman bestur á jólunum

Hugleikur Dagsson er mikill áhugamaður um kvikmyndir og horfir á margar jólamyndir um hver jól. Hann á óvenjulegar uppáhaldsmyndir en kann að meta óhefðbundnar og sívinsælar jólabíómyndir.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Fyrir jólin reynir rithöfundurinn, grínistinn og jólabarnið Hugleikur Dagsson að horfa á eins mikið af jólamyndum og hann getur. Uppáhaldsjólamyndirnar eru ekki mjög hefðbundnar, en hann hefur gaman af fjölbreyttum jólamyndum, allt frá blóðugum hryllingsjólamyndum frá 8. áratugnum til rómantískra gamanmynda frá fyrsta áratug 21. aldar, ásamt öllum klassísku jólamyndunum sem flestir þekkja. Jólin hafa yfirleitt mikil áhrif á vinnu hans því hann gefur venjulega út jólabrandara og bók fyrir hver jól.

## Óvenjulegur topp þrjú listi

„Mín uppáhaldsjólamynd er Batman Returns eftir Tim Burton. Hún er líka uppáhalds Tim Burton myndin mín. Ég get vitnað endalaust í hana,“ segir Hugleikur. „Þetta er gífurlega tragísk mynd og eins og í öllum góðum Batmanmyndum stela vondukarlarnir senunni.



Hugleikur Dagsson er jólabarn og hann undirbýr sig fyrir jólin með því að gefa út nýtt efni og horfa á eins margar jólamyndir og hann getur.

Það er erfitt að gera upp á milli Mörgæsarmannsins og Kattakonunnar, en það er ekki hægt annað en að verða heillaður af frammistöðu Michelle Pfeiffer í hlutverki Kattakonunnar. Þetta er hennar besta hlutverk.

Ég er jólabarn, þannig að í desember reyni ég að skella eins mörgum jólamyndum í tækið og ég get. Ég horfi alltaf á Batman Returns, en svo er ein svona pínu spari, sem er Eyes Wide Shut,“ segir Hugleikur. „Hún fjallar í rauninni um það sem gerist ef Tom Cruise er með brundfyllisgremju um jólin. Það gengur ekkert upp hjá honum í þessari mynd og það er eitthvað fallegt við það. Ég hef séð hana nokkrum sinnum og ég get ekki enn sagt hvað þessi mynd er að segja manni, en hún gerist um jólin og það er flott jólastemning og jólaljós í henni.

Þessar tvær eru á topp þrjú listanum mínum yfir jólamyndir, ásamt Just Friends, sem myndi vera hefðbundnasta jólamyndin. Ég held að hún rati yfirleitt fyrst í tækið, en ég er að reyna að spara hana svo ég hætti ekki að hafa gaman af henni. Hún er með Ryan Reynolds og fer í alveg rosalegar formúluáttir og ég þarf alltaf að réttlæta það að ég fíli þessa mynd,“ segir Hugleikur. „En hún er drullufyndin og sannfærði mig um að Ryan Reynolds sé framúrskarandi gamanleikari. Þess vegna var ég ánægður þegar hann var fenginn til að leika Deadpool. Hann er fullkominn í það.“



Kattakonan og Mörgæsarmaðurinn stela senunni í Batman Returns, uppáhaldsjólamynd Hugleiks. NORDICPHOTOS/GETTY

## Jól og kvikindisskapur

„Shane Black er uppáhaldsjólamyndahöfundurinn minn. Hann skrifaði Lethal Weapon, The Long Kiss Goodnight og The Last Boy Scout og leikstýrði og skrifaði Kiss Kiss Bang Bang, Nice Guys og Iron Man 3. Þessar myndir eiga það allar sameiginlegt að jólin koma fyrir í þeim,“ segir Hugleikur. „Þetta er nánast hækja sem Shane Black notar í handritsskrifum. Þetta eru allt svona frekar illkvittnar myndir, þó að þær séu líka húmorískar og þær gerast í hrjúfum heimi. Jólin eru mjög góð andstæða við allan kvikindisskapinn.“

## Getur horft á Jimmy Stewart endalaust

„Ætli Die Hard sé ekki orðin klassískasta jólamyndin, ásamt Christmas Vacation og Home Alone. En það er ein sem hittir alltaf í hjartastað, það er It's a Wonderful Life. Ég myndi segja að það sé svona allra besta og fallegasta jólamyndin,“ segir Hugleikur. „Það er svo fallegur boðskapur og það er hægt að horfa á Jimmy Stewart endalaust, hann er kóngur „feel-good“ myndanna. Ég set hana yfirleitt í gang á aðfangadag og hef hana í gangi á meðan ég tek til og svona.“



Hugleikur setur Eyes Wide Shut eftir Stanley Kubrick í annað sæti yfir uppáhaldsjólamyndirnar sínar. NORDICPHOTOS/GETTY

## Skaðbrenndir skósveinar jólasveinsins

„Svo eru það hryllingsmyndirnar. Gremlins verður oft fyrir valinu á jólunum, Black Christmas frá 1974 er frábær „slasher“ mynd og Rare Exports, finnska jólasveinamyndin þar sem jólasveinninn er vondur, er mjög skemmtileg,“ segir Hugleikur. „Svo sá ég eina athyglisverða hollenska mynd sem heitir Sint og fjallar um hollenska jólasveininn. Hann lítur út eins og biskup, ferðast um á hesti og er með fullt af gullhringjum, því hann er byggður á einhverjum kaupmanni sem gaf gjafir. En það vandræðalega við hollenska jólasveininn er að í staðinn fyrir álfa er hann með heilan her af fólki með „blackface“, sem er alveg stórfurðulegt.

Það er afsakað með því að segja að þeir séu svona svartir í framan því þeir fara niður strompinn og eitthvað svoleiðis, en það útskýrir ekki krullaða hárið. Þetta er bara gífurlega vandræðalegt og þessum sið er mótmælt á hverju ári, en fólk vill halda í siðina,“ segir Hugleikur. „Í þessari mynd eru þeir reyndar skaðbrenndir í framan í stað þess að vera með blackface, sem er einhvern veginn minna hryllilegt.“

## Setur jólin í vinnuna

„Ég set jólin alltaf í vinnuna mína. Ég fer í gang í desember og byrja að birta jólabrandara á netinu daglega,“ segir Hugleikur. „Ég reyni líka alltaf að gera einhvers konar jóladagatal. Svo var ég að hanna nýjar jólapeysur sem voru að detta inn á síðuna mína, dagsson.com.

Ég var líka að gefa út dagatal fyrir árið 2019 og er að gefa út ritsafnið 666 jokes á ensku.

Svo gef ég líka alltaf út bækur á síðustu stundu fyrir jól, útgefendum mínum til mikillar gremju,“ segir Hugleikur. „Fyrir þessi jól gaf ég út bók sem heitir „Put your little hand in mine“, sem fjallar um aðra vetrarhátíð, groundhog day (dag múrmeldýrsins).

Ég gerði söguna í samstarfi við Listahátíð í tilefni af komu Bill Murray til landsins. Ég gerði endurgerð af kvikmyndinni Groundhog Day í spýtukallaformi. Þetta er línuleg saga í lengra formi en ég skrifa venjulega. Það er allavega upphaf og endir á henni. Ég veit ekki hvort það sé miðja. Hún er mjög kaotísk og klikkuð og einmitt skrifuð þannig, algjörlega óskipulögð og ég vissi sjaldnast hvað myndi gerast í næsta ramma á meðan ég var að teikna rammann á undan. Það kom mér mikið á óvart hvert sagan fór, því ég lét hana bara ráða,“ segir Hugleikur. „Þetta eru samtals 900 rammar og ég teiknaði þá alla á eitt blað sem er 150x150 cm. Ég var búinn að reikna út að ég kæmi 900 römmum á blaðið og svo fyllti ég bara út í þessa ramma. Það er hægt að skoða verkið í Bíó Paradís og bókin kom út 10. desember.“



# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is


## Bílar & Farartæki

Bílalíf



**7 MANNA**
Dodge Grand Caravan Stow and Go. Árg.2016,ek.aðeins 75.þús km, bensín, sjálfskiptur.Verð aðeins 2.990.000.- Er á staðnum á nýjum nagladekkjum.

**Bílalíf**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

BETRIBILAKAUP.IS
- Betri verð - Örugg og góð þjónusta -



2019 Mitsubishi Outlander S-EDITION á frábæru verði: 5.990.000 kr. Kaupauki fylgir í takmarkaðan tíma, virði 140.000 kr.

**Betri bílakaup ehf.**
**Ármúla 4, 108 Reykjavík**
**Sími: 511 2777**
**Netfang: sala@betribilakaup.is**
**www.betribilakaup.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

**VAKA**
BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA



Sími: 567 6700 | vakahf.is

## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn**
**5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

## Húsaviðhald

**K2**
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994



**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
**907 2003**
Hjálparstarf kirkjunnar

## Þjónusta



Vörubílastöðin Silfri ehf hefur 9 trukka, þar af einn ADR bíl og einn 4 öxla vörubíl og kranabíl.

Grunnar, malarkeyrsla, flatvagnar o.fl.

**Góða þjónusta - vönduð vinna þaulvanir menn - Ávallt gott verð.**

**Silfri ehf | S. 894 9690 | silfriehf.is**

Ráðgjöf Fræðsla Forvarnir

"Doktor.is er ætlað að auðvelda aðgengi almennings að upplýsingum og ráðgjöf um heilsu, lífsstíl og forvarnir.„
Teitur Guðmundsson, læknir og ritstjóri doktor.is



Doktor.is



# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

## Keypt & Selt

### Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

**LED leiðiskrossar**



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

**Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is**

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

Heimaás

**VERKAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða verkamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8636399 Styrmir

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

# Atvinnuauglýsingar | Job.is

## Kjara- og mannauðssýsla ríkisins – Lögfræðingur

capacent

Kjara- og mannauðssýsla ríkisins leitar að metnaðarfullum og úrræðagóðum lögfræðingi til starfa.

KMR er miðstöð kjara- og mannauðsmála hjá ríkinu og ber ábyrgð á stefnumótun og framþróun málaflokksins.

Starf hjá Kjara- og mannauðssýslu ríkisins býður upp á fjölbreytt verkefni sem spanna öll svið vinnumarkaðs- og mannauðsmála.

Upplýsingar og umsókn á
**capacent.com/s/12250**

## SSH - FRAMKVÆMDASTJÓRI

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) óska eftir að ráða framkvæmdastjóra.

Nánari upplýsingar veita:
Þórir Þorvarðarson,
**thorir@hagvangur.is**
Geirlaug Jóhannsdóttir,
**geirlaug@hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með 31. des. 2018

Umsóknir óskast fylltar út á
**www.hagvangur.is**

## Fiskkaup – Framleiðslustjóri

capacent

Fiskkaup óskar eftir að ráða framleiðslustjóra. Starfsmaðurinn mun heyra beint undir framkvæmdastjóra félagsins.

Upplýsingar og umsókn á
**capacent.com/s/12249**

## Mýrdalshreppur – Skrifstofustjóri

capacent

Mýrdalshreppur óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í starf skrifstofustjóra. Starfið er mjög margþætt og krefst því góðrar færni á ýmsum sviðum. Húsnæðishlunnindi fylgja starfinu.

Upplýsingar og umsókn
á **capacent.com/s/12251**

## Innkaupastjóri

intellecta

Ört vaxandi byggingavöruverslun sem starfar í krefjandi samkeppnisumhverfi óskar eftir að ráða kraftmikinn innkaupastjóra til starfa.

Nánari upplýsingar veitir Thelma Kristín Kvaran **(thelma@intellecta.is)** í síma 511 1225.

Umsóknarfrestur er til og með 17. desember 2018.
Umsókn óskast fyllt út á
**www.intellecta.is**

**Sjá nánar á job.is**
Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426



# Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsniðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

Þú finnur draumastarfið á Job.is



Heilbrigðisþjónusta



Iðnaðarmenn

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

Job.is





Rigningarsumar þyngdi róðurinn í rekstri Café Paris. Lögð verður áhersla á minni þjónustu til að halda verði niðri og gæðum í hámarki. MYND/CAFÉ PARIS

er búið að vera með okkur frá fyrsta degi.“

Stefán: „Við höfum alltaf haft það að leiðarljósi að skammtarnir séu frekar stórir og vínið ekki dýrt. Hér er hægt að njóta mikils fyrir sanngjarnt verð. Gott starfsfólk er lykillinn, við leggjum okkur fram við að halda uppi góðum starfsanda og það skilar sér.“

Sigurgísli: „Skemmtileg blanda af fólki sækir Snaps; hérna kemur saman fólk sem kann að meta góðan mat og þjónustu burt séð frá starfsstétt eða aldri. Út frá sjónarhóli reksturs, þá virkar hann vegna stærðarhagkvæmni. Snaps er þéttur og lítill. Við bjóðum gestum Hótels Óðinsvéa morgunmat, fólk kemur í hádegismat og kvöldmat. Um helgar mætir fólk í árdegisverð. Fyrsta árið var lítið um að vera í hádeginu um helgar hjá okkur en þá fórum við Stebbi til New York til að kynna okkur betur „brunch-staði“ og við vorum með þeim fyrstu á Íslandi til að bjóða upp á „à la carte brunch“.“

Stefán: „Við vildum ekki tilbúna „brunch“ diska heldur getur fólk pantað af matseðli og sett saman sinn eigin brunch.“

**Jólin eru stór**

*Nú eru jólin á næsta leiti. Eru þau stór hjá ykkur?*

Sigurgísli: „Jólin eru mjög stór hjá okkur. Stærstu mánuðirnir eru júní, júlí, ágúst og desember.“

Stefán: „Við lærðum báðir í Danmörku. Ég elska smurbrauðsstaði og danskan jólamat. Snaps sækir í þær hefðir og við bjóðum upp á danskan „julefrokost“ sem borinn er beint á borðið.

Vert er að nefna að Snaps rekur einnig smurbrauðsgerðina Brauðbæ. Sú starfsemi fylgdi með leigusamningnum við Hótel Óðinsvé og hefur verið starfrækt þar í yfir 50 ár.

Sigurgísli segir að alla jafna séu Íslendingar 70-80 prósent viðskiptavina Snaps og um 20-30 prósent ferðamenn. Nema á sumrin, þá sé um helmingur gesta Íslendingar, enda Íslendingar í sumarfríi með fjölskyldunni.

Birgir Bieltvedt og eiginkona hans Eygló Björk Kjartansdóttir fjárfestu í 60 prósenta hlut í Snaps á móti Sigurgísla og Stefáni árið 2016. Eignarhlutirnir voru sameinaðir undir eignarhaldsfélaginu Jubileum sem á í dag Snaps og Café Paris. Birgir fjárfesti meðal annars í Domino's á Íslandi skömmu eftir fjármálahrunið og seldi til Domino's í Bretlandi, opnaði Joe & The Juice hérlendis, Brauð & Co og fjárfesti í Gló.

*Hvernig kom samstarfið við Birgi Bieltvedt til?*

„Birgir nálgaðist okkur árið 2016. Hann var nýlega búinn að kaupa Jómfrúna ásamt Jakobi Jakobssyni og vildi fara í frekari fjárfestingar og ná fram samlegðaráhrifum. Okkar samstarf hefur verið gott, við keyptum saman Cafe Paris árið 2016 og endurnýjum staðinn mikið árið 2017. Eignarhaldið hefur breyst síðan og við erum í dag með rekstur Snaps og Cafe Paris með Birgi.“

**Fjárfestu ríkulega í Cafe Paris**

*Það má lesa í ársreikningi Cafe Paris að þið ráðist í umbætur sem kosta um 150 milljónir króna?*

Sigurgísli: „Já. Það var fjárfest ríkulega í Cafe Paris. Tímasetningin reyndist ekki sú heppilegasta. Það var mikið framboð af góðum veitingastöðum og ferðamenn, sem veitingastaðurinn byggir mikið á, drógu úr neyslu sinni um 30 prósent þegar krónan styrktist. Það gerði reksturinn mjög þungan fyrsta árið.“

*Nú hefur gengi krónu veikst að undanförnu.*

Sigurgísli: „Gengisþróun krónu er tvíeggjað sverð. Við njótum góðs af veikingu krónu því hún fer beint í vasa erlendra ferðamanna. En að sama skapi hækka aðföng. Þau eru mikið frá því innflutt og ef þau eru ekki innflutt krefjast þau í mörgum tilfellum innflutts fóðurs eða áburðar.“

Stefán: „Og þegar laun landsmanna hækka – en þau hafa hækkað mikið frá því við hófum rekstur – hækka launin hjá okkur og birgjum okkar. Í kjölfarið fáum við oft bréf frá birgjum sem þurfa að hækka

> **Árið verður gott á Snaps, betra en í fyrra, og það er ekki sjálfgefið. Við upphaf árs náðum við góðum tökum á rekstrinum og náðum að heimfæra lærdóm sem við höfum dregið af aðkomu okkar að öðrum veitingastöðum upp á hann.**
>
> Sigurgísli

> **Fyrsta árið var strembið. Við gátum iðulega ekki greitt okkur laun fyrstu sex til átta mánuðina. Ég spurði Sigurgísla oft eftir að við borguðum launin hvað væri mikið eftir. Sigurgísli sagði þá fimm þúsund krónur! Og við önduðum léttar því að við gátum greitt starfsfólkinu laun á réttum tíma.**
>
> Stefán

verð til að mæta hækkun launa. Það þýðir að launakostnaður okkar hefur hækkað og vörurnar sem við kaupum.“

**Hvorki með starfsmannastjóra né markaðsstjóra**

Sigurgísli: „Það er oft lítill sem enginn aukakostnaður hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Hjá okkur starfar til dæmis hvorki starfsmannastjóri né markaðsstjóri. Við erum engu að síður með um 130 manns á launaskrá hjá Snaps og Cafe Paris og upp undir 60 í fullu starfi. Aðrir eru í hlutastarfi. Hér erum við og fólkið okkar á tveimur jafnfljótum sem erum að sinna gestum og elda mat.

Við erum með gríðarlega flottan hóp af reynslumiklu fólki með okkur, sem er tilbúið að leggja mikið á sig til að láta reksturinn ganga sem best og veita viðskiptavinum okkar sem besta upplifun. Það hefur alltaf verið stefnan að leyfa öllum að njóta góðs af þegar vel gengur.

Okkur hefur gengið vel með Snaps en rekstrarumhverfið er gríðarlega erfitt. Það er lítið sem ekkert svigrúm sem stendur. Nú styttist í kjarasamninga og launahækkanir. Maður er óneitanlega uggandi. Maður hefur skilning á því að lágmarkslaun þurfi að hækka, í okkar tilfelli eru flestir starfsmenn á betri samningum en kjarasamningar kveða á um.“

Stefán: „Það má heldur ekki líta fram hjá því að atvinnurekendur greiða háar fjárhæðir í launatengd gjöld sem starfsmenn sjá svo ekki í umslaginu, eins og tryggingargjald og mótframlag í lífeyrissjóð. Launahækkanir rífa því meira í en sem nemur hækkun í vasa launamanna.

Við bætist að húsaleigan er víða orðin mjög há. Reksturinn ber ekki jafn háa leigu og margir krefjast í miðborginni.“

*Mun veitingastöðum fækka?*

Sigurgísli: „Sú þróun er þegar hafin. Nema hvað nýir veitingastaðir hafa að undanförnu oft sprottið upp í sömu rýmum. Margir eru því áfram áhugasamir um þennan rekstur.

Það er mikið framboð af veitingahúsum. Það er búið að opna marga veitingastaði á síðastliðnum árum. Hótelsprengingin hefur samhliða leitt til mikillar fjölgunar veitingastaða. Hótelin verða að halda úti ákveðinni þjónustu, sum þeirra sætta sig við að reka veitingahús með tapi því þau fá sína innkomu af útleigu herbergja en það klípur af heildarmarkaðnum og grefur undan rekstri annarra veitingahúsa.“

**Markaðurinn í hádeginu orðinn brenglaður**

*Samkeppnin í miðbænum er nú með þeim hætti að hægt er að fara á fína veitingastaði í hádeginu og fá tvo rétti á verði eins með tilboðum frá símafyrirtækjum.*

Stefán: „Markaðurinn í hádeginu er orðinn ansi brenglaður. Hægt er að borða fisk dagsins á Cafe Paris eða á Snaps með fullri þjónustu og borga minna en á skyndibitastað.

Sigurgísli: „Það er harðnandi samkeppni um allan heim í veitingarekstri. Allir eru að hagræða. Það sem mun gerast núna er að stærri einingar eins og til dæmis Cafe Paris munu í auknum mæli leggja áherslu á minni þjónustu en á sama tíma reyna að halda verði niðri og gæðum í hámarki. Við erum nú þegar farnir að huga að slíkum breytingum á Cafe Paris og munum við fara í þær á næstu dögum.“

Snaps velti 591 milljón króna í fyrra og var rekinn með átta milljóna króna hagnaði. Árið áður nam hagnaðurinn 37 milljónum króna. Cafe Paris velti 351 milljón í fyrra en tapaði 169 milljónum króna. Það ár var fjárfest myndarlega í rekstrinum, eins og fram hefur komið.

**Árið verður gott hjá Snaps**

*Hvernig verður árið í ár hjá Snaps og Cafe Paris?*

Sigurgísli: „Árið verður gott á Snaps, betra en í fyrra, og það er ekki sjálfgefið. Við upphaf árs náðum við góðum tökum á rekstrinum og náðum að heimfæra lærdóm sem við höfum dregið af aðkomu okkar að öðrum veitingastöðum upp á hann. Rekstur Cafe Paris hefur verið þungur í ár. Það var mikill viðsnúningur á árinu en það þyngdi róðurinn að fá slæmt veður síðastliðið sumar.“

Stefán: „Á veitingastöðum eins og Cafe Paris kemur plúsinn inn á sumrin. Það þarf að að vera hægt að taka á sig miklar sveiflur í rekstrinum.“

**Kostar allt að 200 milljónir að opna stóran stað**

*Það eru ekki allar ferðir til fjár. Þið fjárfestuð í Jamie's Italian sem varð gjaldþrota í haust skömmu eftir að þið selduð ykkar hlut. Jubileum átti 60 prósenta hlut á tímabili. Hvað getið þið sagt um það?*

Sigurgísli: „ Við fórum í samstarf með góðu fólki og hugmyndin var skemmtileg, starfsfólkið gott og staðurinn fallegur. Jamie's var dýr fjárfesting, það kostar 150-200 milljónir króna að opna svona stóran veitingastað. Við drógum okkur út úr Jamie's síðastliðið sumar með það fyrir augum að staðurinn fengi að vaxa og dafna með nýjum fjárfestum.

Það að draga okkur út úr Jamie's er hluti af þeirri einföldun sem við höfum verið í.“

*Þið fóruð einmitt úr rekstri Jómfrúarinnar?*

„Já. Hugmyndin var að það myndi skapast samlegð með því að reka nokkra veitingastaði undir sama hatti. Þegar á hólminn var komið reyndist hún ekki vera til staðar. Það var því sameiginleg ákvörðun að það væri einfaldast og farsælast að skipta rekstrinum upp. Við Stefán stöndum því að rekstri Snaps og Cafe Paris ásamt Birgi.“

*Hafið þið einhvern tímann séð eftir að hafa ekki bara haldið ykkur við rekstur Snaps í stað þess að fara í aðrar fjárfestingar?*

Stefán: „Það þýðir ekkert að sjá eftir neinu. Það mikilvægasta er að hafa gaman af því sem að við erum að gera.“

Sigurgísli: „Við erum leitandi og lifandi og höfum alltaf farið í einhver verkefni. Síðastliðin ár hafa verið góður skóli.“

# Allt að ellefu strengir á teikniborðinu

**Áætlanir Breta gera ráð fyrir að sæstrengir frá landinu muni afkasta allt að átján gígavöttum af raforku um miðjan næsta áratug borið saman við fjögur gígavött nú. Forstjóri National Grid segir mikilvægi slíkra strengja aukast hratt. Þeir spari neytendum háar fjárhæðir.**

Bresk stjórnvöld stefna að því að rúmlega fjórfalda innflutning á raforku í gegnum sæstrengi á næstu sex árum þannig að raforka í gegnum slíka strengi muni anna meira en fimmtungi af raforkuþörf landsins um miðjan næsta áratug. Stóraukin áhersla á nýtingu endurnýjanlegrar orku og tiltölulega hátt orkuverð skýrir meðal annars aukinn áhuga Breta á sæstrengjum.

Samanlögð flutningsgeta þeirra raforkustrengja sem liggja nú frá Bretlandi nemur um fjórum gígavöttum en áætlanir breskra yfirvalda gera ráð fyrir að á árinu 2024 muni sæstrengir frá landinu geta afkastað allt að átján gígavöttum af raforku.

National Grid, breskt ríkisfyrirtæki sem sér um dreifingu á raforku í Bretlandi, vinnur um þessar mundir að lagningu á fjórum strengjum en tillögur hafa verið lagðar fram um lagningu á allt að ellefu strengjum frá landinu.

John Pettigrew, forstjóri National Grid, segir í samtali við breska blaðið The Guardian að miklar breytingar séu að verða í orkumálum Breta. „Sæstrengir eru að verða mikilvægari,“ nefnir hann.

Fastlega er búist við því að nýr sæstrengur, NemoLink, á milli Bretlands og Belgíu, verði tekinn í notkun snemma á næsta ári. Strengurinn, sem er 600 milljóna punda virði, er sá fyrsti sem lagður er frá Bretlandi til meginlands Evrópu frá árinu 2011 og jafnframt fyrsti strengurinn sem tengist Belgíu, að því er fram kemur í fréttaskýringu The Guardian.

Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir því að Bretar, fremur en Belgar, verði aðalkaupendur raforku í gegnum sæstrenginn gæti strengurinn nýst Belgum vel fyrstu mánuðina. Ástæðan er sú að slökkt hefur verið á sex af sjö kjarnorkuverum Belga þennan veturinn vegna viðgerða og öryggisprófana. Gætu Belgar því þurft á raforku frá Bretlandi að halda þegar Nemo-strengurinn kemst í gagnið.

Greg Clark, viðskiptaráðherra Bretlands, hefur fagnað framtakinu og sagt það til marks um nána samvinnu Evrópuríkja yfir landamæri.



Bresk stjórnvöld standa frammi fyrir vandasömum áskorunum í orkumálum en þau hafa meðal annars skuldbundið sig til þess að auka hlut endurnýjanlegrar orku í orkunotkun í 20 prósent á næstu árum. NORDICPHOTOS/GETTY

**100**
**milljónir punda er áætlaður sparnaður breskra neytenda vegna lagningar Nemo-sæstrengsins.**

### Mikilvægt umhverfismál

Fjórir sæstrengir liggja frá Bretlandi. Einn til Frakklands, annar til Hollands, þriðji til Írlands og sá fjórði til Norður-Írlands. Er hugmyndin að baki fyrstnefndu strengjunum tveimur fyrst og fremst að flytja inn orku til Bretlands.

Slíkir raforkustrengir eru taldir afar mikilvægir til þess að bæta nýtingu á endurnýjanlegum orkugjöfum, en eftirspurn eftir slíkum orkugjöfum fer hratt vaxandi um þessar mundir, og jafna sveiflur í orkuframleiðslunni.

„Það munu koma tímabil í framtíðinni þar sem það verður umfram endurnýjanleg orka, of mikill vindur eða of mikil sól,“ segir Pettigrew. Þess vegna sé flutningur á raforku um Evrópu góð leið til þess að stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda.

Pettigrew nefnir einnig að sæstrengir auki raforkuöryggi og bendir því til stuðnings á hve mikilvægu hlutverki þeir hafi gegnt síðasta vetur þegar mikið kuldakast gekk yfir Bretlandseyjar. National Grid áætlar að sæstrengurinn til Belgíu muni spara breskum neytendum um 80 til 100 milljónir punda á ári.

### Allir róa í sömu átt

Nemo-strengurinn er einn af fjórum sæstrengjum sem National Grid vinnur nú að því að leggja en Bretar hafa meðal annars í hyggju að flytja inn vatnsorku frá Noregi í gegnum NSN Link-strenginn og vindorku frá Danmörku í gegnum Viking Link-strenginn. Verður síðastnefndi sæstrengurinn sá lengsti í heimi, eða um 760 kílómetrar.

Annað fyrirtæki er jafnframt að ljúka við lagningu á raforkustreng frá Bretlandi til Frakklands í gegnum Ermarsundsgöngin, að því er segir í frétt The Guardian, og er gert ráð fyrir að strengurinn verði tekinn í notkun árið 2020. Einnig hafa verið viðraðar hugmyndir um lagningu sæstrengs til Þýskalands og Íslands, eins og kunnugt er.

Sæstrengir Bretlands anna nú um sex prósentum af raforkuþörf Breta en áætlanir miða við að hlutfallið verði 22 prósent árið 2025.

Áform Breta um stórfjölgun sæstrengja eru liður í því að auka aðgengi að endurnýjanlegri orku þannig að hlutur slíkrar orku í orkunotkun landsins verði í samræmi við lögbundin markmið Evrópusambandsins. Önnur Evrópuríki hafa jafnframt sagst stefna að hinu sama.

Emmanuel Macron, forseti Frakklands, nefndi til að mynda í byrjun mánaðarins að Frakkar hygðust loka 14 af 58 kjarnorkuverum sínum fyrir árið 2035 og leggja þess í stað aukna áherslu á sæstrengi og endurnýjanlega orkugjafa. Um leið væri gert ráð fyrir því að hlutur kjarnorku af orkunotkun landsins færi úr 75 prósentum í 50 prósent.

kristinningi@frettabladid.is

## Sæstrengur til Íslands „tæknileg áskorun“

John Pettigrew, forstjóri National Grid, segir í samtali við The Guardian að lagning sæstrengs á milli Íslands og Bretlands, eins og hugmyndir hafa verið uppi um, feli í sér „raunverulega tæknilega áskorun“. Íslensk orkufyrirtæki sem breska blaðið ræddi við segja ólíklegt, eins og sakir standa, að ráðist verði í slíka framkvæmd.

Íslensk stjórnvöld og Landsvirkjun hafa um nokkurt skeið haft það til skoðunar að tengja íslenska raforkukerfið við það evrópska með lagningu sæstrengs til Bretlands. Rætt var við bresk stjórnvöld um verkefnið, sem ber vinnuheitið IceLink, á árunum 2015 og 2016 og lýstu fulltrúar beggja ríkja áhuga sínum á lagningu slík strengs. Mörgum spurningum er þó enn ósvarað, meðal annars um fjármögnun strengsins.

Kostnaðar- og ábatagreining Kviku banka og ráðgjafarfyrirtækisins Pöyry frá árinu 2016 leiddi í ljós að þjóðhagsleg arðsemi Íslands og Bretlands af lagningu raforkustrengs myndi samtals nema meira en 50 milljörðum króna á hverju ári. Helsta forsenda niðurstöðunnar var sú að bresk stjórnvöld væru reiðubúin að veita slíku verkefni umtalsverðan fjárhagslegan stuðning.




Höfuðstöðvar lyfja- og efnarisans Bayer eru í Leverkusen. NORDICPHOTOS/GETTY

## Elliott kaupir hlut í Bayer

Bandaríski vogunarsjóðurinn Elliott Management, sem átti meðal annars kröfur á föllnu íslensku bankana, hefur bætt við hlut sinn í lyfja- og efnarisanum Bayer. Er talið líklegt að sjóðurinn muni beita sér fyrir því að samstæðan selji frá sér eignir og jafnvel að henni verði skipt upp.

Ekki er vitað hve stór eignarhlutur Elliott í Bayer er, að því er fram kemur í frétt Financial Times, en talið er að hann sé undir þremur prósentum.

Vogunarsjóðurinn, sem stýrir um 35 milljörðum dala, er þekktur fyrir að kalla eftir verulegum breytingum í rekstri þeirra fyrirtækja sem hann fjárfestir í.

Hlutabréf í lyfja- og efnasamstæðunni hafa fallið um þriðjung í verði eftir að dótturfélag þess, bandaríska efnaframleiðslufélagið Monsanto, var dæmt til að greiða dauðvona krabbameinssjúklingi 289 milljónir dala í bætur í ágúst síðastliðnum. Var Monsanto, sem Bayer keypti á 66 milljarða dala fyrr á árinu, ekki talið hafa varað nægilega skýrt við hættunni sem fylgir því að nota illgresiseyði félagsins. – kij

## Tekur við stjórnarformennsku í Danske Bank

Karsten Dybvad, sem hefur stýrt samtökum danskra atvinnurekenda undanfarin átta ár, var kosinn stjórnarformaður Danske Bank á hluthafafundi bankans í síðustu viku. Hans fyrsta verk verður að ráða nýjan bankastjóra eftir að Thomas Borgen lét af störfum í skugga peningaþvættishneykslisins sem bankinn er flæktur í.

Dybvad naut í kosningunni stuðnings Mærsk-fjölskyldunnar, sem er stærsti hluthafi Danske Bank, í gegnum félagið AP Møller Holding, með ríflega fimmtungshlut.

„Það hafa verið gerð mistök á mörgum sviðum innan bankans,“ sagði Ole Andersen, sem gegnt hefur stjórnarformennsku í bankanum frá árinu 2011, á hluthafafundinum sem fram fór síðasta föstudag. „Í ljósi alvarleika stöðunnar tel ég rétt að þetta máli hafi afleiðingar fyrir stjórnina og sérstaklega stjórnarformanninn,“ bætti hann við.

Danske Bank viðurkenndi í september að jafnvirði 200 milljarða evra hefði farið í gegnum útibú bankans í Eistlandi á árunum 2007 til 2015 og að „stór hluti“ þar af væri grunsamlegar færslur. Komu fjármunirnir frá Rússlandi og öðrum fyrrverandi Sovétríkjum. Er um að ræða eitt stærsta peningaþvættismál sögunnar.



Karsten Dybvad, nýr stjórnarformaður Danske Bank. NORDICPHOTOS/GETTY

Í kjölfar þess að málið komst upp í haust sagði Thomas Borgen upp störfum sem bankastjóri og þá var Andersen beðinn um að stíga til hliðar sem stjórnarformaður í síðasta mánuði.

„Sem hluthafi viljum við að bankinn taki sig taki og varpi ljósi á fyrirtækjamenningu sína, ferlana og kerfin,“ sagði Robert Uggla, forstjóri AP Møller Holding.

Danskir fjölmiðlar hafa nefnt Lars Rohde, seðlabankastjóra landsins, sem líklegan arftaka Borgens í stól bankastjóra Danske Bank. – kij

# Fyrirtækjum gert skylt að upplýsa um meira en aðeins fjárhaginn



**Soffía Sigurgeirsdóttir**
ráðgjafi hjá KOM Almannatengslum



Samkvæmt nýrri skýrslu er hægt að koma í veg fyrir um 700 þúsund andlát vegna loftlagsbreytinga á ríflega tíu árum. NORDICPHOTOS/AFP

Í janúar árið 2016 tóku lög um ársreikninga nr. 3/2006 breytingum í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins nr. 201/34/ESB. Meðal breytinga eru auknar kröfur um ófjárhagslega upplýsingagjöf í ársskýrslum fyrirtækja. Lögin ná til félaga sem tengjast almannahagsmunum (e. Public Interest Entity) og félaga sem falla undir 9. tölul. og d-lið 11. tölul. 2. gr. Um er að ræða stór félög með fleiri en 250 starfsmenn þar sem heildareignir eru yfir þrír milljarðar króna, og hrein velta yfir sex milljarðar króna. Enn fremur falla móðurfélög stórra samstæðna undir þessi lög. Markmiðið með þessari tilskipun er að stuðla að gegnsæi og aukinni samfélagsábyrgð fyrirtækja sem felst fyrst og fremst í því að auka sjálfbærni til lengri tíma litið, umhverfinu og samfélaginu til hagsbóta. Auknar upplýsingar um ófjárhagslega þætti í rekstri fyrirtækja gerir hagsmunaaðilum kleift að meta betur árangur fyrirtækja á sviði samfélagsábyrgðar.

Fyrirtækjum sem falla undir þessi lög ber að veita upplýsingar í ársskýrslu um stefnu þeirra í umhverfis-, samfélags- og starfsmannamálum samkvæmt 66. gr. d. ásamt lýsingu á megináhættum og ófjárhagslegum mælikvörðum þessara málaflokka. Fyrirtæki þurfa að gera grein fyrir hvaða þættir og mælikvarðar eru mikilvægir og hvernig það mat fer fram. Á þann veg að hægt sé að leggja mat á stöðu, þróun og áhrif starfsemi þeirra á þessa málaflokka. Fyrirtæki þurfa jafnframt að gefa upplýsingar um viðskiptalíkan sitt, gera grein fyrir stjórnarháttum og hvernig spornað sé við spillingar- og mútumálum. Enn fremur ber fyrirtækjum að birta stefnu sína í starfsmanna- og mannréttindamálum og lýsingu á samsetningu, fjölbreytileika og starfsemi stjórna. Ef fyrirtæki hafa ekki stefnu í samfélagsábyrgð ber þeim að gera rökstudda grein fyrir því í yfirliti stjórnar í ársreikningi.

Tilskipun Evrópusambandsins er í samræmi við alþjóðasamþykktir á sviði samfélagsábyrgðar um auknar kröfur til fyrirtækja á þessu sviði. Líkt og með Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og Global Compact sáttmálanum sem snýr að því að fyrirtæki axli ábyrgð og hugi markvisst að því að sporna við neikvæðum áhrifum af starfsemi þeirra á samfélag og umhverfi. Parísarsamkomulagið frá árinu 2015 fellur undir Rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og er markmið þess að stöðva aukningu gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og halda hnattrænni hlýnun innan við 2 gráður.

Umhverfismálin eru ofarlega á dagskrá vegna stöðu loftslagsmála í heiminum og eru fyrirtæki hvött af alþjóðastofnunum til að bregðast hratt við loftslagsbreytingum. Nýleg skýrsla IPPC sýnir hve ástandið er alvarlegt en síðustu fjögur ár voru heitustu fjögur ár frá upphafi mælinga og magn koltvísýrings í andrúmsloftinu hefur ekki verið meira í þrjár milljónir ára. Útlitið er dökkt en það er ljós í myrkrinu samkvæmt nýrri skýrslu, New Climate Economy Report, þar sem kemur fram að baráttan við loftslagsbreytingar geti skapað 65 milljónir starfa og hægt sé að koma í veg fyrir um 700 þúsund andlát vegna loftslagsbreytinga á ríflega 10 árum.

> **Stjórnendur ábyrgra fyrirtækja eru líklegri til að horfa til framtíðar með langtímahagsmuni fyrirtækisins, orðsporsáhættu og sjálfbærni að leiðarljósi.**

Liður í samfélagsábyrgð fyrirtækja er að birta upplýsingar um starfsemina og eiga þannig samtal við hagsmunaaðila. Global Reporting Initiative (GRI) er leiðandi staðall í samfélagsskýrslugerð og birta árlega þúsundir fyrirtækja um allan heim skýrslu, byggt á GRI-staðlinum. GRI-staðallinn nýtist fyrirtækjum í að kortleggja snertifleti starfseminnar á umhverfið og samfélagið og að setja sér markmið í átt að sjálfbærari rekstri. Þrátt fyrir ýmsar áskoranir í tengslum við kortlagningu og mælingar á ófjárhagslegum upplýsingum felast heilmikil tækifæri í því að sýna ábyrga starfshætti og fylgja eftir mælikvörðum um sjálfbærni. Auk betri nýtingar á auðlindum felst mikill ávinningur í því að fylgja eftir mælikvörðum í átt að frekari sjálfbærni. Stjórnendur ábyrgra fyrirtækja eru líklegri til að horfa til framtíðar með langtímahagsmuni fyrirtækisins, orðsporsáhættu og sjálfbærni að leiðarljósi. Auk efnahagslegs ávinnings eflir það samkeppnishæfni fyrirtækja meðal annars á sviði áhættu- og gæðastýringar, jafnréttismála, vöruþróunar og nýsköpunar.

# Góð verkfærakista fyrir frumkvöðla



**Friðrik Friðriksson**
fjármálastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins

**BÆKUR**

**Handbók athafnamannsins**
**Páll Kr. Pálsson**

**Útgefandi:** Skyggni

Út er komin Handbók athafnamannsins um gerð rekstrar- og viðskiptaáætlana eftir Pál Kr. Pálsson verkfræðing. Markmið bókarinnar, eins og höfundurinn lýsir, er að færa notendum hennar einfalda og handhæga „verkfærakistu“ til að nýta við gerð rekstrar- og/eða viðskiptaáætlana, arðsemisútreikninga, verðmats viðskiptatækifæra og fyrirtækja og kostnaðargreiningar. Ekki verður betur séð en mjög vel hafi tekist til og á höfundur þakkir skildar fyrir frumkvæðið.

Í upphafi bókarinnar er fjallað um hinn mikilvæga mun sem er á rekstraráætlun og viðskiptaáætlun. Rekstraráætlunin snýr að áætlunum til skemmri tíma í starfandi fyrirtækjum. Áætlunin sjálf, eftirfylgni með framvindu í rekstrinum og árangursmælingar hvar sem við verður komið eru forsenda þess að fyrirtæki þróist og dafni. Um þetta er ekki deilt. Viðskiptaáætlunin er af öðru tagi. Hún getur vissulega snúið að nýrri viðskiptahugmynd í starfandi fyrirtæki en í umfjöllun bókarinnar er horft til nýrra viðskiptahugmynda og starfs frumkvöðulsins. Grunnspurning viðskiptaáætlunar er þessi: Er þörf á vörunni sem á að þróa, hver er lausn frumkvöðulsins og hvaða fólk ætlar að framkvæma áætlunina? Þeir sem fjalla um viðskiptahugmyndir/áætlanir eins og fjárfestingarsjóðir skoða bæði viðskiptahugmyndina en ekki síður teymið sem ætlar að framkvæma áætlunina og eftir atvikum leitar að fjárfestum til að koma inn í nýstofnuð félög.

Höfundurinn hefur breiðan bakgrunn á sviði sprotastarfsemi, svo og rekstri stórra fyrirtækja. Reynslan af því svo og kennslu gerir hann vel í stakk búinn til að tefla fram sinni sýn á hvað eigi að gera, í hvað röð og hvað ber að varast. Bókin er verkfærakista sem auðvelt er að lesa. Hún mun nýtast við kennslu á háskólastigi sem og þeim fjölda frumkvöðla sem eru að stíga sín fyrstu skref í viðskiptalífinu. Bók eins og þessi hjálpar til að halda til haga hvaða þættir þurfa að koma inn í viðskiptaáætlunina; hugmyndaleitin, markaðs- og markhópagreining, framkvæmdaáætlun, fjárhagsáætlun, mat á virði viðskiptahugmyndar svo og hvert teymið er.




Umhverfi frumkvöðla hérlendis hefur batnað mjög á liðnum árum enda sprettur fram fjöldi áhugaverðra frumkvöðlaverkefna á hverju ári. En frumkvöðlastarf krefst þolinmæði. Hér á landi er öflugt styrkjakerfi fyrir frumkvöðla. Má þar nefna Tækniþróunarsjóð, Rannís og fleiri, samhliða endurgreiðslu frá ríkinu á hluta þróunarkostnaðar, oftast launakostnaðar. Við stofnun nýsköpunarfyrirtækis þarf að sjálfsögðu einnig að leita fjármögnunar í viðskiptalífinu. Þar er að finna fjölbreytta flóru einkafjárfesta og fjárfestingarsjóða sem hafa það hlutverk og sjá sér hag í því að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum.

En eins og kemur fram í bók Páls Kr. Pálssonar er mikilvægt að vanda valið þegar leitað er að meðfjárfestum, hvort sem þeir eru innlendir eða erlendir.

Í upphafi skyldi endinn skoða á vel við í þessari umræðu. Mikilvægt er við útfærslu á viðskiptahugmynd og þróun fyrirtækis á grundvelli hennar að hafa skýra sýn á sinn markhóp, hvert skuli stefnt, í hvaða áföngum og hvenær fjárfestar geti reiknað með að geta selt sinn hlut. Það er jú markmið fjárfestanna, að selja sína eignarhluti að nokkrum árum liðnum helst með ávöxtun og snúa sér að næstu fjárfestingu.

# Veitingamarkaðurinn leitar jafnvægis

## Svipmynd

Guðríður María Jóhannesdóttir

Guðríður María Jóhannesdóttir er framkvæmdastjóri rótgróna fjölskyldufyrirtækisins Múlakaffis sem rekur eina stærstu veisluþjónustu landsins. Múlakaffi rekur auk þess samnefndan veitingastað í Hallarmúla og er meðeigandi í öðrum veitingastöðum. Guðríður segir að veitingamarkaðurinn sé farinn að leita jafnvægis og líklegt sé að samþjöppun muni eiga sér stað.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Jóga hefur átt hug minn allan undanfarið en í haust tók ég það áhugamál skrefinu lengra og stunda kennaranám í Iceland Power Yoga í Kópavoginum. Hef einnig yndi af hjólreiðum og flestöllum göngum. Matur og vín er svo hin hliðin á áhugamálunum.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Mjög einföld, best ef ég vakna fyrst og læðist fljótt út. Það er ekki alltaf raunin en ég er ekki mikil rútínumanneskja að eðlisfari.

*Hver er bókin sem þú ert að lesa eða last síðast?*

Er alltaf með þó nokkrar bækur við rúmið ásamt hljóðbókum á Audible. Jógabækurnar eru ofarlega núna, Journey Into Power eftir Baron Baptiste og fleiri. Á Audible í hlustun núna er The Power of Vulnerability eftir Brené Brown. Hlakka síðan til að fá jólabækurnar og mun líklega byrja á nýju bókinni hennar Auðar Övu en hún hefur verið ofarlega á lista yfir yndislestur undanfarið.

*Hvað er það skemmtilegasta við starfið?*

Hjá Múlakaffi eru engir tveir dagar eins og flestir dagar fara öðruvísi en ég býst við þegar ég sest við tölvuna á morgnana. Svo vinn ég með mjög skemmtilegu og áhugaverðu fólki sem gerir flesta daga skemmtilega og óútreiknanlega.

*Ef þú þyrftir velja allt annan starfsframa, hver yrði hann?*

Ég hef verið í veitingamennsku frá því ég man eftir mér svo þessi spurning er mjög erfið. Eigum við ekki bara að segja að ég væri jógakennari og tæki lífinu með stakri ró.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í starfinu?*

Að skapa og viðhalda krefjandi og skemmtilegu starfsumhverfi fyrir allt það hæfileikaríka fólk sem vinnur hjá okkur í Múlakaffi. Að nýta tímann rétt í allar margþættu hliðar starfseminnar. Ég hef reynt að tileinka mér að sinna ekki öllum verkefnum sjálf heldur að deila þeim á milli stjórnenda og starfsfólks. Það er, að mínu mati, lykillinn að góðri teymisuppbyggingu og langtímaárangri.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfinu í dag?*

Veitingamarkaðurinn hefur vaxið mikið á síðustu árum og samkeppnin aukist í takt við það. Þar að auki hefur verð á aðföngum hækkað mikið sem og laun. Stærsta rekstraráskorunin í dag er að mæta þessum breytum með langtímasýn en ekki skammtímalausnum.

*Hvaða breytingar sérðu fyrir þér í rekstrarumhverfinu á komandi árum?*

Ég tel að veitingamarkaðurinn sé nú þegar farinn að leita jafnvægis, eins og gerist jafnan eftir mikinn uppgang. Það er því líklegt að einhver samþjöppun muni eiga sér stað og að sama skapi að einhver fyrirtæki muni heltast úr lestinni. Þau fyrirtæki sem eru með kjarnastarfsemi sína á hreinu og eru ekki of mikið skuldsett munu halda áfram að ná árangri.



Guðríður María segir það áskorun að mæta kostnaðarhækkunum og aukinni samkeppni með langtímasýn í stað skammtímalausna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Helstu drættir**

**Nám:**
- B.S. í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík.

**Störf:**
- Framkvæmdastjóri Múlakaffis frá janúar 2017.
- Framkvæmdastjóri GJ Veitinga ehf. sem er dótturfyrirtæki í eigu Múlakaffis sem rak veitingastaðinn Nauthól og mötuneyti Háskólans í Reykjavík (2009-2016).

**Fjölskylduhagir:**
Trúlofuð Guðmundi Auðunssyni og saman eigum við tvo stráka, Auðun Kára 5 ára og Jóhannes Kára 2 ára.

> **Þau fyrirtæki sem eru með kjarnastarfsemi sína á hreinu og eru ekki of mikið skuldsett munu halda áfram að ná árangri.**




# Vöxtur rafíþrótta



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka

Um 200 milljónir áhorfenda fylgdust með úrslitaviðureign í tölvuleiknum League of Legends á dögunum. Það er nokkru fleiri en horfðu á Eagles sigra Patriots í Ofurskál bandaríska fótboltans í febrúar.

Vinsældir tölvuleikja hafa varla farið fram hjá mörgum, en iðnaðurinn veltir hærri fjárhæðum en tónlist og kvikmyndir samanlagt. Færri eru þó kannski meðvitaðir um þann mikla vöxt sem verið hefur í skipulagðri keppni. Velta þessara svokölluðu rafíþrótta hefur sjöfaldast frá árinu 2012 og nemur nú vel yfir 100 milljörðum króna á ári.

Atvinnumennska hefur aukist og geta leikmenn unnið sér inn sífellt meira verðlaunafé, en áætlað er að verðlaunapottar þessa árs innihaldi yfir 16 milljarða króna, sem er tífaldun frá 2012. Af milljörðunum 16 var keppt um þrjá í The International mótinu í DOTA 2, sem haldið var í ágúst. Þetta er tíföld sú upphæð sem þátttakendur í Tour de France skiptu á milli sín og tvöfalt meira en verðlaunapotturinn á Opna bandaríska meistaramótinu í golfi.

Þrátt fyrir vöxt greinarinnar hefur alla innviði til iðkunar vantað hér á Íslandi. Stórt skref í rétta átt var þó stigið með stofnun RÍSÍ, Rafíþróttasamtaka Íslands, á dögunum. Unnið verður að því að tryggja áhugafólki og leikmönnum betri aðstöðu með það að markmiði að auka hér fagmennsku og bæta árangur íslenskra keppenda. En samhliða þarf að vinna í umræðunni. Skuggalegar sögur af tölvufíkn ungmenna og óhemju mikilli fjárfestingu tíma og fjármuna í tölvuleiknum Fortnite eiga fyllilega rétt á sér en mála ekki beint jákvæða ímynd af þeim sem hyggjast leggja fyrir sig keppni í tölvuleikjum. Fordómar minnka vonandi með aukinni og upplýstari umræðu en það er á brattann að sækja.

Ekkert bendir til annars en að vinsældir rafíþrótta muni halda áfram að vaxa og fjármálahlið þeirra sömuleiðis. Nú þegar er velta greinarinnar hátt í helmingur veltunnar í Formúlu 1 og verður með sama vexti orðin meiri eftir þrjú ár. Hver veit nema við sjáum þá einn og einn íslenskan leikmann í Tekjublaðinu.



> **Velta þessara svokölluðu rafíþrótta hefur sjöfaldast frá árinu 2012 og nemur nú vel yfir 100 milljörðum króna á ári.**








# EINSTÖK GÆÐI

**Hirzlan er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa.**

Kynntu þér þín kjör. Upplýsingar í tölvupósti hirzlan@hirzlan.is






MYNDFORM GRAFÍK

**Hirzlan**

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37, 108 Reykjavík. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is. www.hirzlan.is

## Skotsilfur

### Kauphallirnar bítast um Marel



Forstjórar kauphallanna í Kaupmannahöfn, Amsterdam og Lundúnum keppast nú um að gera hosur sínar grænar fyrir **Árna Oddi Þórðarsyni**, forstjóra Marels, en stjórnendur fyrirtækisins meta nú hvaða kauphöll verður fyrir valinu við tvíhliða skráningu á hlutabréfum félagsins. Margir reikna með að niðurstaðan verði kauphöllin í Kaupmannahöfn en starfsemi Marels í Danmörku hefur vaxið ört síðustu ár og er félagið með um 600 starfsmenn þar í landi. Það vakti það athygli að Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, sá ástæðu til að heimsækja höfuðstöðvar Marels í Garðabæ þegar hann var á Íslandi í tilefni af 100 ára fullveldisafmælinu. Marel er langsamlega verðmætasta fyrirtækið í Kauphöllinni á Íslandi með markaðsvirði upp á 263 milljarða. Samkvæmt nýlegu verðmati bresks greiningarfyrirtækis er talið að skráning þess í erlenda kauphöll geti leitt til þess að hlutabréfaverðið hækki um 40 til 60 prósent vegna virkari verðmyndunar og aukinna líka á yfirtökutilboði.

### Góður díll fyrir starfsmenn



Bankaráð Landsbankans hefur ákveðið að nýta heimild til kaupa á eigin hlutum sem nemur 0,3 prósentum af útgefnu hlutafé bankans. Fyrir á bankinn, en bankastjóri hans er **Lilja Björk Einarsdóttir**, 1,5 prósenta hlut í sjálfum sér en ríkissjóður fer með 98,2 prósenta hlut. Öðrum hluthöfum, sem eru fyrst og fremst starfsmenn bankans, býðst að selja hlutabréf sín á gengi sem jafngildir bókfærðu eigin fé Landsbankans. Það hlýtur að teljast gott verð fyrir starfsmennina þegar litið er til þess að markaðsvirði Arion banka, eina viðskiptabankans sem er skráður á hlutabréfamarkað, er í dag aðeins um 70 prósent af bókfærðu virði eigin fjár bankans.

## Hamfarir fyrir franskt atvinnulíf




**Bruno Le Maire, efnahagsráðherra Frakklands, segir harkaleg mótmæli „gulu vestanna“ hafa verið sem „hamfarir“ fyrir franska hagkerfið. Þetta eru hamfarir fyrir fyrirtæki. Þetta eru hamfarir fyrir hagkerfið okkar, sagði hann þegar hann heimsótti verslanir og veitingastaði í París sem hafa orðið fyrir barðinu á óeirðaseggjunum. Frönsku verslunarsamtökin áætla að smásalar hafi tapað að minnsta kosti einum milljarði evra frá því að mótmælin hófust í síðasta mánuði. Velta á veitingastöðum hefur dregist saman um 20 til 50 prósent.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Haldið að sér höndum



**Kristrún Frostadóttir**
aðalhagfræðingur Kviku banka

Fjárfesting dróst saman um 5,6% á þriðja fjórðungi ársins en samdráttur hefur ekki mælst í fjárfestingu frá miðju ári 2014. Þó hægi á í hagkerfinu kom þetta undirritaðri á óvart og Seðlabankanum væntanlega líka miðað við fjárfestingarspá bankans fyrir árið. Til að spáin gangi upp þarf fjárfesting að vaxa um 12% milli ára á yfirstandandi fjórðungi. Ólíklegt er að fjárfestingarákvörðunum hafi verið snúið hratt við í október og nóvember miðað við atburði síðastliðinna vikna. Prósentutölur geta þó verið villandi. Þriðji ársfjórðungur var sterkasti fjárfestingarfjórðungurinn í fyrra. Íbúðafjárfesting ein og sér óx þá um 45%. Erfitt getur reynst að framkalla miklar prósentubreytingar með slíkar tölur í farteskinu. Samdrátturinn í atvinnuvegafjárfestingu er engu að síður eftirtektarverður. Vöxtur opinberrar fjárfestingar hefur tekið við sér, en ef kenningar Keynes lifa enn á ríkið einmitt að gefa í þegar svartsýnin tekur yfir. Sér í lagi þegar undirliggjandi aðstæður eru í stakasta lagi; lágar skuldir, nægur viðskiptaafgangur og vænn þjóðhagslegur sparnaður.

Í nýbirtri rannsókn skoða hagfræðingar á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Stanford-háskóla hversu oft orðið „óvissa“ er notað í skýrslum „The Economist Intelligence Unit“ á síðustu tveimur áratugum. Úr gögnum 143 landa mynda þeir „heimsóvissuvísitölu“, sem bendir til að óvissustig hafi verið óvenjuhátt síðastliðin 6 ár. Auðvitað er óvissa alltaf til staðar. Hún er þó oftar tengd við neikvæða þróun en jákvæða. Þá virðist óvissustigið hærra ef um þekkt áföll er að ræða – þar sem ræða má líkur slíkra áfalla – en ef um óþekkta óvissu er að ræða eða „unknown unknowns“ eins og Donald Rumsfeld orðaði það. Því kemur ekki á óvart að „óvissuvísitalan“ hafi neikvæða fylgni við hagvöxt samkvæmt fyrrnefndri rannsókn, þar sem efnahagsaðstæður hafa verið erfiðar víðsvegar um heim síðustu ár. Íslensk, og erlend, hagsaga er þó lituð af jákvæðum jafnt sem neikvæðum, þekktum jafnt sem óþekktum, búhnykkjum. Við ræðum oft um hagvöxt sem stærð sem stýrist af ytri kröftum, en staðreyndin er sú að væntingar okkar drífa hann líka upp og niður. Fjárfesting og einkaneysla eru viðkvæmar fyrir væntingum almennings og fyrirtækja. Ef við búumst við því að allt fari á versta veg höldum við að okkur höndum og þá hægir á.

Sú vísitala sem kemst hvað næst því að mæla slíkt óvissuástand hér á landi er líklega væntingavísitala fyrirtækja um stöðu og horfur í efnahagsmálum. Samkvæmt henni hafa stjórnendur í 400 stærstu fyrirtækjum landsins búist við versnandi aðstæðum frá lokum árs 2016. Þó mældist 4% hagvöxtur 2017 og stefnir í annan eins vöxt á þessu ári, þrátt fyrir umrædda fjárfestingarniðursveiflu. Oftar en ekki hefur fjárfestingarvöxtur fylgt vísitölu um efnahagsvæntingar, líkt og í tilviki fyrrnefndrar „heimsóvissuvísitölu“. Þó hægt hafi á fjárfestingarvexti síðastliðin tvö ár hafa væntingar á tímabilinu þróast í mun neikvæðari átt en fjárfesting fyrirtækja. Aðgerðir hafa ekki fylgt orðum og upplifun fram til þessa. Á síðasta fjórðungi varð þó loks úr og fjárfesting gaf eftir. Eins neikvæður og almenningur virðist vera stendur einkaneyslan þó enn keik. Mikil kaupmáttaraukning hefur mælst meðal flestra hópa á síðastliðnum árum og byggst upp vænlegur sparnaður meðal heimila. Meira svigrúm er því meðal almennings til að jafna út neyslu ef hægir á en meðal fyrirtækja sem hafa áhyggjur af hækkandi kostnaði eftir tímabil minnkandi rekstrarsvigrúms.

Aðrir vilja meina að það sé ekki óvissa ein og sér sem hefur áhrif á fjárfestingarákvarðanir fyrirtækja, heldur erfiður aðgangur að fjármagni. Nýtt frumvarp ríkisstjórnarinnar sem liðkar fyrir fjárfestingu erlendra aðila í tengslum við fjármagnshöft gæti stutt hér við. Erlendir aðilar eiga það til að sjá tækifærin hérlendis öðrum augum en innfæddir. Sums staðar þykir um 2,5% hagvöxtur, 5% vextir (á næsta ári) og stöðugt stjórnarfar hið besta fjárfestingarumhverfi þó Íslendingar upplifi það ekki þannig.

# Margþættur ávinningur af sölu bankanna



**Páll Harðarson**
forstjóri Kauphallarinnar

Í síðustu viku gerði ég það að umtalsefni að skráning Íslandsbanka og Landsbankans gæti komið íslenskum hlutabréfamarkaði langleiðina upp á stall með bestu hlutabréfamörkuðum heims. Það hefði aftur mikla þýðingu fyrir fjármögnunarmöguleika skráðra fyrirtækja og þar með möguleika þeirra til að stækka og eflast og skapa verðmæt störf fyrir íslenskt þjóðarbú.

Þetta er afskaplega mikilvægt, en ávinningurinn yrði margþættari. Með sölu stærsta hluta eignar ríkisins í bönkunum mætti í senn bæði auka skilvirkni fjármálakerfisins og stuðla að hækkun lánshæfismats ríkissjóðs.

Bókfært virði eignar ríkissjóðs í Íslandsbanka og Landsbankanum í lok september síðastliðins nam um 15,5% af áætlaðri vergri landsframleiðslu síðasta árs. Eignarhlutur ríkisins á þennan mælikvarða er margfalt hærri en tíðkast víðast hvar í Evrópu. Hætt er við að svo mikið opinbert eignarhald dragi úr skilvirkni bankakerfisins, bæði vegna ónógs eigendaaðhalds og mismunar á samkeppnislegri stöðu fjármálafyrirtækja í opinberri eigu annars vegar, og annarra fjármálafyrirtækja, hins vegar.

Sala ríkisbankanna myndi stuðla að lausn þessa vanda. Jafnframt gæti ríkissjóður notað söluandvirðið til að greiða niður skuldir. Ekki er óvarlegt að ætla að skuldastaða ríkisins gæti lækkað um 40%. Áhrif á lánshæfismat yrðu vafalítið jákvæð. Betra lánshæfismat myndi skila sér í hagstæðari fjármögnunarkjörum, ekki bara til ríkisins heldur til allflestra íslenskra fyrirtækja með tilheyrandi ábata fyrir íslenskan efnahag.

Það er jafnframt lítlum vafa undirorpið að hagstæðasta söluverð, og þar með jákvæðust áhrif á lánshæfi og fjármögnunarkjör, fengist með almennu útboði bankanna og skráningu á hlutabréfamarkað. Í fyrsta lagi þýðir almennt útboð að leitað er til eins stórs hóps mögulegra fjárfesta og hugsast getur. Í öðru lagi tryggir skráning fjárfestum gagnsæi, jafnræði og eftirmarkað þar sem þeir geta selt eða aukið við hlut sinn. Þetta eykur greiðsluvilja þeirra.

Með skráningu á markað mætti einnig tryggja dreift eignarhald og stuðla að aukinni beinni þátttöku almennings sem fjárfesta í efnahagslífinu. Nánar um leiðir og álitamál í næsta pistli.

SSANGYONG

# REXTON

4x4 jeppi ársins
Afhendingar hefjast í janúar 2019




SSANGYONG EIGENDUR ERU ÁNÆGÐASTIR!**

**Vélbúnaður:**
- 181 hestöfl
- 420 Nm frá 1600 sn. togkraftur
- 8,3 l í blönduðum akstri
- Dísel vél

**Drifbúnaður:**
- 7 þrepa sjálfskipting
- Millikassi með læsingu og lágu drifi
- 3000 kg dráttargeta

**Öryggisbúnaður:**
- 9 loftpúðar
- Sjálfvirk neyðarhemlun
- Byggður á grind
- Sjálfstæð fjöðrun að aftan

**Stærðir:**
- Lengd 4,85 metrar
- Breidd 1,96 metrar
- Hjólhaf 2,865 metrar





4X4 OF THE YEAR
*AWARDED BY 4X4 MAGAZINE

Komdu í Krókháls 9 og skoðaðu nýja verðlaunajeppann frá SsangYong.

Birt með fyrirvara um texta- og myndabrengl. **Samkvæmt neytendakönnun „Honest John" í Englandi.

**Sölumenn veita upplýsingar um forpantanir** | **benni.is.**

**Reykjavík**
Krókháls 9
Sími: 590 2020

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Bílaríki, Akureyri**
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

**Opið:**
Virka daga frá 9:00 til 18:00

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# MARKAÐURINN

FRÉTTABLAÐIÐ frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 12. desember 2018


## Stjórnar-maðurinn

## Ferð án fyrirheits

**Theresa May** tilkynnti á mánudag að atkvæðagreiðslu breska þingsins um Brexit-samning hennar yrði frestað um óákveðinn tíma. Ljóst er að May er með því einungis að forðast óumflýjanlegt tap í þinginu, en spár gerðu ráð fyrir að hún myndi tapa með um eða yfir hundrað þingmanna mun.

**Staða** May er þröng svo ekki sé meira sagt og engir augljósir kostir í stöðunni. Leiðtogar ESB-ríkjanna hafa sagt að engar líkur séu á að May fái frekari eftirgjöf en var að finna í þeim samningi sem var á borðinu. Samkvæmt því eru engar líkur á að hún geti snúið aftur sigri hrósandi og lagt nýjan og betri samning fyrir þingið.

**Því er** kostunum óðum að fækka og þeirra ólystugastur er sá að ganga úr Evrópusambandinu án þess að samkomulag liggi fyrir um samband Bretlands og Evrópu að útgöngu lokinni. Samkvæmt Englandsbanka myndi landsframleiðsla dragast saman um 8% strax á næsta ári, og atvinnuleysi margfaldast. Afleiðingarnar yrðu mun verri en þær sem fylgdu bankakrísunni árið 2008.

**Ef rétt** er sem May segir og valið snýst um „minn díl eða engan díl“, ættu allir skynsamir menn að geta sameinast um fyrri kostinn. Þriðja leiðin er hins vegar einnig fær, og nýtur æ meiri stuðnings. Hún er sú að ganga hreinlega alls ekki úr Evrópusambandinu.

**Það skyldi** þó ekki vera að May boði til annarrar Brexit-atkvæðagreiðslu? Kannanir sýna að meirihluti breskra kjósenda vill nú vera áfram í ESB enda afleiðingar útgöngu alltaf að koma betur í ljós. Það væri ef til vill við hæfi að hringavitleysan Brexit endaði á sama stað og hún byrjaði. Bretland yrði áfram í ESB og Brexit reyndist ferð án fyrirheits.

**Þeir sem** nú hvetja undir rós til útgöngu Íslands úr EES ættu að hugsa sig tvisvar um.

# Mentis réttur eigandi að hlut í RB



Gísli Heimisson.

Meirihluti Landsréttar hefur staðfest þrjá dóma Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem viðurkenndur var eignarréttur Mentis, félags í eigu Gísla Heimissonar, forstöðumanns hugbúnaðarsviðs Kortaþjónustunnar, að samtals 7,2 prósenta hlut í Reiknistofu bankanna. Einn af þremur dómurum var á öndverðri skoðun og skilaði séráliti.

Mentis keypti hlutinn í Reiknistofu bankanna í apríl 2016 en seljendur voru Kvika banki, Samband íslenskra sparisjóða og Sparisjóður Austurlands.

Sparisjóður Höfðhverfinga taldi sig hins vegar hafa orðið eiganda að hlutnum með yfirlýsingu um beitingu forkaupsréttar í samræmi við samþykktir fyrirtækisins en í málinu var deilt um hvort þrjátíu daga fresturinn til að nýta sér forkaupsréttinn hefði verið liðinn þegar tilkynning sjóðsins um nýtinguna barst stjórn RB. Var sérstaklega deilt um við hvað bæri að miða upphaf frestsins.

Meirihluti Landsréttar taldi að upphaf frestsins til að neyta forkaupsréttar ætti að miðast við tilkynningu til stjórnar Reiknistofu bankanna um tilboð. Sparisjóður Höfðhverfinga hefði tilkynnt um nýtingu forkaupsréttar síns meira en þrjátíu sólarhringum síðar og því hefði fresturinn verið liðinn. – **kij**

**06.12.2018**

**Innflæðishöft á einhverja ákveðna fjármálagerninga eru bara fullkomlega galin í mínum huga.**



Sigurður Viðarsson, forstjóri TM





***Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar***

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.

pwc

**PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is**

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

**Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur**



## Merkisatburðir

**1254** Alexander 4. verður páfi.

**1643** Torstenson-ófriðurinn hefst með innrás sænska herforingjans Lennarts Torstenson í Jótland.

**1666** Stóra kirkjuþingið í Moskvu setur Nikon patríarka af.

**1804** Spánverjar segja Bretum stríð á hendur.

**1901** Marconi-félaginu tekst að senda útvarpsskeyti yfir Atlantshafið í fyrsta skipti.

**1904** Fyrsta almenningsrafveitan sett upp á Íslandi í Hafnarfirði af Jóhannesi Reykdal.

**1911** 200 ára afmælis Skúla Magnússonar landfógeta minnst í Reykjavík með samsæti.

**1914** Dow Jones-vísitalan fellur um 24,39% sem var þá mesta prósentulækkun á einum degi frá upphafi vísitölunnar.

**1919** Jón Dúason hagfræðingur krefur Íslandsbanka um gull að andvirði 25 þúsund íslenskar krónur en gleymst hafði að endurnýja lög sem veittu undanþágu við gullinnlausnarskyldu bankans.

**1947** Björgunarafrekið við Látrabjarg hefst þar sem 12 skipverjum úr togaranum Dhoon var bjargað.

**1948** Sex manns farast er snjóflóð fellur á bæinn Goðdal í Strandasýslu. Fjórum dögum síðar bjargaðist húsbóndinn úr flóðinu.

**1963** Kenýa hlýtur sjálfstæði frá Bretlandi.

**1979** Jarðskjálfti og flóðbylgja valda dauða 259 manna í Kólumbíu.

**1979** Valdaránið 12. desember: Chun Doo-hwan hershöfðingi tekur völdin í Suður-Kóreu.

# Stærsta kvikmyndastjarna Íslandssögunnar drapst

**Á þessum degi árið 2003 dó stærsta kvikmyndastjarna Íslandssögunnar, hvalurinn Keikó. Hann náðist við Íslandsstrendur árið 1979 og eyddi stórum hluta ævi sinnar í Hollywood. Keikó dó fyrir aldur fram við Noregsstrendur.**



Grannt var fylgst með Keikó á meðan hann lifði, til að mynda muna margir eflaust eftir frægum leik hans við dekk nokkuð.



Keikó fór eins og rokkstjarna – dó 27 ára eins og svo margar stjörnur

Brian Jones
Janis Joplin
Jimi Hendrix
Jim Morrison
Kurt Cobain
Keikó

Keikó drapst einungis 27 ára eins og hinar ýmsu rokkstjörnur. Enda mikil stjarna.

Á þessum degi árið 2003 drapst hvalurinn og kvikmyndastjarnan Keikó og lauk þar með miklu og undarlegu máli sem hafði staðið yfir frá því Keikó var fluttur hingað til lands árið 1998 með pompi og prakt. Kannski má samt segja að þetta hafi allt byrjað með því að Keikó var veiddur nálægt Íslandi árið 1979 og því hafa ýmsir talað um hvalinn sem „Íslending“. Að minnsta kosti var gerð tilraun til að „sleppa“ Keikó, hann fluttur til Vestmannaeyja þaðan sem hann fór til Noregs þar sem hann drapst fyrir aldur fram, aðeins 27 ára að aldri. Það tókst aldrei að gera hann „villtan“ aftur en í það verkefni var eytt einum tveimur milljörðum króna samtals.

„Auðvitað brá mér við að heyra tíðindin því skepnan hafðist mjög vel við og var við hestaheilsu í Noregi,“ segir Hallur Hallsson, talsmaður Free Willy-Keikó Foundation á Íslandi í viðtali við Fréttablaðið þann 14. desember 2003. „Á miðvikudag virtist hann fá einhverja kvefpest, sem hafði gerst áður, og var ekki lystugur á fimmtudeginum. Á föstudaginn var greinilegt að það var mjög af honum dregið og síðdegis synti hann á land. Hann vissi greinilega sjálfur hvað var á ferðinni því háhyrningar synda á land til þess að deyja drottni sínum.“ Hallur bætti einnig við: „Þessi frétt hefur farið um allan heim. Allir helstu fréttamiðlar hafa fjallað um þetta og það hefur verið gríðarlegur fjöldi fjölmiðlamanna við Taknesfjörð í Noregi.“



Háhyrningurinn Keikó veiktist og drapst:

Synti á land til að deyja

HÁHYRNINGUR Frægasti háhyrningur allra tíma, Keikó, er allur. Hann lést úr bráðalungnabólgu á föstudag.

„Auðvitað brá mér við að heyra tíðindin því skepnan hafðist mjög vel við og var við hestaheilsu í Noregi,“ segir Hallur Hallsson, talsmaður Free Willy-Keikó Foundation á Íslandi. „Á miðvikudag virtist hann fá einhverja kvefpest, sem hafði gerst áður, og var ekki lystugur á fimmtudeginum. Á föstudaginn var greinilegt að það var mjög af honum dregið og síðdegis synti hann á land. Hann vissi greinilega sjálfur hvað var á ferðinni því háhyrningar synda á land til þess að deyja drottni sínum.“

Keikó var 27 ára og telst fullorðinn af háhyrningi að vera. Meðalaldur þeirra í hafinu er þó um 35 ára. „Þessi frétt hefur farið um allan heim,“ segir Hallur og líkir stemningunni í búðum stofnunarinnar við það þegar fólk missir gæludýr. „Allir helstu fréttamiðlar hafa fjallað um þetta og það hefur verið gríðarlegur fjöldi fjölmiðlamanna við Taknesfjörð í Noregi.“

Ýmsar hugmyndir hafa verið á lofti um hvað skuli gera við skrokkinn. Til dæmis hafi það verið rætt að jarða hann á landi, í sjó eða setja beinagrind hans á safn. ■

KEIKÓ
Þjálfarar Keikó voru við hlið hvalsins á dánarstundinni.

Í Fréttablaðinu var þessi sorglega frétt um dauða Keikós.

Keikó lék hvalinn Willy í Free Willy-myndunum, en þær urðu þrjár talsins. Myndirnar fjölluðu um hval sem var frelsaður úr haldi – en líf þess hvals átti eftir að verða ansi líkt lífi hvalsins í myndinni sem gaf þessu máli öllu óneitanlega dularfullan blæ og heillaði heimsbyggðina. Stundum er sagt að Keikó hafi verið frægasti Íslendingurinn og kannski er það satt. Það hafa að minnsta kosti fáir verið svona mikið í sviðsljósinu á jafn skömmum tíma. **stefanthor@frettabladid.is**

---



✝

Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**Alma Thorarensen**

áður til heimilis að Skildinganesi 32, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Hafnarfirði laugardaginn 8. desember sl. Útför fer fram frá Garðakirkju mánudaginn 17. desember klukkan 15.00.

**Ragnheiður Erla Bjarnadóttir**
**Helga Hrefna Bjarnadóttir**
**Stefán Örn Bjarnason** **Sigrún Þórarinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
**Vesturhlíð 9**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is. Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

---



✝

Faðir okkar,

**Hreinn Hreinsson**

lést á dvalarheimilinu Dyngju, Egilsstöðum, 4. desember. Jarðarför hans fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Lena María Hreinsdóttir**
**Helga Kolbrún Hreinsdóttir**
**Hreinn Andrés Hreinsson**
**Sveinn Birgir Hreinsson**
**Erna Bára Hreinsdóttir**

---



✝

Ástkær móðurbróðir okkar,

**Sigurður Randversson**

Norðurgötu 54, Akureyri,

lést 7. desember. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 17. desember kl. 13.30.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hornbrekku fyrir góða umönnun.

**Systrabörn hins látna.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðjón Guðmundsson**

rafvélavirkjameistari, Bauganesi 33a, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Garðakirkju, Álftanesi, fimmtudaginn 13. desember kl. 15. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnast Guðjóns er bent á Alzheimersamtökin.

**Elsa Heike Jóakimsdóttir**
**Kristín E. Guðjónsdóttir** **Baldur Ó. Svavarsson**
**Anna Margrét Guðjónsdóttir** **Þorgeir Ólafsson**
**Jóhanna B. Guðjónsdóttir** **Aðalsteinn Ásberg**
**Brynja Birgisdóttir** **Jan Helsinghoff**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Pétur Vilbergsson**

Árnastíg 7, Grindavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 8. desember. Hann verður jarðsunginn frá Grindavíkurkirkju föstudaginn 14. desember kl. 14.00.

**Bjarnfríður J. Jónsdóttir**
**Fanney Pétursdóttir** **Sigurður Jónsson**
**Elías Þór Pétursson** **Jóhanna María Gylfadóttir**
**Hulda Pétursdóttir** **Thomas Vance Pollock**
**Eygló Pétursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# KAUPTU NÝJAN OPEL
## OG FÁÐU RISAJÓLAGLAÐNING Í KAUPAUKA

Risakaupauki fylgir **öllum nýjum Opel-bílum** út desember

**520.000 kr.**
Risakaupauki fylgir
Gjafabréf 200.000 kr. – Afsláttur 200.000 kr.
Toyo vetrardekk að verðmæti 120.000 kr.

Kynntu þér **Opel Crossland X**
betur á **crossland.opel.is**




**Opel Crossland X**
Verð frá 3.190.000 kr.
Tilboðsverð með afslætti
frá **2.990.000 kr.**

FOR SAFER CARS
EURO NCAP
**Opel Crossland X**
er öruggasti bíllinn árið 2017
í sínum flokki, samkvæmt
EURO NCAP.

**650.000 kr.**
Risakaupauki fylgir
Gjafabréf 300.000 kr. – Afsláttur 200.000 kr.
Toyo vetrardekk að verðmæti 150.000 kr.

Kynntu þér **Opel Grandland X**
betur á **grandland.opel.is**




**Opel Grandland X**
Verð frá 4.190.000 kr.
Tilboðsverð með afslætti
frá **3.990.000 kr.**

5 ára ábyrgð
Þýsk gæði
Þýsk hönnun
Þýsk hagkvæmni

THE FUTURE IS EVERYONE'S

**Komdu við hjá okkur í nýjum sýningarsal Opel að Krókhálsi 9.**

**Sýningarsalir**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000
**Njarðarbraut 9**, Reykjanesbæ, 420 3330

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Bílabúð Benna

Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

Pipar\TBWA\SÍA

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Sunnan strekkingur eða allhvass vindur og væta með köflum, en þurrt á Norður- og Austurlandi. Hiti 7 til 14 stig, hlýjast fyrir norðan. Lægir þegar líður á daginn, úrkomulítið og kólnandi veður.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 3° | 2° |
| ↖10 | ↖4 | ↖5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 4° | 8° | 2° |
| ↖13 | ↖16 | ↖4 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | -0° | 0° |
| ←6 | ←2 | ↖3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 3° | 4° | -1° |
| ↑5 | ←11 | ↑7 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | 3 | 9 | 2 | | | |
| 8 | | | | | | | 7 | |
| 1 | 2 | | | | | 4 | 6 | |
| | | 1 | | 8 | 3 | 7 | 9 | |
| 2 | | | 9 | 4 | | | 8 | |
| | | 7 | 6 | 1 | | | | |
| | 6 | | 4 | | | | | 7 |
| | | | | 3 | 9 | 8 | | |
| 7 | 9 | 2 | | | | 1 | 4 | 3 |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | | | 7 | | 2 | |
| | 9 | 1 | | 5 | | 4 | | |
| 2 | 3 | 4 | | | 9 | 5 | | |
| | | | | | 5 | | 4 | 9 |
| 4 | 2 | | | | 6 | 7 | | 1 |
| 6 | | | | | | | | |
| | 4 | 7 | 1 | | | 3 | | 2 |
| | | | | | | | | |
| | 6 | 8 | | 9 | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 4 | | 1 | | | | |
| | | | | | | | 7 | 8 |
| | | 1 | | | | 3 | | |
| 6 | | 8 | 5 | | | | 9 | |
| 9 | | | 2 | 7 | | | 4 | |
| | 5 | | 9 | | | | | |
| | | 6 | | | | 7 | | 2 |
| | | | 3 | | | | 6 | |
| | | | | 2 | 9 | | 1 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 7 | 2 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 8 | 2 | 4 | 9 | 1 | 6 | 7 | 3 | 5 |
| 6 | 9 | 5 | 7 | 3 | 4 | 2 | 1 | 8 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 8 | 1 | 6 | 2 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 2 | 9 | 3 | 8 | 7 |
| 2 | 8 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 | 5 | 1 |
| 7 | 5 | 6 | 1 | 9 | 2 | 8 | 4 | 3 |
| 9 | 3 | 8 | 6 | 4 | 5 | 1 | 7 | 2 |
| 1 | 4 | 2 | 8 | 7 | 3 | 5 | 9 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 9 | 5 | 7 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 5 | 1 | 3 | 8 | 9 | 6 | 7 | 2 | 4 |
| 8 | 6 | 7 | 2 | 3 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 2 | 3 | 8 | 7 | 1 | 5 | 6 |
| 1 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 5 | 8 | 6 | 1 | 2 | 3 | 4 | 9 |
| 2 | 8 | 4 | 1 | 6 | 3 | 5 | 9 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 9 | 4 | 5 | 8 | 6 | 2 |
| 6 | 9 | 5 | 7 | 2 | 8 | 4 | 3 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 2 | 9 | 1 | 3 | 6 | 8 | 4 |
| 1 | 3 | 6 | 4 | 5 | 8 | 7 | 9 | 2 |
| 8 | 4 | 9 | 6 | 2 | 7 | 1 | 3 | 5 |
| 6 | 5 | 4 | 1 | 7 | 9 | 8 | 2 | 3 |
| 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 2 | 9 | 4 | 7 |
| 9 | 2 | 7 | 3 | 8 | 4 | 5 | 6 | 1 |
| 4 | 6 | 3 | 7 | 9 | 5 | 2 | 1 | 8 |
| 2 | 9 | 5 | 8 | 4 | 1 | 3 | 7 | 6 |
| 7 | 8 | 1 | 2 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. niðurlægja
5. form
6. tveir eins
8. arfleiða
10. kusk
11. leturtákn
12. bithagi
13. högg
15. íþrótt
17. verður

**LÓÐRÉTT**
1. tonn
2. einómur
3. svif
4. hængur
7. glettast
9. frétta
12. dangl
14. prjónavarningur
16. á fæti

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. smána, 5. mót, 6. gg, 8. ánafna, 10. ló, 11. rún, 12. beit, 13. slag, 15. tennis, 17. skalt.
**LÓÐRÉTT:** 1. smálest, 2. mónó, 3. áta, 4. agnúi, 7. gantast, 9. fregna, 12. bank, 14. les, 16. il.

## Skák Gunnar Björnsson

Jesper Söndergaard (2.511), Skákdeild Fjölnis, átti leik gegn Helga Ólafssyni (2.513), Skákfélaginu Hugin, á Íslandsmóti skákfélaga.

Hvítur á leik



**31. Bh3! 1-0.**

Gunnar Freyr Rúnarsson sigraði á minningarmóti Hauks Halldórssonar sem Vinaskákfélagið stóð fyrir í fyrradag.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




GÆÐATRÉ Á ÓTRÚLEGU VERÐI
DANSKUR NORMANNSÞINUR
- STÓR OG FALLEG JÓLATRÉ
ATHUGIÐ EINGÖNGU Í KVIKK, DALVEGI
EITT VERÐ
ALLAR STÆRÐIR
150-220 CM
3.490STK
Þú greiðir inni í versluninni og velur svo draumatréð fyrir utan verslunina gegn framvísun afhendingarmiða.
netgíró
Kvikk
ON THE GO
Gildir á meðan birgðir endast



Atburðarásin sem leiðir til morðanna er líka óvenjuleg, þetta eru kynferðisglæpir þar sem karlmenn eru drepnir, segir Ármann Jakobsson. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Glæpasaga um karlmenn í útrýmingarhættu

**Ármann Jakobsson sendir frá sér fyrstu glæpasögu sína. Morðinginn sækist eftir að drepa karlmenn. Þorp og löggur eru í aðalhlutverki. Höfundurinn segir glæpasögur bjóða upp á bókmenntalega möguleika.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Fyrsta glæpasaga Ármanns Jakobssonar, prófessors í íslenskum bókmenntum, er Útlagamorðin. Áður hefur Ármann sent frá sér fjórar skáldsögur, auk fræðibóka.

„Ég les glæpasögur og mig hafði lengi langað til að skrifa eina slíka,“ segir Ármann. „Glæpasagnaformið býður upp á ýmsa möguleika. Ég hafði tvisvar áður gert atrennu að því að skrifa þessa bók og í bæði skiptin kostaði það þjáningu. Þegar ég byrjaði í þriðja sinn fann ég taktinn og þá var sönn ánægja að skrifa hana. Ég reyndi líka að skrifa glæpasögu sem væri að einhverju frábrugðin því sem þegar er verið að semja á Íslandi.“

### Þorpið í aðalhlutverki

Spurður frekar um glæpasögu sína segir hann: „Mér finnst mikilvægt að leggja talsvert í persónusköpun og eins að reyna að búa til samfélagsmynd. Sagan gerist öll í tilbúnu þorpi úti á landi sem ég kalla Reyki, ekki langt frá Reykjavík. Það má segja að þetta þorp sé aðalpersónan í bókinni ásamt lögreglumönnunum sem ég legg talsverða rækt við að skapa án þess að persónuleg vandamál þeirra verði þó yfirþyrmandi. Atburðarásin sem leiðir til morðanna er líka óvenjuleg, þetta eru kynferðisglæpir þar sem karlmenn eru drepnir. Ég datt ofan á það þegar ég hafði prófað mig við fjölmargar tegundir af morðum. Í þessari bók eru konur þannig í minni hættu á að vera myrtar en stundum í raunveruleikanum og í mörgum spennusögum. Morðinginn sækist eftir að drepa karlmenn, það eru karlmenn sem eru í útrýmingarhættu og um leið fær lesandinn þá að glíma við spurningar eins og hvort kynið sé sterkara og hvort veikara án þess að neitt sé fullyrt um það heldur nýti ég mér möguleika skáldsögunnar til að takast á við hvað-ef-kringumstæður.“

### Mun skrifa alls konar bækur

Blaðamaður spyr hvort ekki sé líklegt að framhaldsbók líti dagsins ljós. „Það er alls ekki útilokað en ræðst bæði af mínum áhuga og viðtökum lesenda. Ég er þó ekki alfarið að skipta yfir í glæpasagnaformið.

> **ÉG REYNDI LÍKA AÐ SKRIFA GLÆPASÖGU SEM VÆRI AÐ EINHVERJU FRÁBRUGÐIN ÞVÍ SEM ÞEGAR ER VERIÐ AÐ SEMJA Á ÍSLANDI.**

Ég reikna með að skrifa alls konar bækur áfram. Glæpasögur bjóða upp á bókmenntalega möguleika því þær ganga út á að leiða lesandann í gegnum bókina með spennu. Um leið má höfundurinn reyna sig við hvaðeina ef það er ekki á kostnað spennunnar. Þetta finnst mér áskorun og er auk þess mjög skemmtilegt.“

Spurður hvort hann eigi sér eftirlætis spennusagnahöfunda segist Ármann vera mikill aðdáandi Agöthu Christie: „Hún er auðvitað drottningin en ekki held ég að áhrif frá henni séu mikil í þessari bók. Sjöwall og Wahlöö hafa hins vegar haft sín áhrif. Þau lögðu bæði rækt við húmorinn og höfðu auk þess ýmislegt að segja um samfélagsmál í bókum sínum. Svo er það P.D. James sem skrifaði skáldsögur um alls kyns stofnanamenningu í skugga glæps. Spennusagnahöfundurinn John Le Carré hefur líka haft áhrif á mig þótt hann hafi einkum samið njósnasögur. Hann hefur þá gáfu að geta látið persónu birtast einungis einu sinni en orka samt sterkt á lesandann. Í þessari bók reyni ég einmitt að leyfa persónum að njóta sín, líka þeim sem eru ekki endilega lykilpersónur.“

# Skynsemismaður á krossgötum

BÆKUR

**Lifandilífslækur**

★★★★☆

**Bergsveinn Birgisson**

**Útgefandi:** Bjartur
**Fjöldi síðna:** 295



Bergsveinn Birgisson.

Í nýjustu skáldsögu Bergsveins Birgissonar, Lifandilífslækur, mætir upplýsingarmaður 18. aldar veruleikanum á Ströndum sem kemur verulegu róti á fyrirframgefnar hugmyndir hans. Skaftáreldar hafa geisað á Íslandi og ráðamenn í Kaupmannahöfn velta fyrir sér að flytja vinnufæra Íslendinga til Danmerkur en ákveða síðan að láta meta ástand þjóðarinnar. Til að kanna stöðuna í Strandasýslu velst hálfíslenskur háskólamaður, Magnús Árelíus, sem telur sig vera boðbera nýrra tíma. Hann ætti að hafa sitthvað fram að færa fáfróðu fólki á Ströndum til upplýsingar. Raunveruleikinn þar passar hins vegar ekki við hugmyndaheim hans.

Bergsveinn hefur hér fundið ágætis söguefni sem býður upp á alls kyns vangaveltur um vísindi, skynsemishyggju, trú og hjátrú, þjóðfélagsstöðu, ást og sitthvað fleira. Svo að segja á hverri síðu er varpað fram hugleiðingum og spurningum og svörin liggja ekki ætíð beint við, það þarf að leita þeirra. Að því leyti er sagan krefjandi fyrir lesandann. Hún er það líka þegar kemur að stíl.

Bergsveinn hefur sannað og sýnt að hann kann ýmislegt fyrir sér í stíl. Söguefnisins vegna er nær óhjákvæmilegt að kansellí-




stíll sé áberandi í verkinu framan af í köflum sem gerast í Kaupmannahöfn og í bréfum sem Magnús Árelíus ritar. Slíkur stíll er ekki auðveldur öllum lesendum, en hverfur síðan og nútímalegri stílbrögð taka við. Stíllinn er þó ætíð þeirrar gerðar að hann heimtar athygli lesandans, enginn flýgur í gegnum lesturinn. Framvindan er nokkuð hæg, sérstaklega í fyrri hluta. En svo koma draugarnir við sögu og verkið rís einna hæst í sögum þeirra af lífi sínu og óblíðum örlögum. Gamansemi stingur víða upp kollinum, eins og í hugleiðingum um það hversu prýðilegur draugur Magnús Árelíus myndi reynast, með parruk á höfði og kvaðrant í hendi, spyrjandi fólk til vegar. Þáttur draugana í sögunni gefur henni alveg sérstakan blæ, með sanni má kalla þá senuþjófa.

Ástin kemur við sögu og þar stendur Magnús Árelíus frammi fyrir vali sem ógrar öllu því sem hann áður trúði á. Undir lokin birtist á sviðinu aukapersónan Hallvarður Hallsson, en höfundur hefði mátt smíða mun meir úr honum en gert er.

Margar afbragðs góðar skáldsögur eru á markaði um þessi jól. Lifandilífslækur er í hópi þeirra bestu. Óhætt er svo að slá því fram að enginn rithöfundur eigi þetta árið jafn góðan lokakafla og þann sem kemur frá Bergsveini í þessari bók. Þetta er kraftmikill og snjall kafli með gríðarlega sterka og beitta tengingu við nútímann. Kafli sem getur ekki annað en hreyft verulega við lesandanum.

**Kolbrún Bergþórsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Einstaklega vel skrifuð og afar áhugaverð saga með hreint aldeilis mögnuðum lokakafla.

# Nakið eins og íslenskt landslag

**GEISLADISKUR**

★★★★☆

**Jórunn Viðar**

**Flytjendur:** Erla Dóra Vogler og Eva Þyri Hilmarsdóttir.




**„Þjóðlegur stíll og náttúrustemning svífur yfir vötnunum í tónlistinni."**



**Eva Þyri og Erla Dóra. Túlkun þeirra er sannfærandi, segir í dómnum.**

Það fór alltaf í taugarnar á Jórunni Viðar þegar hún var kölluð kventónskáld. Hún sagðist sjálf aldrei tala um karltónskáld. Þetta er þó skiljanlegt, því í heil tuttugu ár var hún eina konan í Tónskáldafélagi Íslands.

Jórunn var brautryðjandi í þróun sönglagsins hér á landi. Þar koma nokkur atriði til. Hinn hefðbundni píanómeðleikur varð t.d. að einhverju miklu meira en undirspili hjá henni. Píanóið átti þar alltaf sína sjálfstæðu rödd á móti söngnum, og saman fléttuðust raddirnar saman og mynduðu magnaða heild.

Í lögunum eru stefin grípandi, og þau eru skemmtilega frjáls. Sum innihalda svokölluð söngles, eða recitativo, eins og tíðkast í mörgum óperum. Þetta gerir lögin þó ekki sundurlaus, þvert á móti er í þeim áhrifamikil stærð og tignarleiki.

Þjóðlegur stíll og náttúrustemning svífur yfir vötnunum í tónlistinni. Jórunn notar mikið af hreinum tónbilum, ferundum og fimmundum, og þau afklæða músíkina, ef svo má segja. Hún er nakin og tær, rétt eins og þjóðlögin og íslenskt landslag. Þetta er tónlist sem bara hefði getað verið samin á Íslandi. Ræturnar ná langt aftur í fortíð og djúpt í þjóðarsálina.

Jórunn hefði orðið hundrað ára um þessar mundir, og í tilefni af afmælinu er nú kominn út geisladiskur með mörgum laga hennar, og einnig gömlum þulum og þjóðvísum sem hún útsetti. Erla Dóra Vogler mezzósópran syngur og Eva Þyri Hilmarsdóttir leikur á píanó. Söngurinn er dramatískur og tilfinningaríkur, en túlkunin er ætíð heiðarleg. Erla Dóra greinilega elskar lögin og það heyrist. Alls konar falleg blæbrigði eru í röddinni; þau eru jafn merkingarþrungin og sjálf orðin. Hvergi er sýndarmennska í túlkuninni.

Eva Þyri er ekki síðri á píanóið. Leikurinn er stórbrotinn og fullur af átökum, en tæknilega séð nákvæmur og agaður; allar nótur eru á sínum stað. Samspilið er pottþétt; rödd og píanó blandast saman svo úr verður sterk heild.

Mörg lögin eru forkunnarfögur. Þar má nefna Þjóðlag úr Álfhamri við ljóð eftir Guðmund Böðvarsson, eitt besta lag Jórunnar. Laglínan er grípandi og hljómar píanósins töfrum gæddir. Bí, bí og blaka er líka yndislegt, píanóröddin sem Jórunn bætti við þjóðlagið er hugljúf. Þessi lög og fleiri eru seiðandi eins og þau eru borin fram á geisladiskinum.

Eina sem hægt er að finna að er hljómurinn í upptökunum. Þær fóru fram í Hannesarholti sem er ansi dauður salur. Þetta kemur niður á söngröddinni, sem er dálítið þurr. Maður þarf því aðeins að venjast áferðinni á upptökunum. Burtséð frá því er þetta eigulegur geisladiskur; sannfærandi túlkunin er veglegur minnisvarði um snilld Jórunnar. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Prýðilegur flutningur á frábærri tónlist.


# NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

JAGUAR · LAND ROVER

## SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



**LAND ROVER Discovery 5 SE**
Nýskr. 11/2017, ekinn 54 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 10.500.000 kr.**
Rnr. 145504.




**RANGE ROVER Sport HSE**
Nýskr. 6/2017, ekinn 30 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 11.500.000 kr.**
Rnr. 103773.



**RANGE ROVER Evoque HSE Dynamic**
Nýskr. 2/2016, ekinn 40 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.990.000 kr.**
Rnr. 103733.



**LAND ROVER Discovery Sport HSE**
Nýskr. 4/2016, ekinn 30 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.890.000 kr.**
Rnr. 103786.




**LAND ROVER Discovery 5 TD6 HSE Luxury**
Nýskr. 2/2018, ekinn 9 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 15.890.000 kr.**
Rnr.103826.




**RANGE ROVER Evoque Autobiography**
Nýskr. 1/2017, ekinn 21 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 7.990.000 kr.**
Rnr. 450002.




**LAND ROVER Discovery Sport SE.**
Nýskr. 8/2016, ekinn 22 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 5.990.000. kr.**
Rnr. 103736.



**LAND ROVER Discovery 4 SE**
Nýskr. 9/2015, ekinn 140 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.690.000 kr.**
Rnr. 145505.

ENNEMM / SÍA / NM91357

**APPROVED**
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla.
Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

**JAGUAR - LAND ROVER**
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 12. DESEMBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Ný og gömul íslensk jólalög á ókeypis hádegistónleikum
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Í dag munu Hildigunnur Einarsdóttir mezzósópran og Guðrún Dalía Salómonsdóttir píanóleikari flytja ný og gömul íslensk jólalög í Salnum. Tónleikarnir eru liður í dagskrárröð Menningarhúsanna í Kópavogi, Menning á miðvikudögum, sem fer fram á hverjum miðvikudegi í Salnum, Bókasafni Kópavogs, Náttúrufræðistofu Kópavogs eða í Gerðarsafni. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Hátíðatónleikar Diddúar og drengjanna
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Mosfellskirkja, Mosfellsdal
Árlegir tónleikar Diddúar og drengjanna eru í Mosfellskirkju, Mosfellsdal, í kvöld kl. 20. Grúppan er fastheldin á hefðirnar og hefur haldið þennan viðburð í rétt rúm 20 ár, í dýrðlegu umhverfi. Allir fara heim endurnærðir og tilbúnir að fagna jólunum að tónleikum loknum.

**Hvað?** Mosi útgáfutónleikar, Beebee and the Bluebirds, InZeros & Bergmál
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hard Rock Cafe, Lækjargötu
Í tilefni útgáfu plötunnar Partytown sem Mosi gaf nýlega út verður haldin tónleikaveisla á Hard Rock Cafe. Ásamt Mosa koma fram hljómsveitirnar Beebee and the Bluebirds, InZeros og „comedy“-bandið Bergmál.

**Hvað?** Ragga Holm – Útgáfutónleikar Bipolar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Ragga Holm heldur útgáfupartí í tilefni af fyrstu plötunni sinni Bipolar sem kom út 19. október síðastliðinn.

**Hvað?** Elskan mín góða hvað það er kalt úti! Jól á Múlanum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Söngvararnir Gísli Gunnar Didriksen og Rebekka Blöndal koma fram ásamt hljómsveit á jólatónleikum Múlans. Nú þegar svartasta skammdegið nálgast óðfluga og lægðirnar dynja á okkur eins og sleggjur á steðja, er þá ekki tilvalið að drífa sig inn úr hundslappadrífunni og ylja sér við smá jóladjass og krúttlegheit? Rebekka og Gísli hafa bæði sungið lengi, hvort sem er saman eða sitt í hvoru lagi. Á tónleikunum verða leikin vel þekkt jólalög í bland við lög sem Ella Fitzgerald og Louis Armstrong gerðu fræg.



Árlegir tónleikar Diddúar og drengjanna verða í Mosfellskirkju klukkan 20 í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK





GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kalt stríð // Cold War (ICE SUB) | 17:30 | Svona fólk (ICELANDIC - NO SUB) | 20:00 |
| Erfingjarnir//The Heiresses (ICE SUB) | 18:00 | Suspiria (ICE SUB) | 22:00 |
| Serce nie sluga (POLISH W/ENG SUB) | 18:00 | Mæri // Border (ICE SUB) | 22:00 |
| Roma (SPANISH W/ENG SUB) | 19:30 | Anna and the Apocalypse (ICE SUB) | 22:10 |
| SÉRSÝNING: Face of Winter | 20:00 | | |







Gleðileg jól og farsælt komandi ár

“Heilbrigði og vellíðan skiptir okkur miklu máli og því veljum við að nota Astavörur frá KeyNatura”
- Sigrún Fjeldsted og Magnús Björnsson

Þú færð vörur KeyNatura í Fjarðakaup, Nettó, verslunum Mamma Veit Best, Heilsuver, Heilsuhúsinu, Hagkaup og flestum lyfjaverslunum og í vefverslun okkar, keyNatura.is

Ásamt Rebekku og Gísla koma fram trompetleikarinn Snorri Sigurðarson, píanóleikarinn Kjartan Valdemarsson, Gunnar Hrafnsson sem leikur á bassa og Scott McLemore á trommur.

**Hvað?** Gunnar Óla & Svenni Páls – Ljúfir tónar á Bryggjunni Brugghúsi
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Bryggjan Brugghús
Gunnar Óla mætir í betri stofuna á Bryggjunni Brugghúsi næstkomandi miðvikudagskvöld ásamt Svenna Páls. Þeir munu spila íslensk og ensk jólalög í bland við klassíska slagara á borð við Bítlana, Eric Clapton og Guns N'Roses svo eitthvað sé nefnt.

**Hvað?** Partus, 2018
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Verið velkomin á uppskeru- og jólahátíð forlagsins Partusar 2018 í Mengi við Óðinsgötu kl. 20 í kvöld. Tilvalið tækifæri til að hlusta á Skáld ársins lesa upp úr verkum sínum og næla sér í nokkrar áritaðar jólagjafir beint frá býli.

## Viðburðir

**Hvað?** Samvera fyrir syrgjendur á aðventu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Háteigskirkja
Jólin geta verið erfið fyrir fólk sem misst hefur ástvin. Þessi samvera, helgistund, er hugsuð fyrir þau sem vilja staldra við, syngja jólasálma og tendra ljós til að minnast látins ástvinar. Hugvekju flytur sr. Sveinbjörg Katrín Pálsdóttir og Hamrahlíðarkórinn syngur. Þau sem standa að samverunni eru Landspítali, Ný Dögun, Ljónshjarta og Þjóðkirkjan.

**Hvað?** Palestínukvöld í Friðarhúsinu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Friðarhúsið, Njálsgötu
Mohammed Dwema, forstöðumaður Gervilimastöðvarinnar á Gaza, kemur í heimsókn til Íslands 10. desember og dvelst í viku. Félagið Ísland-Palestína hefur frá árinu 2009 staðið að verkefni sem Össur Kristinsson hafði frumkvæði að og hefur stutt alla tíð. Á síðustu mánuðum hefur verið farið með efni í 70 gervifætur sem brýn þörf hefur verið fyrir. Efnt er til fundar með Mohammed Dwema í Friðarhúsinu (á horni Njálsgötu og Snorrabrautar) í kvöld kl. 20.

**Hvað?** Upplestur – Nýir höfundar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Grófinni
Í kvöld koma saman nokkrir ungir og upprennandi höfundar og kynna verk sín, sem samanlagt spanna flestar stefnur fagurbókmenntanna. Upplesturinn er í samstarfi við Borgarbókasafnið og fer fram í Grófarhúsi, Tryggvagötu 15.

**Hvað?** Sérstök Nexusforsýning og Q & A með Heru Hilmars – Mortal Engines
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Laugarásbíó
Hera Hilmarsdóttir mætir á sérstaka Nexusforsýningu á Mortal Engines og mun svo taka þátt í Q & A eftir sýninguna.

## Sýningar

**Hvað?** Víddir
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Grandagarður 16
Annars árs nemar við myndlistardeild Listaháskóla Íslands vilja bjóða ykkur velkomin á samsýninguna Víddir í dag, miðvikudaginn 12. desember. Sýningin er uppgjör liðinnar annar þar sem bekkurinn hefur skipst í þrjá hluta, sem vinna með tíma, rými og flöt undir handleiðslu Heklu Daggar Jónsdóttur, Margrétar Blöndal og Bjarka Bragasonar auk fjölda annarra gestakennara.


**Ragga Holm heldur útgáfupartí á Húrra, Tryggvagötu, í tilefni af fyrstu plötu sinni, Bipolar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR






MENNINGARUMRÆÐA Á VIRKUM DÖGUM Á RÁS 1




**þri-fim kl. 16-17**
Halla Harðardóttir og Guðni Tómasson varpa ljósi á það sem er efst á baugi í menningu og listum.




**mán-fim kl. 17-18**
Fordómalaus umfjöllun um menningu samtímans, dægurmenningu, samfélagsmiðla og allt sem mótar líf okkar, í umsjón Eiríks Guðmundssonar, Önnu Gyðu Sigurgísladóttur og Kristjáns Guðjónssonar.




**föstudaga kl. 17-18**
Farþegarnir í Lestarklefanum ræða um menningar- og listviðburði sem athygli vöktu í vikunni. Sendur út á Rás 1, RÚVmenning.is og RÚV2.

**Menningin finnur sér farveg á RÚVmenning.is**



RÁS 1 fyrir forvitna




# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## RÚV SJÓNVARP

**12.55** Aðstoðarmenn jólasveinanna
**13.00** Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2010-2011
**14.05** Úr Gullkistu RÚV. Gott kvöld
**14.55** Úr Gullkistu RÚV. Ferðastiklur
**15.35** Úr Gullkistu RÚV. Sjónleikur í átta þáttum
**16.25** Úr Gullkistu RÚV. Grínistinn
**17.10** Annar heimur
**17.40** Táknmálsfréttir
**17.50** KrakkaRÚV
**17.51** Jóladagatalið. Hvar er Völundur?
**17.55** Disneystundin
**17.56** Gló magnaða
**18.18** Sígildar teiknimyndir
**18.26** Gullbrá og Björn
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Vikinglotto
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50 Menningin** Þáttur þar sem fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu.
**20.05 Annar heimur** Danskt jóladagatal fyrir alla fjölskylduna um tvíburasysturnar Önnu og Söru sem stíga óvænt inn í töfraheim sem byggður er á ævintýrum Grimms-bræðra.
**20.35 Kiljan** Þáttur sem er löngu orðinn ómissandi í bókmenntaumræðunni í landinu. Egill og bókelskir félagar hans fjalla sem fyrr um forvitnilegar bækur af ýmsum toga og úr öllum áttum. Umsjón: Egill Helgason. Dagskrárgerð: Sigurður Jakobsson.
**21.25 Frú Brown og jólatréð (Mrs. Brown's Boys – Mammy's Forest)** Frú Brown er sannfærð um að jólatrjám fylgi ekkert nema vandræði svo hún er ákveðin í að fá sér ekki jólatré þetta árið. Margverðlaunaðir gamanþættir um Agnesi Brown, kjaftfora húsmóður í Dublin á Írlandi. Höfundur og aðalleikari er Brendan O'Carroll. Þættirnir hafa m.a. hlotið BAFTA-verðlaun. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir** Nýjustu fréttir og íþróttir kvöldsins. Innlendar fréttir af öllu landinu sem og nýjustu tíðindi af erlendum vettvangi og styttri skýringar. Alla mánudaga til fimmtudaga.
**22.15** Veður
**22.20 Sirkusveldið** Dönsk heimildarmynd um Berdino- og Casselly-fjölskyldurnar sem starfa saman í einum stærsta sirkus Evrópu, Circus Arena. Patrick Berdino og Merrylu Casselly stinga saman nefjum og það er draumur fjölskyldnanna tveggja að þau giftist og taki við rekstri sirkussins. Það er mikil pressa sett á sambandið því framtíð sirkussins gæti verið í húfi. Leikstjórn. Anders Riis-Hansen.
**23.55** Kastljós
**00.10** Menningin

## HRINGBRAUT

**20.00** Fjallaskálar Íslands
**20.30** Viðskipti með Jóni G.
**21.00** 21 - Fréttaþáttur á miðvikudegi
**22.00** Fjallaskálar Íslands
**22.30** Viðskipti með Jóni G.
**23.00** 21 - Fréttaþáttur á miðvikudegi

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.30** The Late Late Show with James Corden
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** Dr. Phil
**13.50** Ally McBeal
**14.35** LA to Vegas
**15.00** A Million Little Things
**15.50** Jólastjarnan 2018
**16.25** Everybody Loves Raymond
**16.45** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** The Late Late Show with James Corden
**19.45** Life in Pieces
**20.10** Survivor
**21.00** New Amsterdam
**21.50** Bull
**22.35** Elementary
**23.20** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**00.50** NCIS
**01.35** 9-1-1
**02.25** Law & Order. Special Victims Unit
**03.15** Trust
**04.10** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.45** Morgunbæn og orð dagsins **06.50** Morgunvaktin **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Segðu mér **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Á reki með KK **11.00** Fréttir **11.03** Mannlegi þátturinn **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.40** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **12.55** Samfélagið **14.00** Fréttir **14.03** Huldufólk fullveldisins (8 af 10) Dýrfinna Sigurjónsdóttir ljósmóðir **15.00** Fréttir **15.03** Samtal Sögur og sálin. Sæunn Kjartansdóttir er gestur. **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **17.03** Lestin **18.00** Spegillinn **18.30** Útvarp Krakka RÚV (209 af 400) **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.35** Mannlegi þátturinn **21.35** Góði dátinn Svejk (14 af 39) **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Samfélagið **23.05** Lestin **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.15** Eddie the Eagle
**14.00** Open Season. Scared Silly
**15.25 Manglehorn** Dramatísk mynd frá 2014 með Al Pacino og Holly Hunter. A.J. Manglehorn er fáskiptinn og sérvitur lásasmiður í Texas sem eyðir deginum aðallega í að annast köttinn sinn, vinna og syrgja konu sem hann elskaði eitt sinn og missti. Hann kynnist gjaldkeranum Dawn, sem hjálpar honum að byrja aftur að lifa lífinu.
**17.05** Eddie the Eagle
**18.50** Open Season. Scared Silly
**20.20** Manglehorn
**22.00** James White
**23.25** Stretch
**02.50** James White

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Ævintýri Tinna
**07.45** Friends
**08.10** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Newsroom
**10.45** Spurningabomban
**11.30** Jamie's 15 Minute Meals
**11.55** Deception
**12.35** Nágrannar
**13.05** Kórar Íslands
**14.10** Masterchef The Professionals Australia
**15.00** The Night Shift
**15.45** Léttir sprettir
**16.15** Leitin að upprunanum
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.25** Fréttayfirlit og veður
**19.30** Víkingalottó
**19.35** I Feel Bad
**20.00** Ísskápastríð
**20.40** Jamie Cooks Italy
**21.30** The Good Doctor
**22.15** Sally4Ever
**23.05** Wentworth
**23.55** Lethal Weapon
**01.35** Humans
**02.25** Silent Witness
**03.20** Silent Witness
**04.15** Mildred Pierce
**05.15** Mildred Pierce
**06.20** Mildred Pierce

## STÖÐ 3

**19.10** Two and a Half Men
**19.35** Þær tvær
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** It's Always Sunny in Philadelphia
**21.15** All American
**22.00** American Horror Story 8. Apocalypse
**22.45** Supergirl
**23.30** Arrow
**00.45** The New Girl
**01.10** Friends
**01.35** Seinfeld
**02.00** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

**07.15** Monaco - Dortmund
**08.55** Crvena zvezda - PSG
**10.35** Premier League Review 2018/2019
**11.30** Ítölsku mörkin 2018/2019
**12.00** Evrópudeildin - fréttaþáttur 18/19
**12.50** Domino's-körfuboltakvöld 2018/2019
**14.30** Galatasaray - Porto
**16.10** Barcelona - Tottenham
**17.50** Liverpool - Napoli
**19.30** Meistaradeildarmessan
**22.00** Meistaradeildarmörkin
**22.30** Ajax - Bayern München

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.55** Liverpool - Napoli
**10.35** Meistaradeildarmörkin
**11.05** Chelsea - Manchester City
**12.50** Messan
**13.55** Football League Show 2018/19
**14.25** Grindavík - Haukar
**16.05** Domino's-körfuboltakvöld 2018/2019
**17.45** Real Madrid - CSKA Moskva
**19.50** Valencia - Manchester United
**22.00** Manchester City - Hoffenheim
**23.50** Young Boys - Juventus

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin







## Mitt fyrsta Alias

Borðspil fyrir alla fjölskylduna

Býður yngstu spilurunum upp á tækifæri til að tala og skemmta sér konunglega á meðan!

## Viltu veðja 2

Borðspil fyrir alla fjölskylduna

Frábært fjölskylduspil með nýjum þrautum og spurningum.
Ef þú vilt bera sigur úr býtum þarftu að standast ýmsar skemmtilegar áskoranir og veðja á hvernig aðrir spilarar standi sig. Nú er komið að því að sýna öðrum spilurum hvað í þér býr með því að leysa krefjandi þrautir!




# *Þú færð skemmtilegu jólagjafirnar hjá okkur!*

## Mamma Mia! Here we go again

DVD og Blu-Ray

Sérstök SING-ALONG útgáfa fylgir með!

VERÖLD HVÍLDAR – BETRA BAK LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI
FYRIR HANA OG HANN
BOSS HUGO BOSS
Calvin Klein home
KENZO MAISON

LÚXUS BAÐSLOPPAR
TILVALIN JÓLAGJÖF


Verð frá: 16.900 kr
FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK




**JJ ABRAMS** – ASTRÓPÍA

Abrams gerði Star Wars, Star Trek og Mission: Impossible III og gerði það með bravör. Hér þarf tölvutækni og stuð. Okkar maður myndi gera bardagasenurnar epískar og ljósasverð kæmi jafnvel við sögu.

**MICHAEL BAY** – HRAFNINN FLÝGUR




Án orða. Þjóðernishyggja með bandaríska fánanum sýndum hægt, lélegum húmor og öllu því vonda sem Bay býður upp á. En það virkar og Hrafninn myndi fljúga hátt undir stjórn Bays.




# Ef Hollywood bankaði á kvikmyndadyrnar

**Jodie Foster** mun leika og leikstýra endurgerð kvikmyndar Benedikts Erlingssonar, Kona fer í stríð. Fréttablaðið tók saman af því tilefni möguleikana ef aðrir leikstjórar Hollywood leituðu til Íslands.




**GUY RITCHIE** – FULLIR VASAR

Breski leikstjórinn ætti að geta gætt myndina lífi. Hún er nefnilega ekkert alslæm en Ritchie myndi gera hana að hittara – ekki spurning.







**STEVEN SPIELBERG** – LOF MÉR AÐ FALLA

Hér þarf að segja sögu og trúlega er enginn betri í að segja sögu á hvíta tjaldinu en sjálfur Steven Spielberg. Maður verður bara spenntur




**JENNIFER LEE** – PAPPÍRS PÉSI

Konan á bak við Frozen myndi leika sér að því að vekja Pésann okkar allra upp. Trúlega yrði myndin teiknimynd en fyrir utan Frozen kom Lee að Zootopia og Ralph rústara.

Þú finnur draumastarfið á
job.is









## JUDD APPATOW – SÓDÓMA REYKJAVÍK

Fáir komast með tærnar þar sem Appatow hefur hælana þegar kemur að gríni miðaldra fólks. Sódóma Reykjavík yrði sem leir í höndunum á þessum meistara.









## MICHAEL GRACEY – REGÍNA

Fyrsta mynd Gracey, The Greatest Showman, er ein besta fjölskyldumynd síðari ára. Hann hafði áður getið sér gott orð í myndbandagerð og Regina er full af lögum. Smellpassar saman eins og Gin og tónik.

## QUENTIN TARANTINO – Í SKUGGA HRAFNSINS

Vá vá vá. Hér eru engin vettlingatök. Myndin er auðvitað full af frösum sem Tarantino myndi aldeilis gera góð skil. Yrði enginn skuggi í þessari mynd, aðeins snilld.




## NANCY MEYERS – STELLA Í ORLOFI

Einhver allra besta jólamynd síðari tíma, The Holiday, er runnin undan rifjum hennar. Gerði líka Something's Gotta Give. Stórgóður leikstjóri sem myndi gæða Stellu og Georg lífi.


ramisland.is

# RAM 3500 - HÖRKUTÓL SEM ENDIST

## TRYGGÐU ÞÉR ÞITT EINTAK FYRIR ÁRAMÓT



40" BREYTTUR

**NÝ SENDING VAR AÐ KOMA. EIGUM ALLAR ÚTFÆRSLUR TIL AFHENDINGAR, SLT, LARAMIE, LARAMIE SPORT, LIMITED OG LIMITED TUNGSTEEN.**

**BJÓÐUM UPP Á 37" TIL 42" BREYTINGARPAKKA.**

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

RAM



Hópurinn á bak við þættina var heila helgi með Mugison og fór yfir sviðið með honum og Gunna Þórðar, sem segir sögur af Jimmy Hendrix, og Högna í Hjaltalín. Sjálfur Raggi Bjarna er svo fjórði gestur. MYNDIR/SKJÁSKOT

# Fyrst konur og nú karlar á trúnó

Önnur þáttaröðin af Trúnó birtist í Sjónvarpi Símans innan tíðar en þar eru þjóðþekktir einstaklingar teknir tali og farið á trúnó. Eftir velgengni fyrri þáttaraðarinnar þar sem aðeins konur voru viðmælendur vildu stjórnendur jafna kynjahlutfallið.



Högni í Hjaltalín með einn rótsterkan kaffibolla. MYND/SKJÁSKOT

Stelpur fá ekkert jafn mörg tækifæri og strákarnir til að segja sögu sína en það var skemmtileg pæling að það væri trúnó bæði fyrir stráka og stelpur,“ segir Margrét Seema Takyar sem leikstýrir þáttaröðinni Trúnó, sem verður sýnd í sjónvarpi Símans innan skamms.

Þar koma þeir Mugison, Gunni Þórðar, Raggi Bjarna og Högni í Hjaltalín til með að fara á trúnó og segja frá hlutum og viðburðum sem þeir hafa ekki talað um áður. Hugmynd og handrit að þáttunum á Anna Hildur Hildibrandsdóttir, en leikstjóri og tökumaður er Margrét.

Í fyrri þáttaröðinni fóru fjórar konur á trúnó og því komið að körlunum að opna sig. „Við vildum jafna kynjahlutfallið því við erum svo miklir jafnréttissinnar,“ segir Margrét og bendir á að það sé alltaf sérstök og skemmtileg upplifun að sjá fólk opna sig á þennan hátt fyrir framan myndavélina. Hún eignar Önnu mikinn heiðurinn. „Hún er þungavigtartýpa í tónlistarheiminum og hefur ákveðið traust hjá viðmælendunum. Svo ber hún bara svo mikla virðingu fyrir þeim og þau fyrir henni og það skín í gegn.

Við töluðum lengi um hvað við ætluðum að gera með hverjum og einum viðmælanda og þegar hún er að taka viðtölin er hún svo ofboðslega klár í að vita hvernig það á að koma fram – því hún þekkir viðmælandann svo vel.“



**Margrét Seema Takyar er nýflutt heim frá Bandaríkjunum og ætlar að gera bæði heimildar- og stuttmynd í vetur.**

**HÚN ER ÞUNGAVIGTARTÝPA Í TÓNLISTARHEIMINUM OG HEFUR ÁKVEÐIÐ TRAUST HJÁ VIÐMÆLENDUNUM. SVO BER HÚN BARA SVO MIKLA VIRÐINGU FYRIR ÞEIM OG ÞAU FYRIR HENNI OG ÞAÐ SKÍN Í GEGN.**

Þættirnir fjórir verða aðgengilegir þann 21. desember en Margrét segir að þriðja þáttaröðin sé ekki komin á teikniborðið. Ekki eins og er allavega. „Það eru alltaf einhver ævintýri í loftinu en það var sameiginleg niðurstaða að anda aðeins núna, sjá hvað kemur næst til okkar.“

Sjálf er Margrét nýflutt aftur heim til Íslands eftir 15 ára veru í New York. Hún er nýbúin að leikstýra og skjóta myndband með Rokky sem á að birtast landsmönnum í janúar eða febrúar og fram undan í vetur er annars vegar heimildarmynd og hins vegar stuttmynd. „Það er virkilega spennandi verkefni, eins og flest verkefni sem maður tekur að sér – en þar sameina ég báða heimana mína með fólki frá Ameríku og Íslandi.“ **benediktboas@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

SUNSTAR G·U·M HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.
Tannlæknar mæla með GUM tannvörum
Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?
Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum
ARTASAN
www.artasan.is

gæði – þekking – þjónusta
TALNINGAVOGIR
KRÓKAVOGIR
... og svo miklu meira
Mikið úrval af vogum sem henta einstaklingum og fyrirtækjum
pmt PLAST, MIÐAR & TÆKI
Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is

Vatnskælar á frábæru verði
Kælitækni
25-35% Afsláttur
• Keyptann og eigðann
• Ekkert mánaðargjald
• Lítið viðhald
• Sjá nánar á heimasíðu Kælitækni www.kaelitaekni.is
Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · kaelitaekni.is
Okkar þekking nýtist þér

FÁNAR
LÍMMIÐAR
AUGLÝSINGASKILTI
Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.
Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.
FjölPrent Gefur hugmyndum vængi
Fjölprent
Norðlingabraut 14
fjolprent.is
S. 581 4141

# NÓG AÐ LESA UM JÓLIN!

## 4 NÝJAR OG SKEMMTILEGAR




TILBOÐSVERÐ:
**4.499.-**
Verð áður:
6.999.-

Sextíu kíló af sólskini




TILBOÐSVERÐ:
**3.299.-**
Verð áður:
4.999.-

Siggi sítróna




TILBOÐSVERÐ:
**4.499.-**
Verð áður:
6.999.-

Ástin Texas




TILBOÐSVERÐ:
**4.499.-**
Verð áður:
6.999.-

Bókasafn föður míns


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9

Framúrskarandi fyrirtæki

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 13. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Bjarna Karlssonar



# Sannleikur og réttlæti

Fátt hefur kennt mér meira í lífinu en eigin mistök. Þegar ég lít yfir farinn veg er ég ekki síst þakklátur því sem ég hef klúðrað. Þó er ein gerð mistaka sem ég get ekki þakkað. Það er þegar ég hef valdið öðru fólki tjóni. Mér verður æ oftar hugsað til fólks sem ég óttast að ég hafi skaðað með einhverjum hætti. Þegar ég íhuga þetta sé ég að sjaldnast var það vegna ofdrykkju, þótt slíkt hafi hent, en furðu oft hef ég valdið persónum tjóni þegar ég var fullur af réttlætiskennd. Réttlæti og sannleikur eru vandmeðfarin fyrirbæri. Í dag sé ég betur en fyrr að ég er ekki handhafi sannleikans og jafnvel þegar ég hef algjörlega rétt fyrir mér get ég ekki treyst því að ég sé sjálfur réttlátur.

Við þekkjum flest ástandið sem skapast í húsi þegar barn er nýkomið í heiminn. Allir fara hljóðlega og allt snýst um þarfir barnsins. Kannski var maður aldrei nær því að vera maður sjálfur en fyrstu dagana fullur af kvíða og þakklæti undir valdi hins nýfædda. Getur hugsast að líkt og nýfætt barn er ekki eign foreldra sinna heldur eru ástvinirnir handa barninu, þannig sé heldur aldrei hægt að eigna sér sannleikann og réttlætið?

Besta vinnutilgátan við ungbarn er sú að þjóna því. Skyldi það vera eins með sannleikann og réttlætið? Stundum þarf vissulega að bregðast hart við í þágu barna, en allt sem við gerum verður að vera laust við sjálfhægni í ljósi þess að barnið á sitt eigið líf sem við getum ekki ákvarðað eða sagt fyrir um.

Ég vildi óska að ég hefði alltaf hugsað meira um að þjóna réttlætinu en að framkvæma það og fremur sóst eftir því að vera á valdi sannleikans en að valda honum.











*Til að nýta afsláttinn þarf að bóka flug fram og til baka fyrir kl 23:59 sunnudaginn 16. desember, 2018. Skilmálar gilda: wowair.is/smattletur WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS